

allt

HALLGRÍMUR SKÚLI

Ekur um á forstjórabíl

bílar ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS



JON ANDERSON

Frægðin er sjónhverfing

Segir söngvari Yes

TÓNLIST 34



EINAR BÁRÐARSON

Stoltur umboðsmaður

Gerir Kiri út í Evrópu

FÓLK 54



KASTLJÓSIÐ

Erum fyrst og fremst miðlar

Tilbúnaur í slaginn

FÓLK 32



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. október 2005 – 271. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR



Þá urðu tímamót í skólamálu

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er 30 ára. Ingvar Sværissyni, formanni skólaneftar, fannst frelsið best þegar hann stundaði þar nám.

TÍMAMÓT 20

Alinn upp til afreka

Eyjapeyinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson upplifir æskudrauminn þessa dagana. Hann er maður vikunnar.

SKOÐUN 16


Tap í Póllandi

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu tapaði í gær fyrir Pólvörjum með þremur mörkum gegn tveimur eftir að hafa komist yfir tvisvar í leiknum. Slakur varnarleikur varð liðinu að falli.



ÍÞRÓTTIR 36

VEÐRIÐ Í DAG



NORÐAUSTANÁTT, KALDI EÐA strekkingur vestanlands en hægari austanlands í fyrstu. Lítilsháttar slydda eða él fyrir norðan og rigning með köflum á SA-landi.

VEÐUR 4

Átti 38 þúsund skrár með barnaklámi

Lögreglan í Reykjavík fann gríðarlegt magn af barnaklámi í tölvu Reykvíkings á fertugsaldri. Hann hafði tengt sig við barnaklámsvefi í Finnlandi og vistað tugþúsundir ljósmynda og hreyfimyndir sem taka tólf klukkustundir í sýningu.

LÖGREGLA Þrjátíu og átta þúsund skrár af barnaklámi fundust í tölvubúnaði reykvískis karlmanns á fertugsaldri. Lögreglan í Reykjavík hefur yfirheyrð manninn og játaði hann niðurhal og varðveisluklámefnisins.

Rannsóknina má rekja til þess að finnska lögreglan hafði samband við embætti ríkislögreglustjóra vegna athugunar á barnaklámstengingum frá Finnlandi hingað til lands. Tveir einstaklingar í Reykjavík voru grunaðir um að hafa tengt sig inn á barnaklámvefi, svo og einn á Akureyri.

Lögreglan í Reykjavík hóf þegar rannsókn og hafði uppi á öðrum Reykvíkinganna. Í mars var gerð húsleit hjá honum og lagt hald á tölvur, disklinga og annan búnað. Búnaðurinn hafði að geyma gríðarlegt magn af barnaklámi. Rétt um 38 þúsund tölvuskrár fundust sem innihéldu tugþúsundir myndir og hreyfimyndir sem reyndust tólf klukkustundir að lengd. Ekkert íslenskt efni fannst, hvorki á ljósmyndum né hreyfimyndum.

Maðurinn var yfirheyrður í gær. Þar viðurkenndi hann sinn hlut í málinu. Hann segist einungis hafa sótt sér klámefnið og ekki

ætlað sér að dreifa því. Maðurinn hefur ekki komið við sögu lögreglunnar áður. Mál hans verður sent til Ríkissaksóknara til framtíðsmeðferðar.

Ekki var hægt að finna tengingu hins Reykvíkingsins þar sem netþjónninn sem hýsti hana eyðir efninu sem inn á hann fer eftir ákveðinn tíma.

Tölva mannsins á Akureyri sem hafði tengt sig við finnska klámvefinn var gerð upptæk af lögreglunni þar og send suður til Reykjavíkur til rannsóknar. Akureyrarlögreglan hefur lokið rannsókn síns hluta. jss@frettabladid.is



VIÐ BORGARFJARÐARBRÚ Lögreglan í Borgarnesi hefur fundið mikið af fíkniefnum í bifreiðum að undanförunu.

Þrjú handteknir í Borgarnesi:

Hass í bílnum

LÖGREGLA Þrjú menn voru handteknir í Borgarnesi seinnipartinn í gær eftir að hass hafði fundist í tveimur bifreiðum við eftirlit lögreglunnar þar.

Hátt í tíu grömm fundust í annari bifreiðinni og voru tveir menn handteknir í framhaldi af því. Sá þriðji hafði lítillæði af efninu í sínum farskjóta.

Talið er að í báðum þessu tilfellum hafi efnin verið ætluð til eigin nota.

Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi hefur óvenjumikið af fíkniefnum fundist í bifreiðum ökumanna þar um slóðir að undanförunu. -jse

Kosið um sameiningu:

Árni kys í Hveragerði

KOSNINGAR Tæplega 70 þúsund íbúar í 61 sveitarfélagi munu greiða atkvæði um sextán sameiningartillögur í dag.

Ef allar tillögurnar verða samþykktar, sem telst ólíklegt, fækkar sveitarfélögum úr 92 í 46.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra hvetur fólk til að sýna hug sinn og kjósa. Sjálfur ætlar hann að leiða með góðu fordæmi og kjósa í heimabæ sínum, Hveragerði. Hann segir að hvernig sem kosningar fara muni hann ekki þrýsta á að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga muni hækka. Hann telur að sú þróun sem verið hefur í sameiningu sveitarfélaga muni halda áfram, en sveitarfélögum hefur fækkað um 112 frá 1990.

- ss/ Sjá síðu 24



FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI 30 ÁRA Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Stefán Andrésón, áfangastjóri við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, gera hér gys að sjúklingi á sjúkrahæð sem opnuð var í skólanum í gær. Engin hættu er þó á því að sjúklingurinn taki það óstínt upp enda ekki af holdi og blóði. Haldið var upp á þrjátíu ára afmæli fjölbrautaskólans í gær og afhjúpaði Halldór verk eftir Helga Gíslason við það tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslendingur hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni:

Verðlaunin frábær hvatning

NÓBELSVERÐLAUNIN Magnús Ólafsson, einn framkvæmdastjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunar IAEA, segir mikinn fögnuð hafa ríkt á meðal starfsmannanna í höfuðstöðvunum í Vín í gær eftir að fregnir bárust að stofnunin og Mohammed ElBaradei, framkvæmdastjóri hennar, hefðu hlotið friðarverðlaun Nóbels. Hann telur verðlaunin styrkja IAEA verulega í störfum sínum.

„Við erum í sjöunda himni,“ sagði Magnús Ólafsson í gærdeg. „Við fréttum þetta á sama tíma og allir aðrir. Ég var rétt að koma af fundi með ElBaradei og hann sagði okkur frá að hann hefði beðið við símann ef vera skyldi að hann fengi verðlaunin, þar sem hann var tilnefndur, en aldrei

hringdi síminn. Þá kveikti hann á sjónvarpinu til að sjá hvaða kjáni myndi fá verðlaunin í þetta skipti og það var þá bara hann sjálfur.“

Óhætt er að segja að mikill fögnuður hafi ríkt þegar tíðindin spurðust út. „Já, þá brutust út mikil læti út í húsinu, maður heyrði hróp og óp á öllum göngum,“ segir Magnús en bætir því við að ekki hafi verið gefið frá af þessu til efni.

Magnús, sem hefur starfað hjá stofnuninni í fjögur ár, telur verðlaunin skipta verulegu máli. „Það er nú alltaf gott að fá klapp á bakið.

Hitt er hins vegar mikilvægara að þetta gerir okkur þekktari og virtari og viðurkenningin á því að auðvelda okkur að inna störf okkar af hendi. Þetta er einfaldlega frábær hvatning.“

Búist var við að nóbelsverðlaunaneftindin myndi sæma stofnun eða einstakling verðlaununum sem forgöngu hefði haft um kjarnorkuafvopnun því sextíu ár eru liðin síðan kjarnorkusprengjum var varpað á japönsku borgirnar Hiroshima og Nagasaki. Almennt var gerður góður rómur að ákvörðun nefndarinnar í gær en þó bentu sumir á að stofnunin hefði ekki náð marktækum árangri á árinu heldur þvert á móti, þar sem Íran og Norður-Kórea sitja fast við sinn keip. -shg/ Sjá síðu 4



MAGNÚS ÓLAFSSON

Það dregur til tíðinda!

Áðeins

7

dagar til Dags byggingariðnaðarins í Hafnarfirði laugardaginn 15. október

Tilkynning

Bensínkort og frítrygging

Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L. Ef þú ert í bílahugleiðingum, fáðu þér nýjan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, að verðmæti allt að kr. 140.000.

*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200
Opíð virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16



SPURNING DAGSINS

Benedikt, endið þið ekki slyppir og snauðir?

„Nei, við endum ekki slyppir, en það er einmitt þar sem við komum inn.“

Benedikt Sigurðarson er stjórnarformaður KEA sem kemur að stofnun nýs slippfélags á Akureyri, en Slippstöðin var tekin til gjaldprotaskipta á dögunum.

Stefna Jónínu Benediksdóttur á hendur Fréttablaðinu:

Krefst refsingar og peninga

DÓMSMÁL Jónína Benediksdóttir hefur stefnt Fréttablaðinu. Gerð er krafa um að Kára Jónassyni, ritstjóra blaðsins, verði gerð ítrasta refsing fyrir að hafa birt upplýsingar úr gögnum sem gerð voru upptæk.

Stefnan verður lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 11. október næstkomandi.

Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður segir Jónínu ekki hafa refsheimildir. „Það er enginn nema ríkisvaldið sem getur krafist refsingar,“ segir Jón. Hann kveður stóru spurninguna snúast um heimildir fjölmiðla til þess að birta gögn sem þeim hafi borist,



JÓNÍNA BENE-DIKTSDÓTTIR
Krefst fimm milljóna og refsingar.

upplýsingar um hluti sem eigi sér stað í samfélaginu og ná úr fyrir hið persónulega.

Stefnan er í fimm liðum og auk þess að fara fram á refsingu yfir Kára er í henni krafist að lögbann við birtingu gagna stefnanda í Fréttablaðinu verði staðfest.



JÓN MAGNÚSSON LÖGMAÐUR
Segir viðkomandi ekki hafa neinar refsheimildir.

Einnig er farið fram á að ákvörðun sýslumanns um að gera gögn upptæk á ritstjórn Fréttablaðsins verði staðfest.

Jónína krefst fimm milljóna króna í miskabætur ásamt greiðslu málskostnaðar.

- saj

Jarðlestir New York:

Viðbúnaður snarhertur

BANDARÍKIN Öryggisviðbúnaður hefur verið snarhertur við allar neðanjarðarlestarstöðvar í New York eftir að yfirvöldum barst hótun um hryðjuverkaárás á næstu dögum.

Michael Bloomberg, borgarstjóri í New York, segir hótunina þá nákvæmstu sem borgaryfirvöldum hafi borist hingað til og auk þess bendi upplýsingar leyniþjónustunnar til að fótur sé fyrir henni.

Bæði einkennis- og óeinkennisklæddum lögreglumönnum hefur verið stórlega fjölgað á götum og hefur farþegum lestakerfisins verið ráðlagt að ferðast hvorki með bakpoka né skjalatöskur. ■

Líkamsárás í Garðabæ:

Sveðjan fundin

LÖGREGLUMÁL Pilturinn sem grunnaður er um tilraun til manndraps með því að leggja til jafnaldras síns með sveðju í Garðabæ um síðustu helgi hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 2. desember að sögn Kristjáns O. Guðnasonar, aðstoðaryfirlög- regluþjóns í Hafnarfirði.

Sveðjan sem notuð var við árássina hefur fundist og hefur tæknideild lögreglunnar í Reykjavík tekið hana til rannsóknar. Fórnarlamb árássarmannsins slasaðist illa á höfði og höndum. - jse

RÚMENÍA

UGLAR SÝKTIR AF FLENSU

Landbúnaðarráðherra Rúmeníu tilkynnti í gær að fundist hefði fuglaflensa í alifuglum þar í landi.

DÓMSMÁL

FLÝTÍMEÐFERÐ STAÐFEST

Hæstiréttur féllst á flýtimeðferð máls nígerísku manns sem hér sótti um hæli sem pólitískur flóttamaður. Hann vill fá hnekk úrskurði þar sem honum var vísað úr landi, sýnað um hæli og meinuð endurkoma í þrjú ár.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediksdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.



SKÚLASON EHF. VIÐ LAUGAVEG Fyrirtækið komst undir smásjá breskrar efnahagsbrotalögreglu í fyrradag.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Íslendingur í Newmarket yfirheyrður

Njáll Harðarson segir fyrirtæki sitt vera í rannsókn vegna samskipta við fyrirtæki í eigu Íslendinga í Newmarket. Njáll segist hafa hætt samskiptum við fyrirtækið þegar hann áttaði sig á því að það beitti ólöglegum viðskiptaháttum.

FJÁRSVIK Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er aðeins eitt fyrirtæki í eigu Íslendinga sem starfar í Newmarket á Englandi. Fyrirtækið heitir Avalon Finance og er í eigu Baldurs Sigurðssonar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekkert samband náðst við Avalon Finance.

Njáll Harðarson, eigandi COL Systems í Cheshire, sagði í viðtali við Ríkisútvarpið í gær að rannsókn breskrar efnahagsbrotalögreglu hefði beinst að fyrirtæki sínu vegna þess að fyrirtæki í eigu Íslendinga í Newmarket á Englandi hefði haft samband við sig til þess að kynna mögulega

fjárfesta. Fjárfestarnir tilvonandi hefðu hins vegar fengið símtöl frá Spáni og þeim verið sagðar „tröllasögur“ um væntanlegar fjárfestingar. Njáll segir fyrirtækið nú vera undir rannsókn ásamt öllum sem það hafi hugsanlega staðið í viðskiptum við, með tilheyrandi óþægindum fyrir sig. Njáll sagði enn fremur að hann hefði ákveðið að hætta öllum samskiptum við fyrirtækið í Newmarket þegar honum varð ljóst hvernig í pottinn var búið.

Jóhannes B. Skúlason, framkvæmdastjóri Skúlason ehf., staðfesti í fyrradag að hann hefði átt viðræður við Baldur Sigurðsson

hjá Avalon Finance, án þess að af formlegum viðskiptum hafi orðið.

Skúlason UK Limited, sem er meirihlutaeigandi í Skúlason ehf., er einnig undir rannsókn í sama máli. Alls eru 178 hlutahafar í Skúlason UK Limited, flestir þeirra breskir. Hagnaðarvon þessara hluthafa er fólgin í fyrirtælinum fyrirtækisins að fara á almennan markað. Þessum hluthöfum var sagt að starfsemi fyrirtækisins væri hugbúnaðargerð.

Fjársvik í málinu eru talin nema allt að þremur milljónum sterlingspunda, jafnvirði rúmlega 324 milljóna íslenskra króna. - saj



PÁLL MAGNÚSSON Fyrstur útvarpsstjóra til að lesa fréttir.

Útvarpsstjóri les fréttir:

Undarleg tilfinning

RÍKISÚTVARPIÐ „Það stóð nú þannig á þessu að ég er ósköp búngóður maður og þegar fréttastjóri lagði hart að mér að gera þetta gat ég ekki skorast undan því,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri en hann las fréttir Sjónvarpsins í gær.

„Svo er það bara ósköp ánægjulegt ef hægt er að nota útvarpsstjórnann nú þegar við erum nýbúin að sjá á eftir einum fréttamanni,“ bætir hann við en viðurkennir að hafa ekki tekið því vel fyrst þegar þessi hugmynd var nefnd við hann.

„Það eru nú orðin eitthvað um tuttugu árin síðan ég las hérna fréttir síðast og ég átti ekki von á því að gera það núna í þessari lotu þannig að þetta var svolítið undarleg tilfinning.“

Hann segist ekki vita til þess að útvarpsstjóri hafi áður lesið fréttir Sjónvarpsins. - jse

Starfsmannafélag Akraness:

Enginn frestur

KJARAMÁL Starfsmannafélag Akraness hafnaði í gær óskum um að verkfallsaðgerðum verði frestað um eina viku og því er ljóst að til verkfalls kemur um miðnætti á morgun ef ekki verður samið fyrir þann tíma.

Í yfirlýsingu sem félagsmenn sendu frá sér í gær eftir að fundað hafði verið með trúnaðamönnum segir að verkfallið myndi hafa viðtæk áhrif á starfsemi í bænum en hinsvegar séu þeir vissir um að takast mun að semja áður en til þess þyrfti að koma. - jse

Tilkynningar um vangoldin gjöld nýu daga á leiðinni:

Innheimtubréf berast seint

INNHEIMTA „Ég lenti í því að borga einhverja vexti vegna þess hve langan tíma það tók kerfið að koma hótunarbrefinu til mín,“ segir Gunnlaugur Árnason en hann fékk eins og tugir annarra, flestir Seltirningar, tilkynningu um vangoldin gjöld nýu dögum eftir að þau eru dagsett af Tollstjóranum í Reykjavík.

Er þar bæði um að ræða tilkynningar um vangoldin bifreiðagjöld og gjöld utan staðgreiðslu og veit enginn sem Fréttablaðið leitaði til hvað veldur töfnni.

„Tilkynningar vegna vangoldinna bifreiðagjalda voru allar komnar út frá okkur og tilbúnar í dreifingu þann 27. september,“ segir Guðrún Hólmgeirsdóttir, forstöðumaður innheimtusviðs hjá Tollstjóranum í Reykjavík, og undrast tafinnar.



GUNNLAUGUR ÁRNASON Gunnlaugur er einn af þeim sem fékk tilkynningu um vangoldin gjöld nýu dögum eftir dagsetningu.

„Það hefur enginn kvartað í þjónustuverið okkar,“ segir Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og söluviðs Íslandsþósts. „Rúmlega níutíu prósent af öllum pósti sem

kemur til okkar fara í dreifingu daginn eftir en ef það er einhver einn aðili sem sendir mikinn póst getur það kannski tafist um einn til tvo daga,“ segir hún og bætir við að málið verði kannað. - jse

Nordica hotel
S. 444 50 50
vox@vox.is
www.vox.is

sunnudagar
til sælu

brunch

alla sunnudaga kl. 11.30-14.00
1.990 kr., 1/2 gjald fyrir 6-12 ára
og frítt fyrir 5 ára og yngri

V O X
RESTAURANT/DISTRO

Við flytjum!

Allar vörur í Sigtúni á
rýmingsarsölu

Allt á að
seljast



Allt að

80%
afsl.



Rýmingsarsala

Sigtúni


blómaval
heillandi heimur

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 07.10.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	USD	61,12	61,42
	Sterlingspund	GBP	108,09	108,61
	Evra	EUR	74,26	74,68
	Dönsk króna	DKK	9,951	10,009
	Norsk króna	NOK	9,425	9,481
	Sænsk króna	SEK	7,955	8,001
	Japanskt jen	JPY	0,5388	0,543
SDR		XDR	88,83	89,35

Gengisvísitala krónunnar

103,7792

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tillögur ráðherraskipaðrar nefndar lagðar fram:

Aðgerðir gegn fuglaflensu

HEILBRIGÐISMÁL „Menn verða að vera í viðbragðsstöðu,“ sagði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra eftir að tillögur um varnir gegn fuglaflensu voru ræddar í ríkisstjórn í gær.

Tillögurnar voru unnar af ráðherraskipaðri nefnd. Áætlað er að nefndin verði stækkuð, þannig að fimm ráðuneyti eigi fulltrúa í henni, og að hún haldi áfram vinnu sinni, að sögn ráðherra. Þá er áætlað að skipa sérfræðinganevnd, sem fari yfir hagvarnaraðgerðir. Þær felast í því að hafa yfirlit yfir birgðir í landinu ef til neyðarástands kæmi og samgöngur færu úr skorðum.

„Við þurfum að aðlaga okkur að



FUGLAFLENSA Milljónum kúklunga og annars fjúrfés hefur verið slátrað í Asíu. Nú er fuglum einnig slátrað í Evrópu.

aðgerðum alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar,“ segir ráðherra. „Jafnframt að taka upp samstarf sóttvarnalæknis og yfirdýralæknis um að rannsaka smit frá villtum fuglum yfir í alifugla. Það verður væntanlega lagt til. Kostnaður við

það nemur 1,8 milljónum, sem ekki er há tala.“

Ráðherra segir mjög áriðandi að farið sé yfir möguleika á að taka upp framleiðslu dreypilyfja í landinu til að tryggja birgðir af þeim. Keyptir hafi verið 89 þúsund skammtar af bóluefni en nauðsynlegt sé að fara yfir hver þörfin sé í því efni. Þá sé í athugun að fara í samnorrænt átak í lyfjaframleiðslu.

Loks sé lagt til að settar verði upp æfingar hjá æðstu stjórn ríkisins á hver viðbúnaður yrði ef til alvarlegra atburða kæmi, þannig að menn viti hver hefur hvaða hlutverk.

- jss

Thule-svæðið:

Plútonmengun í jarðveginum

GRÆNLAND Plútóníum hefur í fyrsta sinn mælst í jarðvegi í nágrenni herstöðvar Bandaríkjamanna í Thule á Grænlandi. Talið er að íbúum svæðisins geti stafað hættu af geisluninni, að því er Jylland-Posten hermir. Áður hefur geislamengun mælst í hafinu úti fyrir stöðinni.

Árið 1968 fór bandarísk sprengjuflugvél skammt úti fyrir strönd svæðisins með fjórar vetnissprengjur innanborðs. Slysíð varð til þess að upp komst að Bandaríkjamenn hefðu geymt kjarnorkusprengjur á flugvellinum, þrátt fyrir að Danmörk væri yfirlýst kjarnorkuvopnalaust land. ■



EIRÍKUR BJÖRN BJÖRGVINSSON Fundað verður um framtíð Eiða hinn 18. október.

Uppbygging Eiða:

Funda með Sigurjóni

EIÐAR „Við settum saman starfshóp til þess að fara ofan í saumana á þessu. Við stefnum svo að því að hitta Sigurjón Sighvatsson og hans menn í Eiðastól og ræða þessi mál þann 18. október næstkomandi,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri í Fljótsdalshéraði.

Í samningum var Eiðastól gert að leggja fram tilskilda upphæð til uppbyggingar á Eiðum, ella væri seljandanum heimilt að rifta kaupum á landi Eiða í Eiðabínghá.

- saj

FJARÐABYGGÐ

ÖLL FÉLAGSHEIMILIN TIL SÖLU Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur ákveðið að selja eða leigja öll þrjú félagsheimilin í bænum. Egilsbúð í Neskaupstað og Félagslundur á Reyðarfirði eru til sölu eða leigu nú þegar sem og sá hluti félagsheimilisins Valhallar á Eskifirði þar sem bæjarskrifstofur Fjarðabyggðar og myndasafn var til húsa. Veitinga- og skemmtiaðstaðan í Valhöll er í útleigu en sá hluti húsnæðisins verður einnig falur til kaups eða leigu þegar samningur við núverandi leigutaka rennur út.

ElBaradei hreppir nóbelinn

Fríðarverðlaun Nóbels 2005 falla í skaut Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni og Mohammed ElBaradei, framkvæmdastjóra hennar. Ákvörðun nóbelsverðlaunanevndarinnar hefur hlotið blendnar viðtökur.

NÓBELSVERÐLAUN Ákvörðunarinnar um hver fengi fríðarverðlaun Nóbels þetta árið hafði verið beðið með talsverðri eftirvæntingu en 199 tilnefningar bárust nefndinni.

Þar sem sextíu ár eru liðin frá kjarnorkuárásunum á japönsku borgirnar Hiroshima og Nagasaki var búist við að verðlaunahafinn kæmi úr hópi þeirra sem vinna að kjarnorkuafvopnun. Það stóð heima, því í gærmorgun var tilkynnt um valið, venju samkvæmt í Ósló, og kom þá í ljós að Egyptinn Mohammed ElBaradei og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefðu hreppst hnossið.

Í umsögn nefndarinnar sagði að ElBaradei væri „óttalaus baráttumaður“ fyrir kjarnorkuafvopnun og starfið sem IAEA hefði unnið á undanförunum árum væri „algerlega ómetanlegt“.

ElBaradei, sem fyrst heyrði af tíðindunum í sjónvarpsfréttum, kvaðst afar upp með sér en jafnframt auðmjúk yfir sámdinni sem honum væri sýnd: „Ég tel að verðlaunin endurspegli að útbreiðsla kjarnorkuvopna sé alvarlegasta hættan sem að mannkyninu stöðjar.“

Viðbrögðin við ákvörðun nóbelsverðlaunanevndarinnar hafa ekki látið á sér standa. Bandaríkjustjórn, sem fyrir nokkrum vikum reyndi að koma í veg fyrir að ElBaradei yrði endurráðinn í starf sitt þar sem hún taldi hann of undanlætssaman við Írani, lýsti yfir ánægju sinni. Condoleezza Rice utanríkisráðherra sagði að stjórnin myndi starfa að heilum hug með IAEA við að koma í veg fyrir útbreiðslu kjarnorkuvopna. Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og fríðarverð-



AUÐMJÚKUR EN ÁNÆGÐUR Mohammed ElBaradei gladdist innilega yfir upphæðinni ásamt samstarfsmönnum sínum hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í gær. MYND/AP

launahafi, sagði að nú yrðu ríkisstjórnir heims að sýna IAEA þá virðing sem stofnunin ætti skilda. „Ég vona að verðlaunin vekji okkur öll,“ sagði hann við blaðamenn.

Stein Tønnesson, framkvæmdastjóri Fríðarrannsóknastofnunarinnar í Ósló, lýsti hins vegar furðu sinni yfir niðurstöðu nefndarinnar þar sem IAEA hefði ekki tekið að leysa deiluna við Írani og Norður-Kóreumenn um kjarnorkuvopn heldur þvert á móti.

„Verðlaunin fóru til einhvers sem hefur ekki náð árangri á árinu.“ Í svipaðan streng tóku Hidankyo, samtök fórnarlamba kjarnorkuárásanna á japönsku borgirnar, og lýstu ákvörðunina mikil vonbrigði. Terumi Tanaka, framkvæmdastjóri þeirra, sagði IAEA stofnun sem ekki hefði stuðlað að friði í heiminum.

Fríðarverðlaun Nóbels verða formlega afhent í Ósló 10. desember næstkomandi.

sveinng@frettabladid.is

KJARNORKUMÁLASTOFNUNIN

■ Varðhundur atómsins

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA) var sett á fót árið 1957 til að tryggja að kjarnorka yrði notuð í þágu friðar. Stofnunin vinnur með aðildarríkjum sínum að öruggri kjarnorkuvinnslu og reynir að koma í veg fyrir að kjarnorkuvopn og þekking til framleiðslu þeirra komist í hendur ótryggra aðila, meðal annars með öflugum eftirliti. Íran, Norður-Kórea og Írak eru ríki sem IAEA hefur haft afskipti af á undanförunum árum. 139 þjóðir eiga aðild að IAEA en höfuðstöðvar hennar eru í Vín. Stofnunin er hluti af Sameinuðu þjóðunum og hún birtir öryggisráðinu og allsherjarþinginu skýrslur sínar með reglulegu millibili. 35 manna framkvæmdastjórn mótar stefnu IAEA í samvinnu við ráðstefnu allra aðildarríkjana. Hjá IAEA vinna 2.200 manns frá ríflega 90 ríkjum.

HANDHAFAR FRÍÐARVERÐLAUNA ÁRIN 1990 TIL 2004

- 2004 - Wangari Maathai, Kenía
- 2003 - Shirin Ebadi, Íran
- 2002 - Jimmy Carter, Bandaríkjunum
- 2001 - Sameinuðu þjóðirnar og Kofi Annan
- 2000 - Kim Dae-jung, Suður-Kórea
- 1999 - Samtökin Læknar án landamæra
- 1998 - David Trimble og John Hume, N-Írlandi
- 1997 - Alþjóðahreyfing gegn notkun jarðsprengja, Jody Williams, Bandaríkjunum.
- 1996 - Carlos Filipe Ximenes Belo og Jose Ramos Horta, A-Tímor
- 1995 - Joseph Rotblat, Bretlandi, og Pugwash-ráðstefnan um vísindi og heimsmál
- 1994 - Yasser Arafat, Palestínu; Yitzhak Rabin og Shimon Peres, Ísrael
- 1993 - Nelson Mandela og F.W. de Clerk, S-Afríku
- 1992 - Rigoberta Menchu, Guatemala
- 1991 - Aung San Suu Kyi, Mjanmar
- 1990 - Mikhail Gorbatsjoff, Rússlandi

Miðasölusími: 551 1200

Miðasala á netinu: www.leikhusid.is

Koddamaðurinn
Sýningum lýkur
í október!



VEÐURSPÁ


um hádegi »



Guðrún Arnardóttir
Náttúrufræðingur

NORDANÁTT Það má búast við norðaustan kalda eða strekkingi vestanlands með morgninum en hægum vindi austanlands í fyrstu en bætur í vind þegar líður á daginn. Dálitil el eða slyðuél norðanlands og lítilsháttar rigning suðaustanlands. Vægt frost inni til landsins og í innsvæitum en hiti 1-6 stig með ströndum.

HORFUR Í HÖFUDBORGinni Norðaustan kaldi, jafnvel strekkingur um tíma en yfirleitt þurr. Léttir til þegar líður á daginn. Hitu 1-4 stig yfir daginn.



Kaupmannahöfn	17°C sk.m.köflum	Paris	22°C sk.m.köflum	Alicante	25°C sk.m.köflum
Oslo	12°C skýjað	Berlín	21°C sk.m.köflum	Milano	19°C léttskýjað
Stokkhólmur	21°C sk.m.köflum	Frankfurt	21°C heiðskirt	New York	22°C rigning
Helsinki	15°C léttskýjað	Madrid	25°C sk.m.köflum	San Francisco	19°C léttskýjað
London	18°C léttskýjað	Barcelona	22°C sk.m.köflum	Orlando/Florida	31°C þrumuveður

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

NOKIA DAGGAR

HJÁ OG VODAFONE 8. - 23. OKTÓBER

NOKIA 1101

6.900 kr.



SKIPT UM ÚTLIT VEKJARI



NOKIA 3220

12.900 kr.

LASER SKEL FYLGIR



TRI BAND



VEKJARI



MYNDAVÉL



DAGBÓK



SKIPT UM ÚTLIT



MYNSKILABÓÐ



NOKIA 5140i

16.900 kr.



SPILAR MYNDSKEIÐ



RAKA- OG HÖGGPÉTTUR



TRI BAND



MYNDAVÉL MED LJÓSI



MYNSKILABÓÐ



FM ÚTVARP



NOKIA 6170

19.900 kr.



MYNDAVÉL



TRI BAND



INFRARED



GPRS



MYNSKILABÓÐ



HÁTALARI

SNÚÐU LUKKUHJÓLI NOKIA UM HELGINA

Viðskiptavinir **Og Vodafone** eiga möguleika á glæsilegum vinningum, þar sem aðalvinningurinn er **Nokia 6101** símtæki.

Lukkuhjólíð verður á eftirtöldum stöðum um helgina:

LAUGARDAGUR
8. OKTÓBER

KRINGLA

SUNNUDAGUR
9. OKTÓBER

SMÁRALIND

BORGARFERÐ TIL EVRÓPU

Þeir sem kaupa **Nokia** símtæki á tímabilinu skrá nafn sitt í pott og eiga möguleika á að vinna ferð fyrir tvo til **Evrópu**.

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.



Heyrumst!



KJÖRKASSINN

Eiga öryrkjar á vinnumarkaði að fá bensinstyrk sem fyrr?

Já	72%
Nei	28%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Hannes Hólmsteinn að greiða Jóni milljónirnar?

Farðu inn á fréttahluta viris.is og segðu þína skoðu

Rannsókn Heimsnáttúrusjóðsins um efnamengun í Evrópu:

Börn „eittraðri“ en foreldrar

HEILSA Evrópsk börn hafa safnað upp meira magni kemískra efna í líkamanum en kynslóð foreldra þeirra. Þetta hefur rannsókn sem gerð var á vegum Heimsnáttúrusjóðsins, WWF, leitt í ljós. Samtökin hvetja stjórnvöld til að herða reglur um efnaiðnað.

Blóðprufur voru teknar úr þremur kynslóðum þrettán fjölskyldna í tólf Evrópulöndum. Í ljós kom að elsta kynslóðin hefur hátt hlutfall 107 vafasamra efnasambanda í líkamanum. Næsthæst hlutfall slíkra efna mældist í yngstu kynslóðinni, sem hefur sem sagt meira af slíkum efnunum í sér en foreldrarinn.

Danska blaðið Politiken hefur eftir Kim Carstensen, framkvæmdastjóra WWF í Danmörku, að það sé „uggvænlegt að yngsta kynslóðin, sem hefur fæst æviárin að baki, hafi fleiri kemísk efni í líkamanum en mæðurnar, sem hafa verið í snertingu við slík efni í miklu lengri tíma“. Efnin finnast meðal annars í snyrtivörum, hreingerningaeftum og rafeindabúnaði.

Að mati Christensens ber stjórnvöldum í Evrópu að setja strangari reglur um þau efni sem efnaiðnaðurinn má nota í vörum sem seldar eru almenningsi.



EFNAIÐNAÐUR Hvatt til strangari reglna um efnaiðnað í Evrópu. MYND/AP

Sameining sveitarfélaga:

Stærðin skiptir konur máli

SVEITARSTJÓRNARMÁL Hluttur kvenna í sveitarstjórn er almennt meiri í stærri sveitarfélögum en þeim smærri. Í sveitarfélögum með fleiri en eitt þúsund íbúa er hlutfall kvenna í sveitarstjórn um 35 prósent en hlutfallið er um 29 prósent í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa.

Þegar kemur að æðstu stjórnendum sveitarfélaganna er hluttur kvenna enn rýrari en í fyrra voru einungis 23 konur í stöðu oddvita hjá sveitarfélögum á móti 80 körlum. Á sama tíma voru starfandi 67 bæjar- eða sveitarstjórnar og þar af voru fjórtán konur.



MICHAEL HOWARD Hvatti til einingar.

Svanasöngur Howard:

Brown er skotmarkið

BRETLAND, AP Michael Howard, fráfarandi leiðtogi breska Íhaldsflokksins, hvatti í lokaræðu sinni á flokksþinginu í Blackpool í fyrradag til einingar flokksmanna nú er þeir leita nýs leiðtoga.

Howard tók í sama streng og flokksbræður hans sem keppast um að taka við af honum og sagði flokkinn verða að beina spjótum sínum að Gordon Brown fjármálaráðherra en búist er við því að hann taki við af Tony Blair sem leiðtogi Verkamannaflokksins fyrir næstu þingkosningar. „Bretland á betra skilið en það sem það hefur í dag og það er ykkar skylda að breyta því,“ sagði Howard. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

TEKINN Á OFSAHRAÐA Á fimmtudagskvöld stöðvaði lögreglan á Akranesi ungan ökumann á 121 kílómetra hraða á klukkustund á götu innanbæjar. Maðurinn var sviptur ökuréttindum í tvo mánuði og þarf að greiða 60.000 krónur í sekt.

Eigendurnir beita sér ekki

Kristinn Björnsson og fjölskylda hans eiga stærri hlut í Morgunblaðinu en Baugur í Fréttablaðinu, 36 prósent á móti 32 prósentum Baugs. Stærstu eigendur þessara miðla segjast ekki beita sér varðandi efnistöð þeirra.

FJÖLMIÐLAR Kristinn Björnsson, stjórnarformaður Straums og fyrrum forstjóri Skeljungs, og nánasti frændgarður hans eiga stærri hlut í Morgunblaðinu en sem nemur hlut Baugs í 365 miðlum, sem meðal annars eiga Fréttablaðið.

365 MIÐLAR	Eignarhlutur
Baugur Group	28,85%
Runnur	15,00%
Landsbanki Íslands	9,28%
Landsbanki Luxembourg	6,77%
Norðurljós hf.	5,62%
Grjóti ehf. (Baugur)	5,38%

MORGUBLAÐIÐ	Eignarhlutur
Útgáfufélagið Valtýr	36,52%
Garðar Gíslason	12,06%
MGM ehf.	12,06%
Leifur Sveinsson	9,13%
Björn Hallgrímsson ehf.	7,62%
Erna ehf.	7,62%
Lynghagi ehf.	7,62%
Árvakur hf.	4,34%
Björn B. Thors	3,00%

Kristinn er eiginmaður Sólveigar Pétursdóttur, forseta Alþingis, en saman eiga þau rúmlega tólf prósent hlut í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Þá eiga þrjú eignarhaldsfélög í eigu nánna skyldmenna Kristins tæplega átta prósent hlut í Árvakri hvert, en þau eru í eigu þriggja barna Hallgríms Benediktssonar. Hallgrímur var föðurafi Kristins Björnssonar og eru eignarhaldsfélögin þrjú því í eigu Kristins og fjölskyldu hans í föðurætt og fjölskyldna tveggja föðursystkina hans.

Baugur Group á stærsta hlutinn í 365 miðlum, sem reka meðal annars Fréttablaðið, DV, Stöð 2 og Bylgjuna, eða tæp 32 prósent.

Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, sakaði nýlega eigendur fjölmiðla á Íslandi um að misnota fjölmiðla sína. „Auðvitað er það svo að allir eigendur hafa áhrif á það sem þeir eiga,“ sagði hann að loknum síðasta ríkisstjórnarfundinum á dögunum. Fréttablaðið hafði samband við Kristin Björnsson og spurði hann hvort hann, sem einn stærsti eigandi Morgunblaðsins, kannaðist við að eigendur beittu sér hvað varðar efnistöð fjölmiðla sinna. „Ég hef aldrei orðið var við það,“ var svarið.



Jóhannes Jónsson, einn stærsti eigandi 365 miðla, segir að Baugi hafi aldrei dottið í hug að reyna að hafa áhrif á umfjöllun fjölmiðla 365.

„Okkur hefur aldrei dottið það í hug. Þessi fjárfesting hefur aldrei verið hugsuð til þess að gæta hagsmuna okkar, nema fjárhagslega. Þetta er spennandi fjárfesting og það hefur sýnt sig að með góðu



KRISTINN BJÖRNSSON



JÓHANNES JÓNSSON

TVEIR EIGENDAÞÓPAR FARA MEÐ TVO ÞRÍÐJU HLUTA EIGNARHALDS Í MORGUNBLAÐINU Kristinn Björnsson og fjölskylda hans eiga um 36 prósent hlut í Morgunblaðinu. Baugur á tæp 32 prósent í 365 sem rekur meðal annars Fréttablaðið, DV og Stöð 2. Kristinn og Jóhannes Jónsson, sem á Fréttablaðinu, segjast ekki hafa orðið varir við að eigendur beiti sér hvað varðar efnistöð fjölmiðla sinna.

starfsfólki er hún að skila sér,“ segir Jóhannes.

sda@frettabladid.is



Gullsmiður óskast

Umsókn sendist á timo@siggaogtimo.is

Sigga & Timo

GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS



ARNGRÍMUR JÓHANSSON Sýknaður í Héraðsdómi í gær.

Norðmaður tapar máli gegn Arngrími Jóhannssyni:

Sýknaður af 94 milljóna kröfu

DÓMSMÁL Fyrrverandi forstjóri Atlanta, Arngrímur Jóhannsson, var sýknaður af 94 milljóna króna kröfu norsks eiganda flugfélags í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Norðmaðurinn Anders K. Saether sagði Arngrím hafa skuldbundið sig til að gerast aðili að fyrirtæki sínu, Scandinavian Historic Flight, og hafalofað fjármunum til fyrirtækisins. Norska fyrirtækið á fimm flugvélar sem hafa sögulegt gildi og eru vélarnar sýndar á

flugsýningum og notaðar við kvikmyndagerð. Saether sagði Arngrím hafa samþykkt að gerast meðeigandi fyrirtækisins og þeir hefðu tekist í hendur upp á það, en Arngrímur sagði það vera af og frá, hann hefði aldrei samþykkt neitt slíkt.

Íslensk lög giltu um samskipti aðila í þessu máli og lá sönnunarbýrðin hjá Norðmanninum. Enginn skriflegur samningur var gerður og tókst Saether ekki að fullvissa dómarrann um aðild Arngríms, sem var því sýknaður. - smk

VÍS sýknaði fyrir héraðsdómi:

Kona vildi fá 29 milljónir

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Vátryggingafélag Íslands af 29 milljóna króna bótakröfu þrítugrar konu í gær.

Konan lenti í bílslysi þegar hún ók inn í hrossahóp sem hafði fælst við flugeldasýningu á þrettándanum árið 2003, og önnur bifreið ók síðan aftan á bifreið hennar. Hún slasaðist töluvert við áreksturinn, og hefur síðan verið úrskurðuð 60 prósentu öryrki en 40 prósent þegar kemur að heimilissörfum.

Dómurinn úrskurðaði að bóta-krafa konunnar væri hæfileg 3.982.430 krónur, en þar sem VÍS hefur þegar greitt konunni 4.381.121 krónu, þá þarf tryggingafélagið ekki að greiða henni neitt. Dómurinn sagði ekki til um hvort konan þarf að endurgreiða VÍS.

- smk



HESTAR Í SKAGAFIRÐI Þrítug kona keyrði á hest og hlaut örorku. Hún fær ekki tryggingabætur frá VÍS.

Frábært verð

Bókin sem hratt Harry Potter úr fyrsta sæti vinsældarlistans á Bretlandseyjum



Dr. Gillian McKeith hefur með kerfi sínu náð ótrúlegum árangri í baráttunni við aukakílóin. Hér svarar hún spurningum um mataraði og hvernig þú átt að takast á við aukakílóin

Fylgdu einföldum ráðum dr. McKeith og sjö daga áætlun hennar og þú munt öðlast nýtt og betra líf. Þú verður gáttuð/gáttaður á því hvað fáeinar breytingar geta skipt miklu máli og hversu auðveldar þær geta verið.



Þessi bók flettir ofan af:

- Hvers vegna karlmenn þurfa alltaf að hafa fjarstýringuna
- Hvers vegna karlmönnum er svona illa við verslunarferðir
- Hvers vegna karlmenn geta aðeins gert einn hlut í einu
- Hvers vegna konur geta aldrei komið sér að efninu
- Hvers vegna konur tala svona mikið
- Hvers vegna konur nöldra

- Nöldur - þegar einhver getur einfaldlega ekki hætt
- Sjö hlutir sem karlmenn gera, sem gera konur brjálaðar
- Ástæður þess að konur gráta - hætturarnar við andlega kúgun
- Háleynilegt stigakerfi kvenna
- Að leysa sjö helstu ráðgátur um karlmenn
- Hin konan - móðir hans
- Dulinn háttur kvenna með orð
- Kynþokkapróf kvenna
- Hvað fékk augu Kalla kanínu til að standa á stilkum?
- Kynþokkapróf karla - líta konur á þig sem fola eða fælu?
- Kynþokki karla - það sem kemur konum til
- Þegar veiðimaðurinn leggur bogann á hilluna
- Ástæður þess að karlar ljúga

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir framkvæmdastjóri KEA?
- 2 Hvaða nafn varð til þess að mannanafnanefnd sagði af sér?
- 3 Hver var fyrirliði íslenska karla-landslíðsins í knattspyrnu í gær?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Stefna Bandaríkjaforseta sögð mótast af guðlegri opinberun:

Guð sagði mér að ráðast inn í Írak

BANDARÍKIN George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, er sagður hafa rökstutt innrásina í Írak og Afganistan með því að hafa fengið guðlega opinberun. Hvíta húsið vísar þessu hins vegar á bug.

Í sjónvarpsþætti um stjórnmálaástandið fyrir botni Miðjarðarhafs sem sýndur verður á BBC eftir helgi heldur Nabil Saath, fyrrverandi utanríkisráðherra palestínsku heima-stjórnarinnar, því fram að Bush hafi sagt þeim Mahmoud Abbas, forseta heimastjórnarinnar, á fundi sumarið 2003 að Guð hafi sagt honum að berjast við


hryðjuverkamenn í Afganistan og binda enda á alræðið í Írak, svo og að útvega Palestínumönnum ríki og Ísraelum öryggi. „Það veit Guð að ég ætla að gera það.“ Talsmenn Hvíta hússins segja hins vegar ekkert hæft í ummælunum og að þau séu algerlega úr lausu lofti gripin.

Hvað sem þessu líður eru hvorki trúarskoðanir Bush ný tíðindi né sú sýn hans að stríðið gegn hryðjuverkum sé baráttu „góðs og ills“. Þetta mátti glögglega heyra í ræðu hans á fimmtudagskvöldið í Washington þar sem hann skýrði frá því að tekist hefði að koma í veg fyrir

tíu hryðjuverkaárásir al-Kaída á Vesturlöndum síðustu misseri. Þar dró hann upp einfalda mynd af íslömskum heittrúarhreyfingum sem afli staðráðnu í að koma á trúarveldi sem „teygði anga sína frá Spáni til Indónesíu“.

- shg

GUÐLEGUR INNBLÁSTUR Nabil Saath segir Bush hafa sagt eftirfarandi: „Guð sagði við mig: „George, farðu og berstu við hryðjuverkamennina í Afganistan.“ Ég gerði það og þá sagði Guð við mig: „George, farðu og bitu enda á alræðið í Írak,“ og ég gerði það.“



Sendur á yfirfulla réttargæsludeild

Karlmaður á sextugsaldri, sem var úrskurðaður ósakhæfur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, verður vistaður á réttargeðdeildinni á Sogni. Geðdeildin er yfirfull og segir heilbrigðisráðherra að til greina komi að stækka deildina.

DÓMSMÁL Karlmaður á sextugsaldri, sem úrskurðaður var ósakhæfur í Héraðsdómi í gær, verður vistaður á yfirfullri réttargeðdeild á Sogni. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem grípa verður til þess úrræðis að vista öryggisgæslusjúkling í herbergi sem ætlað er til heimsóknna, fundahalda og til kennslu. Á deildinni er pláss fyrir sjö, en umræddur maður er áttundi sjúklingurinn.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa í apríl síðastliðnum reynt að bana eiginkonu sinni með því að bregða snæri um háls hennar og herða að svo hún missti meðvitund. Árásin átti sér stað í ruslageymslu í kjallara fjölbýlishúss í austurborginni. Þegar konan komst til meðvitundar fór hún með aðstoð systur sinnar á slysa-deild, en sonur hjónanna flutti manninn á geðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss, þar sem hann var lagður inn alvarlega veikur. Það var ekki fyrr en viku síðar sem geðlæknir taldi hann hæfan til yfirheyrslu. Í dómnum kemur



RÉTTARGÆSLUDEILDIN SOGNI Ósakhæfur réttargæslusjúklingur hefur verið vistaður í herbergi sem annars er notað fyrir heimsóknir og kennslu, því deildin er yfirfull.

fram að maðurinn þjáist af alvarlegu þunglyndi, sem hefur ágerst síðustu ár, með ranghugmyndum og ofheyrnum. Hann var fundinn sekur um tilraun til manndráps, en var úrskurðaður ósakhæfur vegna sjúkdóms síns. Því var hann dæmdur til öryggisgæslu á Sogni, sem er yfirfullt.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra segir að ef það sé raunin að dómum þar sem menn eru úrskurðaðir ósakhæfir fari fjölgandi þurfi að bregðast við því. „Ég

þekki reyndar ekki þetta einstaka tilfelli en í síðasta skipti sem grípa þurfti til viðlíka ráðstafana á Sogni varði það í einhverja daga,“ segir ráðherra. „En ef fjölgar þarf að grípa til aðgerða og jafnframt að athuga hvort þarf að stækka plássid á Sogni, sem liggur beint við ef fjölgar mjög þessum mönnum sem eru úrskurðaðir ósakhæfir. Sé þetta tilfallandi er það eitt-hvað sem menn leysa til skamms tíma.“

smk@frettabladid.is / jss@frettabladid.is

Hundaganga verður í miðbæ Hafnarfjarðar laugar- daginn 8. október nk. Lagt verður af stað um kl. 14.00 frá safnaðarheimilinu í Strandgötu og gengið um miðbæjarsvæðið.

Allir eru hvattir til að mæta með hundana sína og gera sér glaðan dag.

Forsvarsmenn göngunnar munu afhenda bæjaryfirvöldum Hafnarfjarðar áskorun vegna fyrirhugaðra breytinga á hundahaldsreglum. Vöfluvagninn verður á svæðinu.

Og viljum við minna alla á auðvitað að muna eftir kúkapokunum. Hundaeigendur og áhugasólk stöndum saman og sýnum samhug í verki.

Kveðja, starfshópur Hundaræktarfélags Íslands um bættu hundamenningu

Súperstöff sem slær í gegn ...

Skotgrafarvegur
Kari Hotakainen



„Ég er finnskur rithöfundur – sjálfhverfur, alvarlegur, gráðugur, vel á mig kominn, grannholda og þröngsýnn, niðurdrepandi og gaman-samur.“

Kari Hotakainen
(um sjálfan sig)

Frábærlega vel skrifuð og skemmtileg saga sem farið hefur mikla sigurför um flest lönd Evrópu og alls staðar orðið metsölubók. Finnskur humor eins og hann gerist bestur.

„Ég hló svo mikið að ég var nærri dottinn af stólum.“

- Lasse Pöysti

„Frábærlega unnið verk ... Súperstöff.“

- Páll Baldvin Baldvinsson, DV

2. sæti

Skáldverk - kiljur
Penninn Eymundsson
og Bókabúðir MM
28. sept. - 4. okt.

Metsölubók í 4 vikur

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2004



Mál og menning
edda.is



ALLT ÖNYTT Alger eyðilegging blasti við íbúum bæjarins Chimaltenango í Gvatemala þegar þeir sneru aftur til síns heima seinni part vikunnar.

MYND/AP

Ekkert lát á flóðum í Mið-Ameríku:

250 manns taldir af

GVATEMALA, AP Í það minnsta 250 manns hafa farist í flóðunum í Mið-Ameríku undanfarna daga. Þar af fórust fimmtíu manns í aurskriðu í Gvatemala í vikunni.

Óblíð náttúran sýndi enn einu sinni sína verstu hlið á miðvikudaginn þegar heil fjallshlíð fór bókstaflega af stað og færði þorp- ið Solola í Gvatemala á kaf í leðju og grjóti. Þeir íbúar þorpsins sem komust undan sögðu að miklar drunur hefðu kveðið við og jörðin nötrað skömmu áður en ósköp- in dundu yfir. Talið er að fimmtíu manns hafi týnt lífi í þessari mannskæðu aurskriðu, flestir á 100 fermetra stóru svæði.


Erfiðlega hefur gengið að

koma hjálpargögnum á vettvang enda eru vegir víða í sundur og veður ennþá vont.

Mikil úrkoma og hvasvæðri hefur geisad í Mið-Ameríku í vikunni eftir að fellibylurinn Stan gekk á land. Mest hefur manntjón verið í Gvatemala, þar sem 154 eru sagðir hafa týnt lífi. 31.450 manns hafa þurft að flýja heimili sín. Í El Salvador eru 65 látnir af völdum flóðanna og 54.000 manns á ver- gangi og fjórtán eru taldir af í Ník- aragva, Hondúras og Kosta Ríka.

Mexíkanar hafa heldur ekki farið varhluta af hamförunum því þar eru sautján sagðir látnir af völdum flóða og annarrar óáranar.

- shg



KOMIN Í
VERSLANIR!

Tilboðsbók
mánaðarins
30%
afsláttur

Myndin af pabba Saga Thelmu

Gerður Kristný

„Vel skrifuð bók um málefni sem verður að svipta hulunni af, fyrst og fremst barnanna vegna.“
Þórhildur Líndal lögfræðingur og fyrrverandi Umboðsmaður barna.



Myndin af pabba - Saga Thelmu er sönn saga barns sem var rænt sakleysinu á hræðilegri hátt en hægt er að hugsa sér. En hún er jafnframt saga konu sem tókst á við óbærilega reynslu og stóð uppi sem sigurvegari.

edda.is



ALLT Í FLÆKJU Natalia Godunko frá Úkraínu er á meðal keppenda á heimsmeistararamótinu í nútímafimleikum sem fram fer um þessar mundir í Bakú, höfuðborg Aserbaidsjan.

Maður sem reyndi að nauðga konu í kjallaratröppum á sveitaballi:

Fær níu mánuðum styttri dóm

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur mildað um níu mánuði dóm yfir manni sem gerði tilraun til að nauðga stúlku á sveitaballi í Aratungu í byrjun september í fyrra.

Í byrjun árs dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur manninn, sem er 25 ára gamall, í tveggja ára fangelsi og til að geiða stúlkunni 600.000 krónur í bætur. Hæstiréttur telur hins vegar að þegar búið sé að taka tillit til þess að maðurinn hafi ekki náð að „fullfremja brotið“ og að hann hafi að eigin frumkvæði gefið sig fram við lögreglu sé rétt að milda dóminn í 15 mánaða fangelsi. Þá gerði konan kröfu um 400.000 króna hækkun



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS Maður sem gerði tilraun til að nauðga konu fékk dóm sinn mildaðan á fimmtudag.

bóta í Hæstarétti, en henni var hafnað.

Samkvæmt því sem fram kom í dómnum gekk maðurinn fram á konuna þar sem hún var að pissa

úti undir vegg við samkomuhúsið Aratungu, þar sem fram fór rétta-ball. Hann réðist að henni og dró á hárinu niður kjallaratröppur, beygði hana fram og hélt fyrir vit hennar. Stúlkan barðist um með buxurnar á hælunum og reyndi að sleppa. Þá bar að dyravörð og maðurinn flúði af vettvangi.

Dyravörðurinn hafði heyrt neyðaróp stúlkunnar og kannaðist við manninn. Eftir árásina bar stúlkan þess merki að hafa verið dregin á maganum eða hliðinni niður steyptr tröppur. Stúlkan leitaði sálfræðihjálpar eftir atburðinn og er sögð hafa getað unnið vel úr „sálrænum afleiðingum verknaðarins.“ - 6ká

Dyravörður fær bætur:

Æfur sjómaður borgi peninga

DÓMSMÁL Dyravörður á Hótel Íslandi fær greiddar 2,5 milljónir í bætur vegna áverka sem hann hlaut í rýskingum við ölvaðan mann 27. maí árið 1995. Hæstiréttur staðfesti í vikunni dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þessa efnis. Héraðsdómur ógilti þá fyrri ákvörðun bótanefndar.

Maðurinn sótti um bætur sumarið 1997, en varanleg örorka hans vegna átakanna var metin 35 prósent. Maðurinn sem dyravörðurinn lenti í átökum við var þrekvaxinn sjómaður frá Vestmannaeyjum sem trylltist í móttöku hótelsins. Þrjú menn þurftu að lokum til að hemja hann og koma honum út. - 6ká

NOREGUR

Nota höfuðslæðu Stöðugt fleiri norskar stúlkur sem aðhyllast íslam kjósa að ganga með höfuðslæður í skólanum, að því er dagblaðið Dagsavisen hermír. Skólastjórnendur segja að slæðurnar valdi á tíðum spennu á milli nemenda.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

Sjálfstæði Kosovó Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lagði til við Öryggisráðið í gær að hafnar yrðu viðræður um það hvort Kósovó-hérað skuli fá sjálfstæði eða verða hluti af Serbíu. Þannig var það áður en átök brutust út milli Serba og Kósovó-Albana seint á síðustu öld.

LANDIÐ

Öll félagsheimilin til sölu Bæjarsjórn Fjarðabyggðar hefur ákveðið að selja eða leigja öll þrjú félagsheimilin í bænum. Egilsbúð í Neskaupstað og Félagslundur á Reyðarfirði eru til sölu eða leigu nú þegar sem og sá hluti félagsheimilisins Valhallar á Eskifirði þar sem bæjarskrifstofur Fjarðabyggðar og myndasafn var til húsa.

Forsetakosningar í Póllandi:

Forskot Tusks styrkist



PÓLLAND, AP Samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum virðist forskot frjálsbyggjumannsins Donalds Tusk á íhaldsmanninn Lech Kaczynski vera að aukast frekar en hitt á lokaspertinum fyrir forsetakosningar sem fram fara í Póllandi á morgun, sunnudag.

Könnun PBS sem dagblaðið Gazeta Wyborcza birti í gær mældi fylgi við Tusk 40 prósent. Stuðningur við Kaczynski mældist 34 prósent.

Flokkar þeirra, Borgaravettvangur Tusks og Lög og réttlæti Kaczynskis, fengu flest atkvæði í þingkosningum í lok september og eru nú í stjórnarmyndunarviðræðum.

DONALD TUSK Frjálsbyggjamaðurinn Tusk heldur forskotinu á íhaldsmanninn Kaczynski. Kosid er í Póllandi á morgun. AP



JÓN KRISTJÁNSSON HEILBRIGÐISRÁÐHERRA „Niðurfelling á bifreiðagjöldum og fleira hefur ekki gagnast þeim sem ekki eiga bíl eða hafa ekki ráð á því.“

Fundar með Öryrkjum

Heilbrigðisráðherra segir bensínstyrk sem öryrkjar hafa fengið að mörgu leyti gallaðan. Jón fundar með Öryrkjabandalaginu eftir helgi.

HEILBRIGÐISMÁL Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að funda með forystumönnum Öryrkjabandalagsins um afnám bensínstyrks til hreyfihlaðra öryrkja og ellilífeyrisþega eftir helgi.

„Þessar aðgerðir þarfnast laga-breytingar. Ég hef ákveðið að fara rækilega yfir þetta mál með forsvarsmönnum Öryrkjabandalagsins áður en ég legg það framvarp fram,“ sagði Jón í umræðum um fjárlagafrumvarpið á Alþingi í gær.

„Bensínstyrkurinn hefði að óbreyttu orðið um 750 milljónir króna á næsta ári,“ sagði heilbrigðisráðherra. Með afnámi hans ætti tekjuþryggingarauki aftur á móti að hækka um líllega fimmtung eða sem nemur 400 milljónum króna. Jafnframt væri ráðgert að 100 milljónum króna yrði varið til endurhæfingar en 220 milljónum króna til að mæta almennum hækkunum í almannatryggingakerfinu.

„Í hópi hreyfihlaðra fá bensínstyrkinn þeir einir sem eiga bíl en

hinir ekki. Niðurfelling á bifreiðagjöldum og fleira hefur ekki gagnast þeim sem ekki eiga bíl eða hafa ekki ráð á því. Þetta eru oft þeir sem sjá nú fram á fimmtungu hækkun tekjuþryggingaraukans,“ segir Jón. Hann segir bensínstyrkinn að ýmsu leyti gallaðan og ekkert óeðlilegt við að endurskoða hann.

Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, fagnaði því að ráðherrann hefði ákveðið að ræða við forystu Öryrkjabandalagsins, en sagði að betra hefði verið að gera það áður. „Ég vil kalla þennan tillög- uflutning mistök. Eg minni hæstvartan ráðherra á að meginreglur Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra kveða á um þá skyldu stjórnvalda að hafa samráð við samtök fatlaðra áður en gripið er til aðgerða gegn þeim,“ sagði Helgi.

6800 manns fá nú bensínstyrk þar af 2650 öryrkjar og rúmlega 4.000 ellilífeyrisþegar. Tæplega 4.600 manns missa bensínstyrkinn.

johannh@frettabladid.is

Borgarstjóri semur við Klasa um kaup á Strætóreit:

Strætó flytur úr Borgartúninu

REYKJAVÍKURBORG Samþykkt var á síðasta fundi borgarráðs að Steinunn Valdís Óskarsdóttir gengi til vandræðna við fasteignafélagið Klasa, sem er í eigu Íslandsbanka og Sjóvár, um kaup á Borgartúni 41, sem er Strætóreiturnin.

Í bréfi Klasa til borgarstjóra kemur fram að gert er ráð fyrir að uppbyggingu ljúki á þremur árum og þarna verði blönduð byggð skrifstofubýgginga og íbúða. Ragnar Atli Guðmundsson, framkvæmdastjóri Klasa, segir að verið sé að líta til þess að á þessu svæði sé hægt að stækka höfuðstöðvar Íslandsbanka. Ragnar segist reikna með að kaupverðið miði við markaðsverð og stuðst verði við verð á góðum lóðum.



ÍSLANDSBANKI Klasi hefur óskað eftir kaupum á Borgartúni 41.

Í samningaviðræðunum verður rætt um flutning Strætó, en Klasi boðaði í bréfi sínu að þeim flutningi yrði lokið fyrir vorið 2006. Ragnar segir Klasa hafa bent á nokkra kosti fyrir nýja staðsetningu Strætó. Fýsilegasti kosturinn sé líklega við Vogana, þar sem gamla áhaldahús Reykjavíkurborgar var. - 55

NISSAN
X-TRAIL

NISSAN

SKIPT um væntingar

EKKI FESTAST Í FRAMTÍÐINNI!

X-Trail Sport
Verð 2.690.000.-


Sjálfskiptur, álfelgur, spoiler, nagladekk og 3 drifstillingar.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opil: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Taktu þátt – þitt er valið



Í dag, laugardaginn 8. október, verður kosið um sameiningu eftirtalinna sveitarfélaga:

Snæfellsnes

Grundarfjarðarbær
Helgafellssveit
Stykkishólmsbær
Eyja- og Miklaholtshreppur
Snæfellsbær

Dalásýsla og

Austur-Barðastrandarsýsla

Saurbæjarhreppur
Dalabyggð
Reykhólahreppur

Vestur-Barðastrandarsýsla

Tálknafjarðarhreppur
Vesturbyggð

Strandasýsla

Árneshreppur
Kaldrananeshreppur
Broddaneshreppur
Hólmavíkurhreppur

Strandasýsla og

Vestur-Húnavatnssýsla

Bæjarhreppur
Húnaþing vestra

Austur-Húnavatnssýsla

Áshreppur
Blönduósbær
Höfðahreppur
Skagabyggð

Skagafjörður

Akrahreppur
Sveitarfélagið Skagafjörður

Eyjafjörður, Ólafsfjörður og Siglufjörður

Siglufjarðarkaupstaður
Akureyrarkaupstaður
Ólafsfjarðarbær
Dalvíkurbyggð
Arnarneshreppur
Eyjafjarðarsveit
Hörgárbyggð
Svalbarðsstrandarhreppur
Grýtubakkahreppur

Suður-Pingeyjarsýsla

Aðaldælahreppur
Tjörneshreppur
Kelduneshreppur
Skútustaðahreppur
Húsavíkurbær
Öxarfjarðarhreppur
Raufarhafnarhreppur

Norður-Pingeyjarsýsla

Svalbarðshreppur
Þórshafnarhreppur

Norður-Múlasýsla

Skeggjastaðahreppur
Vopnafjarðarhreppur

Austfirðir

Fjarðabyggð
Mjóafjarðarhreppur
Fáskrúðsfjarðarhreppur
Austurbyggð

Árnessýsla – Ölfus og Flói

Sveitarfélagið Árborg
Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Ölfus
Gaulverjabæjarhreppur
Hraungerðishreppur
Villingaholtshreppur

Árnessýsla – uppsveitir

Bláskógabyggð
Hrunamannahreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur
Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Suðurnes

Reykjanesbær
Sandgerðisbær
Garður

Reykjanes

Hafnarfjarðarkaupstaður
Vatnsleysustrandarhreppur

Hvar átt þú að kjósa?

Kosið verður á eftirtöldum stöðum:

Snæfellsnes

Samkomuhúsið Grundarfirði
Félagsheimilið Skjöldur, Helgafellssveit
Grunnskólinn Stykkishólmi
Félagsheimilið Breiðablik
Grunnskólinn Ólafsvík
Grunnskólinn Lýsuhóli
Grunnskólinn Hellissandi

Dalásýsla og

Austur-Barðastrandarsýsla

Tjarnarlundur
Stjórnsýsluhúsið Búðardal
Félagsheimilið Staðarfelli
Hótel Bjarkalundur

Vestur-Barðastrandarsýsla

Grunnskóli Tálknafjarðar
Grunnskóli Vesturbyggðar, Patreksfirði
Félagsheimilið Baldurshagi, Bíldudal
Birkimelsskóli, Barðaströnd

Strandasýsla

Félagsheimilið Árneshreppi
Grunnskólinn á Drangnesi
Grunnskólinn Broddanesi
Grunnskólinn á Hólmavík

Strandasýsla og

Vestur-Húnavatnssýsla

Grunnskólinn á Borðeyri
Félagsheimilið Hvammstanga

Austur-Húnavatnssýsla

Fellsbúð, Áshreppi
Grunnskólinn Blönduósi
Fellsborg, Höfðahreppi
Skagabúð, Skagabyggð

Skagafjörður

Félagsheimilið Héðinsminni, Akrahreppi
Bóknámshús FNV, Sauðárkróki
Félagsheimilið Árgarður, Lýtingsstaðahreppi
Grunnskólinn að Hólum í Hjaltadal
Grunnskólinn á Hofsósi
Grunnskólinn á Sólgorðum, Fljótahreppi
Félagsheimilið Miðgarður, Staðar- og Seyluhreppi
Félagsheimilið Skagasel, Skefilsstaðahreppi

Eyjafjörður, Ólafsfjörður og Siglufjörður

Grunnskólinn við Hlíðarveg
Oddeyrarskóli, Akureyri
Grunnskólinn í Hrisey
Gagnfræðaskólinn Ólafsfirði
Dalvíkurskóli
Kaffi Lísu, Hjalteyri
Hrafnagilsskóli, Eyjafjarðarsveit
Hlíðarbær, Hörgárbyggð
Valsárskóli, Svalbarðsstrandarhreppi
Grenivíkurskóli

Suður- og Norður-Pingeyjarsýsla

Félagsheimilið Ýdalir, Aðaldal
Félagsheimilið Sólvangur, Tjörnesi
Félagsheimilið Skúlagarður, Kelduhverfi
Félagsheimilið Skjólbrekka, Mývatnssveit
Borgarholtskóli, Húsavík
Íþróttahúsið á Kópaskeri
Félagsheimilið Hnitbjargir, Raufarhöfn

Norður-Pingeyjarsýsla

Svalbarðsskóli
Grunnskólinn á Þórshöfn

Norður-Múlasýsla

Félagsheimilið Mikligarður, Vopnafirði
Grunnskólinn Bakkafirði

Austfirðir

Grunnskólinn Eskifirði
Nesskóli, Neskaupstað
Bæjarskrifstofurnar í Molanum á Reyðarfirði
Grunnskóli Mjóafjarðar
Tunguholt, Fáskrúðsfjarðarhreppi
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar
Grunnskóli Stöðvarfjarðar

Árnessýsla – Ölfus og Flói

Vallaskóli, Selfossi
Grunnskólinn á Stokkseyri
Félagsheimilið Staður á Eyrbakka
Grunnskólinn í Hveragerði
Versalir, Ráðhúsi Ölfuss
Félagsheimilið Félagslundur, Gaulverjabæjarhreppi
Félagsheimilið Þingborg, Hraungerðishreppi
Félagsheimilið Þjórsárver, Villingaholtshreppi

Árnessýsla – uppsveitir

Félagsheimilið Aratunga í Reykholti
Skrifstofa Skipulags- og byggingarfulltrúa á Laugarvatni
Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum
Félagsheimilið Borg í Grímsnesi
Félagsheimilið Brautarholt, Skeiðum

Suðurnes

Heiðaskóli í Keflavík
Njarðvíkurskóli
Grunnskóli Sandgerðis
Gerðaskóli

Reykjanes

Íþróttahúsið Strandgötu
Stóru-Vogaskóli

Upplýsingar um opnunartíma kjörstaða
veitir viðkomandi sveitarstjórn.

Nánari upplýsingar er að finna á vef félagsmálaráðuneytisins, www.felagsmalaraduneyti.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Meiðyrðamálið gegn Hannesi Hólmsteini vekur ýmsar spurningar.

Valdsvið erlendra dómstóla á Íslandi

Margir hljóta að vera hugsu eftir að sýslumaðurinn í Reykjavík gerði fyrir í þessari viku fjárnám hjá Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni prófessor til að knýja hann til að greiða athafnamanninum Jóni Ólafssyni tólf milljóna króna skaðabætur í kjölfar meiðyrðamáls fyrir breskum dómstól. Mál Jóns gegn Hannesi Hólmsteini hefur á sér tvær hliðar. Annars vegar er um venjulegt meiðyrðamál að ræða. Hannes lét fyrir sex árum falla orð um Jón sem hann taldi afar ærumeidandi í sinn garð. Þetta gerði Hannes í opinberum fyrirlestri og birti ummælin síðan á heimasíðu sinni á netinu. Það nægir Hannesi varla til varnar að einhverjir aðrir hafi látið svipuð ummæli falla um Jón eða að þetta sem hann sagði sé altalað. Ætlast verður til þess að alvarlegum aðdróttunum, hvað þá þegar um er að ræða ásökun um brot sem varðar við hegningarlög, finni menn stöð með einhverjum gögnum en þegi ella. Annars á sá sem verður fyrir hinum meiðandi ummælum fullan rétt á að láta dæma þau dauð og ómerk fyrir dómstólum.

Hin hliðin á málinu er sú óvenjulega leið sem Jón Ólafsson fór. Væntanlega hefði hann unnið sigur fyrir íslenskum dómstól, þótt ekki skuli það fullrytt, en miðað við dómvenju hér á landi hefðu skaðabæturnar sem hann hefði fengið verið sáralitlar og óþægindi hins dæmda - refsingin - óveruleg. Jón kaus að höfða málið í Bretlandi, þar sem hann er búsettur, og notfæra sér að bresk lögjögjög og dómaframkvæmd í sambandi við meiðyrði mun vera einhver hin strangasta í Evrópu. Afleiðingin er sú að Hannesi Hólmsteini er gert að greiða Jóni mjög háa upphæð og þar sem hann er venjulegur launamaður er líklegt að fyrir vikið tapi hann drjúgum hluta eigna sinna að óbreyttu.

Bæði Hannes Hólmsteinn og Jón Ólafsson eru umdeildir menn í íslensku þjóðfélagi. Ekki er að efa að ósigur Hannesar Hólmsteins vekur Þórðargleði hjá svörnum fjandmönnum hans og að sama skapi er sennilegt að þeim sem af einhverjum ástæðum er í nöp við Jón svelli móður yfir úrslitunum og vilji finna leiðir til að jafna reikningana. Þeir sem standa utan við þetta at og hafa álit á þeim báðum, Jóni og Hannesi, hljóta hins vegar að mæla með því að þeir friðmælist. Hannes ætti að biðja Jón afsökunar og Jón sýna stórhug og fella málið niður.

Eftir stendur sú íhugunarverða staða, sem fáir höfðu áttað sig á, að erlendir dómstólar virðast hafa íhlutunarrétt um það sem sagt er í opinberum umræðum á Íslandi og leyfi til að sekta menn ef þeir teljast hafa farið yfir strikið. Stór og þung orð á íslenskri bloggísi eða í blaðagrein um breskan stjórnámann virðast til dæmis samkvæmt þessu geta leitt til þess að viðkomandi verði dæmdur til að greiða svo háar skaðabætur að hann tapi öllum eigum sínum. Var stjórnámanninn okkar, sem undirrituðu alþjóðasamninga um þessi efni, þetta ljóst? Af hverju hefur þetta þá ekki verið kynnt betur? Óhjákvæmilegt er að yfirvöld réttarfars í landinu skýri fyrir almenningi hvernig þetta mál horfir við þeim, ekki síst í ljósi þess, sem fram kemur í Morgunblaðinu í gær, að Hannes Hólmsteinn virðist hafa ályktað eftir að hann fékk í hendur álitserð frá dómsmálaráðuneytinu að kröfur Jóns myndu tæpast ná fram að ganga hér á landi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki fallett

Sagt er að kvenþjóðin hafi setið sem límd framan við sjónvarpstækin á fimmtudagskvöld þegar fyrsti þáttur „Íslenska bachelorsins“ var sýndur á Skjá einum, sumar líklega af einlægum áhuga, en kannski fleiri til að geta tekið þátt í umræðunni um málið. Einhverjir karlar horfðu líka, a.m.k. Egill Helgason, kenndur við Silfrið, og hann segir skoðun sína umbúðalaust í pistli á Vísi í gær: „Á næstu sjónvarpsstöð er maður kominn á íslenskt sveitahótel - minnir að vissu leyti á félagsheimili. Umhverfið er ekkert sérstaklega

fallett; fólkið ekki heldur. Ungar konur að drekka bjór og gosbjór af stút í heitum potti. Sjónvarpsstöðin sýnir auglýsingar á fimm mínútna fresti.“

Flatneskja og stagi

Egill heldur áfram: „Svo birtist draumaprinsinn sem þær vilja ná í - hann er smiður. Hefur verið settur í jakkaföt með bindi; bindishnúturinn er of stór, fótin fara honum óþægilega. Þetta er íslenski „bachelorinn“ - af einhverjum ástæðum má ekki nota það ágæta orð piparsveinn. Líkt og í svona þáttum í útlöndum gengur þetta mikið út á flatneskjulegt

og stagið sálfræðiblaður, það er eins og allir hafi fyrir löngu lært fyrirfram til hvers er ætlast af þeim. En þetta er íslenska útgáfan og því eru einstæðar mæður áberandi.“

Kauðskt

Niðurstaða Egils Helgasonar er ekki beint uppörvandi fyrir áframhaldandi áhorf á þáttaröðina: „Allt er þetta sérlega kauðskt og sveitalegt. Eins og fólkið sé á áhrshátíð á Kópaskeri eða Breiðdalsvík - eða bara í Grafarvoginum. Sem er auðvitað bara ágætt. Miklu betra en ef þetta væri voða smart. Smiður og einstæð móðir - það væri ekki amaleg útkoma úr íslenska bachelornum.“

gm@frettabladid.is



Græðgi er vanmetin

Orðið „græðgi“ skýtur við og við upp kollinum í umræðunni, og yfirleitt með neikvæðum formerkjum. Sjaldnast er orðið notað um íþróttamanninn sem stefnir á gullverðlaunin, barnið sem vill sparka fótboltanum sem lengst, rithöfundinn sem langar að eiga söluhæstu bókina eftir næstu jóli, hljómsveitina sem dreymir um að selja marga diska, menntaskólamaður sem langar að fá einkunnir ofan við meðaltalið, unglinginn sem dreymir um að komast í besta menntaskólann, verkamanninn sem langar að skila meiri afköstunum í dag en í gær, eða neitt af þessu tagi. Yfirleitt er orðið „græðgi“ notað með neikvæðum hlóm um viðskiptamanninn sem stefnir á að bæta rekstur fyrirtækis síns, jafnvel þótt vel gangi.

Nú er því ekki að neita að orðið „græðgi“ hefur yfir sér ákveðinn ónotalegan hlóm sem auðvelt er að tengja við eitthvað illt en óskilgreint. Vinstrimenn flagga þessu orði jafnan þegar þeir reyna að rökstyðja næstu skattahækkun eða reglugerð sem miðar að því að styrkja vald ríkis á kostnað markaðar. Án fyrirhafnar er því haldið fram að þeir sem reka fyrirtæki með góðum hagnaði og þiggi fyrir það góð laun séu gráðugir, og að það sé slæmt. Hitt er ósagt látið að ef ekki væri fyrir framagjarna menn í sókn að hámarksgróða fyrir lágmarkstilkostnað er hætt við að líf okkar væri annað og verra en það er í dag.

Gráðugir en uppfinningasamir einstaklingar vinna að því dag og nótt að koma nýjum vörum inn fyrir dyr okkar, og nýjum tegundum þjónustu inn í líf okkar. Þeir þurfa ævinlega að keppa við aðra sem eru í sömu hugleiðingum og nota til þess verkfæri eins og verðlag, þjónustustig, auglýsingar og jafnvel tímabundnar niðurgreiðslur. Þar sem fólk gleypir ekki við hverju sem er þarf oft að beita sannfærandi rökum ef einhver viðskipti eiga að eiga sér stað. Eftir situr neytandinn með eitthvað nýtt, betra eða hvort

Í DAG GRÆÐGI



GEIR ÁGÚSTSSON
VERKFRÆÐINGUR

tveggja en ef ekki mun hann ekki kaupa viðkomandi vöru eða þjónustu aftur.

Drifkrafturinn bak við þetta ferli er ekkert annað en gróðavonin, eða græðgi, og neikvæður hlómur orðsins breytir í engu því að orðið táknar eitthvað jákvætt og drífandi.

Þessu una hins vegar margir ekki. Margir halda því fram, gegn betri vitund, að eins manns gróði hljóti að þýða annars manns tap. Fátt er fjær sannleikanum þegar rætt er um hinn frjálsa markað. Þar þarf samþykki beggja aðila ef samningur eiga að nást. Báðir aðilar telja sig standa betur eftir viðskiptin en fyrir, ella munu þau ekki eiga sér stað. Þegar fjármagn og vinnuafli er í sífellt samkeppni eða ógnin af innkomu nýrra samkeppnisaðila er aldrei fjarri á sér sífellt stað hagræðing, endurskipulagning og bætt nýting takmarkaðra auðlinda. Allt þetta skilar sér á endanum í auknum auði og kakan stækkar. Ástæðan er gróðavonin. Græðgi hins gráðuga er það tæki sem hvetur sóknina í átt að bættum lífsgæðum okkar hinna áfram. Því fleiri sem vilja græða því fleiri munu bæta lífskjör sín. Því fleiri sem hestöfl vélarinnar eru, því hraðar kemst bifreiðin í heild sinni.

Svar vinstrimannsins við þessum hreinu og kláru staðreyndum allrar hagfræði og rökhusunar er hins vegar það að þörfin fyrir allar þessar nýjungar sé ekki til staðar. Getum við ekki lifað án nýrra far síma, skínandi fartölva, fagurbónaðra sportbíla og fjallajappa, fleiri sjónvarpsstöðva, heimsreisa,

leðurjakka og fínasta rauðvinsins? Jú, sjálfsgætt gætum við lifað af án þessa varnings og þótt meira væri upptalið. Að sama skapi finnst einhverjum kannski óþarfi að eyða of miklu púðri í að þróa ný lyf og matvæli, svo ekki sé minnst á gervilimi og sjóntæki, og það í nafni samkeppni og gróðavonar.

Hins vegar er almennt viðurkennt að einstaklingurinn eigi líkama sinn og huga sjálfur, og þar með þær eignir sem hann skapar með notkun þessara náttúrulegu verkfæra sinna í samstarfi við aðra á markaðnum. Glingur fyrir einum er nauðsynjavara fyrir öðrum. Að ætla sér að rökstyðja tangarhald ríkisvaldsins á fólki og fyrirtækjum út frá einhverri miðlægt skilgreindri „þörf“ er ekki bara forræðishyggja, heldur einnig vanvirðing við einstaklinginn og réttmætt frelsi hans til að ráða lífi sínu sjálfur.

Frjáls kapitalísk samfélög eru best í stakk búin til að skapa auð, lengja og bæta líf og útrýma mannlegri eynd sem var daglegur þáttur í lífi forfedra okkar fyrir ekki alls fyrir löngu. Hungursneyðir tilheyra ekki frjálsum markaðssamfélögum, og sjúkdómar sem áður þurfti bara að nefna til að vekja upp ótta tilheyra nú fréttnum frá vanþróðustu og minnst kapitalísku ríkjum heims, þar sem gróðavonin er hvað minnst.

Á meðan samfélagið er þannig innréttað að sem minnst er skipulagt af hinu opinbera, að gróðavonin er sem sterkust, að einkaframtakið er hvað öflugast, að drifkraftur einstaklingsins er sem ótruflaðastur, þá þurfum við engu að kvíða. Gróði eins er ekki tap annars. Græðgin er eimreiðin sem dregur líf okkar inn í bjartari framtíð. Þótt neikvæður hlómur umlyki orðið „græðgi“ sem slíkt þá er merking þess öllu jákvæðari.

Hin svokallaða græðgisvæðing íslensks samfélags er vonandi komin til að vera, og vonandi eykst hún dag frá degi um ókomna framtíð, fyrir sakir okkar allra.

Ný bensínstöð Skeifunni



ATLANTISOLIA
- Ávallt ódyr -

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Troðfullar búðir!



STEIKARPOTTUR

Stór og góður steikarpottur með grind og góðu loki. Þessi er nauðsynlegur á hvert heimili!

1.990,-



PÖNNUSETT

3 viðloðunarfrjár pönnur saman í setti.

3 PÖNNUR

590,-



36 HLUTA MATARSETT

Fallegt matarsett fyrir byjendur á frábæru verði. Þarna eru með allt til alls í einum pakka. Hnífapör, vínglós, vantsglós, kökudiskar, matardiskar, djúpirdiskar og margt fl.

2.990,-

ARINKUBBAR

Fullar búðir af arinkubbum. Komið og verslið arinkubba á frábæru verði!



139,-

GÍTAR

Frábær kassagítar með stálstrengjum. Barnastærð 1.990,-

2.490,-

990,-

GÍTARTASKA

Góð gítartaska með sterkumólum. Fæst í svörtu.



STEIKARPANNA

Virkilega góð og viðloðunarfrjár steikarpanna. Stærð á fleti 24x24 sm.

1.990,-

-góð kaup

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Sadolin

40% EKKSTRA

mat-matt
vægmalning
veggmalning
veggfarg

HVID/VO
7L ± 56m²

3.990
~~6.290~~

Sadolin

Vnr. 89010170
Málning
SADOLIN 10,
innimálning,
7 ltr., ljósir
litir, gljástig 10.



Sadolin

halvblátt - halvblátt
gulvmálning
gulvmálning
Gólfakki

Vnr. 8910025-3325
SADOLIN gólfakki 2,5 ltr.
Frábær gólfmálning fyrir
bílskúrinn.

2,5L ± 15m²

Sadolin

2.990
~~4.490~~

2.570

Vnr. 85541183
Málning
FÖNN innimálning,
gljástig 10, fann-
hvítt, 10 ltr.

10 ltr.

FÖNN
Innimálning
Gljástig 10

Hálfmött, vatnsþynnt innimálning
til notkunar á stein, járn og tré.

Eiginleikar og meðferð:
Efnisnotkun: Um 1 lítri á hverja 10 m².
Notkunarhitastig: 5 til 30 °C.
Tími: Snertipurt eftir 30 til 60 mín. við 7
°C. Eiginleikar nást á um 3 vikum.
Vatn: Vatn.
ÖSÁ.

Notkunartillögur: Flöturinn sem á að mála
Verður

Sadolin

interior

Interiörlakk

- Til fræstloft og paneler
- Lagðvæg
- Hartglórrende

H₂O

Mat 10

Sadolin

Vnr. 89210010-30010
Lakk
SADOLIN vatnslakk,
glært, gljástig 20,
50 og 95, 1 ltr.

1.250
~~1.850~~

3.990
~~5.494~~

FÖNN
Innimálning
Gljástig 10

Hálfmött, vatnsþynnt innimálning
til notkunar á stein, járn og tré.

Eiginleikar og meðferð:
Efnisnotkun: Um 1 lítri á hverja 10 m².
Notkunarhitastig: 5 til 30 °C.
Tími: Snertipurt eftir 30 til 60 mín. við 7
°C. Eiginleikar nást á um 3 vikum.
Vatn: Vatn.
ÖSÁ.

Notkunartillögur: Flöturinn sem á að mála
Verður

Vnr. 84124176
**Málningarrúlla
og bakki**
FIA málningarrúlla
og bakki, 10 cm.

260
~~349~~

málning

KÓPAL
gljástig 20

hirta

Vnr. 86610040-1337
Málning
KÓPAL BIRTA
innimálning,
4 ltr., gljástig
20, margir litir,

**FRÁBERT
VERÐ!**

UMHVERFISVÆN
MÁLNING
0%

Vnr.84175800

Penslasett
Penslasett rautt,
50 mm, 74 mm
og 100 mm.

690
~~920~~



**FRÁBÆRT
VERÐ!**

Vnr.86620040-3737

Málning

Kópal Glitra,
innimálning,
4 ltr., gljástig 10,
allir litir.

3.490
~~4.788~~



BETRI KAUP

í verðunum BYKO!

3.990

~~6.230~~

*gæða-
málning*
10 ltr.

Vnr.85540083/1083

Málning

BYKO

innimálning, gljástig 10,
hvít, 10 ltr.

innimálning
BYKO

**Bestu
BYKO
kaupin**
ÞAD BESTA SEM VIÐ GJÓSUM

Vnr.50170185

Áltrappa

Áltrappa 5 þrep.
Vinnuhæð 3 m.

3.490
~~4.489~~



Vnr.50170182

Trappa


Trappa, tvö
breið þrep.

1.590
~~1.930~~



BYGGIR MEÐ ÞÉR

DV Helgarblað



Gylfi Gröndal með banvænt krabbamein



Hefur þú séð DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

Alinn upp til afreka

GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON
KNATTSPYRNUMAÐUR

Eyjapeyinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson upplifir æskudrauminn þessa dagana. Þegar hann var sex ára að leika sér í garðinum heima í Vestmannaeyjum með boltann sinn, stefndi hann að því að verða atvinnumaður í knattspyrnu. Í dag er hann markakóngur með Halmstad í Svíþjóð og hefur 250 milljón króna verðmiða á bakinu. Fyrir ári síðan vann hann í fiski í Eyjum, í dag er hann undir smásjá enska stórlíðsins Everton.

Gunnar Heiðar er kominn af miklu íþróttafólki. Faðir hans, Þorvaldur Heiðarsson, var stórefnilegur knattspyrnumaður með ÍBV og móðir hans, sem er frá Skagaströnd, var á kafi í fótbolta, handbolta og frjálsum íþróttum. Gunnar Heiðar þótti frekar hlédrægur og móðir hans dró hann á fyrstu fótboltaæfinguna hjá Þór í Eyjum. Honum er lýst sem algjöru fyrirmyndarbarni í alla staði, hann var góður námsmaður og á kafi í íþróttum, hress og skemmtilegur mjög einlægur sem endurspeglast í viðtölum. Auk fótboltans, þar sem hann spilaði yfirleitt með tveimur flokkum, æfði hann handbolta og frjálsar íþróttir. Mamma hans og föðursystir þjálfuðu hann í frjálsu íþróttunum þar sem sprett-hlaupin voru hans sér-grein.

Eftir fermingu ákvað Gunnar Heiðar að snúa sér alfarið að fótboltanum. Hann raðaði inn mörkunum og var valinn í drengjalandsliði Íslands. Þar varð hann í fyrsta sinn fyrir alvöru mótlæti. Magnús Gylfason, sem þá var drengjalandsliðsþjálfari og átti eftir að þjálfa ÍBV síðar meir þegar Gunnar Heiðar varð markakóngur Íslandsmótins, virtist ekki hafa mikla trú á þessum litla og horaða Eyjapeyja og geymdi hann á varamannabeknum.

En mótlætið herti bara Gunnar Heiðar og með stuðningi for-

eldra sinna lagði hann enn harðar að sér við æfingar. Markmiðið stóð óhaggað, atvinnumenska skyldi það vera. Guðni Kjart-

eignaðist hann dreng sem heitir Gauti. Gunnar Heiðar býr ekki með barnsmóðurinni en hann er mikill pabbi og samband þeirra feðga eins og best verður á kosið. Í dag býr Gunnar Heiðar með Bjarnýju Þorvarðardóttur sem einnig er frá Eyjum.

Gunnar Heiðar tók stúdentspróf frá Framhaldsskóla Vestmannaeyja af hagfræðibraut. Að því loknu vann hann hjá saltfiskverkuninni Kinn. Hann þótti harðduglegur og sló ekkert af frekar en við æfingar með ÍBV.

Það fór í taugarnar á okkar manni hversu léleg aðstæða var til æfinga í Eyjum yfir vetrartímann. Þá var Gunnar Heiðar aldrei verðlaunadur af ÍBV, hvorki sem efnilegasti né besti leikmaðurinn, og innst inni var hann ákaflega ósáttur við það. En Gunnar Heiðar hefur alltaf haft óbilandi trú á sér sem knattspyrnumanni og alltaf eflst við mótlæti. Hann lét þetta ekkert á sig fá og æfði sem aldrei fyrr. Til þess að eiga möguleika að komast í atvinnumennsku þurfti Gunnar Heiðar að sanna sig í íslensku úrvalsdeildinni. Hann byrjaði rólega fyrsta sumarið 2001 og skoraði 4 mörk. Næstu þrjú árin fékk hans hins vegar



brons-, silfur- og gullskó og skoraði 37 mörk í 72 leiknum fyrir ÍBV. Hann var kominn á toppinn hér heima.

En það var hægara sagt en gert að komast út í hinn stóra heim. Það var ekki fyrr en lítið sænskt félag, Halmstad, fór á stúfana að draumurinn um atvinnumennskuna rættist. Gunnar Heiðar fór beint úr slorinu í draumastarfið og vann sér um leið fast sæti í íslenska landsliðinu. Segja má að Gunnar Heiðar eigi það sameiginlegt með David Beckham að þeir voru aldrið upp við að ná langt á knattspyrnuvellingum.

En það var hægara sagt en gert að komast út í hinn stóra heim. Það var ekki fyrr en lítið sænskt félag, Halmstad, fór á stúfana að draumurinn um atvinnumennskuna rættist. Gunnar Heiðar fór beint úr slorinu í draumastarfið og vann sér um leið fast sæti í íslenska landsliðinu. Segja má að Gunnar Heiðar eigi það sameiginlegt með David Beckham að þeir voru aldrið upp við að ná langt á knattspyrnuvellingum.

En það var hægara sagt en gert að komast út í hinn stóra heim. Það var ekki fyrr en lítið sænskt félag, Halmstad, fór á stúfana að draumurinn um atvinnumennskuna rættist. Gunnar Heiðar fór beint úr slorinu í draumastarfið og vann sér um leið fast sæti í íslenska landsliðinu. Segja má að Gunnar Heiðar eigi það sameiginlegt með David Beckham að þeir voru aldrið upp við að ná langt á knattspyrnuvellingum.

Launamunur fer stöðugt vaxandi

UMRÆÐAN
LAUNAMUNUR



GUÐMUNDUR ÖRN JÓNSSON
VERKFRÆÐINGUR

Enn hefur Ríkisskattstjóri birt tölur um ráðstöfunartekjur landsmanna. Síðan 1993 hefur ójöfnuður stöðugt aukist og nú er svo komið að sá helmingur hjóna á Íslandi sem hærri launin hefur, hefur 130% hærri laun en lægri helmingurinn. Árið 1993 var munurinn 80%. Launamunur er mældur með svokölluðu Gini hlutfalli, en því hærri sem það er, því meiri er launamunurinn. Nú er svo komið að launamunur á Íslandi er 31 sinnum meiri en á öllum Norðurlöndunum, meiri en í Belgíu, Hollandi, Austurríki, Þýskalandi og Japan.

Boðaðar skattalækkningar ríkisstjórnarinnar munu líklegast enn auka á launamuninn og verður hann ef til vill svipaður og í Bandaríkjunum að þeim loknum en þar er hann 40. Viljum við samfélag eins

og Bandaríkin? Samfélag þar sem sum fylkin eyða meira í rekstur fangelsa en í bæði framhaldsskóla og háskóla, þar sem ungbarnadauði er mestur meðal vestrænna þjóða, þar sem börn frá tekjumeyri heimilum eru sex sinnum líklegri til að ljúka háskólanámi en þau frá þeim tekjulægri, þar sem 40% nýrra húsa í Kaliforníu eru innan múra og þar sem hlutfall fátæktar er mest meðal vestrænna þjóða?

Vilja íslendingar kannski frekar samfélag eins og það norska? Þar eru lífsgæðin best að mati Sameinuðu þjóðanna og þar er fátækt með því minnsta sem gerist í heiminum.

Launamunur er einnig dýr. Hann leiðir til lægri hagvaxtar og eru t.d. vaxtarlönd Suðaustur-Asíu með minni launamun en vestrænar þjóðir. Einnig er launamunur almennt lítill meðal velmegandi þjóða og eru aðeins þrjár þjóðir af þeim þrjátíu sem búa við bestu lífsgæðin í heiminum með svipaðan eða meiri launamun en Bandaríkin. Mestur er launamunurinn í Afríku þar sem lífskjörin eru lægst. Merkilegast er að um þessar spurningar er ekkert rætt hér á landi. Þrátt fyrir að hafa viljandi

valdið byltingu í launamun með breytingu á skattkerfi, gjafkvóta og einkavæðingu til vildarvina, hefur ríkisstjórnin ekki sótt neitt umboð til þess frá þjóðinni. Reyndar hefur byltingunni verið haldið leyndri að mestu leyti og greiningar á launamun hafa ekki verið birtar síðan Þjóðhagsstofnun var lögð niður.

Leiðrétting

Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að tvö mál vegna kostnaðar við fæðingaráhjálp væru fyrir Jafnréttisráði. Hið rétta er að leitað hefur verið til Jafnréttisstofu vegna mála tveggja kvenna sem höfðu keypt sjúkrahúsáttartryggingu sem reyndist síðan ekkert ná yfir kostnað við meðgöngu og fæðingaráhjálp. Í sömu frétt var einnig farið rangt með föðurnafn Silju Báru Ómarsdóttur, sviðsstjóra Jafnréttisstofu á Akureyri, svo og starfsheiti hennar.

Taktu þátt – nýttu kosningarétt þinn í dag!

UMRÆÐAN
SAMEINING
SVEITARFÉLAGA



ÁRNI MAGNÚSSON
FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Í dag munu um 70 þúsund manns í 61 sveitarfélagi fá tækifæri til að greiða atkvæði um sameiningu sveitarfélaga. Mikilvægt er að þeir sem sameiningartillögur varða taki þátt í atkvæðagreiðslunni, það er í senn lýðræðislegur réttur og samfélagsleg skylda. Framfararskipulag sveitarstjórnarstígsins skiptir okkur öll máli.

Með þeirri aðferð sem nú er unnið eftir er íbúum falið að ákveða framfararskipulag þess mikilvæga stjórnsýslustígs sem sveitarfélögin eru.

Ég sem félagsmálaráðgjafi og fyrrverandi sveitarstjórnarmaður tel það skyldu mína að stuðla að því að sveitarstjórnarstigið eflist í framtíðinni.

Ég er sannfærður um að íbúarnir njóti betri þjónustu takist okkur að sameina sveitarfélög hér á landi enn frekar og rannsókn sem unnin var á vegum Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri staðfestir það.

Almenn pólitísk sátt hefur ríkt um að stækka og efla sveitarfélögin. Með því öðlast þau styrk

til þess að veita hvers kyns þjónustu þ. á m. félagslega þjónustu. Ég trúi því ekki að neitt stjórn málafl á Íslandi beiti sér gegn eflingu sveitarstjórnarstígsins og gegn því að íbúar njóti sem jafnastrar þjónustu um land allt. Það er því miður staðreynd að minnstu sveitarfélögin eru ekki í stakk búin að veita lágmarksþjónustu og margir gagnrýna byggðasamlög um verkefni með þeim rökum að innan þeirra sé pólitísk ábyrgð óljós og áhrif íbúanna á eigin þjónustu takmörkuð.

Hér eru of mörg fámenn sveitarfélög og það er ábyrgðarhluti af okkur alþingismönnum að setja lög sem kveða á um tiltekna jafna þjónustu til handa íbúum um land allt en að tryggja ekki að sama skapi að sveitarfélögin hafi álíka bolmagn til þess að veita þjónustuna. Sameiningar sveitarfélaga eru hluti af byggðarþróun hér á landi þar sem við erum sammála um að halda öllum landshlutum í byggð. Við verðum að vera jafn framsýn hér á landi og aðrar þjóðir eru. Við megum ekki leyfa okkur að hvetja íbúa fámennra sveitarfélaga til þess að fella tillögur um sameiningar í dag. Slíkt er ábyrgðarhluti og ég sem ráðgjafi félagsmála og sveitarstjórnarmála vil ekki taka undir slíkan málflutning. Okkur stjórnarmálönnum ber skylda til þess að hvetja fólk til þess líta til framtíðar, bæði á landsvisu og í einstökum byggðarlögum.

Olúfélögin spilltu frjálsri samkeppni

UMRÆÐAN
SAMKEPPNIS-
REKSTUR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Formaður Sjálfstæðisflokksins sagði á síðasta starfsdegi sínum sem utanríkisráðgjafi, að hann horfði á það með hryllingi hvernig Baugur misnotaði fjölmiðla sína. Einnig sagði formaðurinn, að hann hefði haft áhyggjur af Baugi, þar eð honum hafi fundist, að það stefndi í að heilbrigð samkeppni yrði eyðilögð í landinu, þar eð ákveðnir aðilar sölsuðu allt undir sig. Þetta eru gamalkunnar staðhæfingar, sem forusta Sjálfstæðisflokksins viðhafði, þegar deilan um fjölmiðlafrumvarpið stóð sem hæst. En er þetta rétt? Er Baugur að eyðileggja frjálsa samkeppni í landinu? Lítum á það.

Ekki er að sjá, að Baugur misnoti Stöð 2 á nokkurn hátt. Enginn munur er á fréttalutningi Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2. En hvað þá með Fréttablaðið? Er það misnotað í þágu eigenda sinna? Þess verður heldur ekki vart. Eina dæmið sem mætti ef til vill nefna í því sambandi er þegar Fréttablaðið birti einkaviðtöl við Jón Ásgeir Jóhannesson og föður hans Jóhannes um ákærurnar í svonefndu Baugsmáli. En varla telst það alvarleg „misnotkun“. Birting Fréttablaðsins á tölvupósti, sem leiddi í ljós hverjir hrundu af stað lögreglurannsókn hjá Baugi er stórfreitt, sem allir fjölmiðlar hefðu birt (nema ef til vill Mbl.) Þessi tölvupóstur leiddi í ljós, að áhrifamiklir menn í Sjálfstæðisflokknum komu við sögu, þegar ákvörðun var tekin um að kæra eigendur Baugs og hrinda af stað lögreglurannsókn. Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, kallar samráð þessara áhrifamiklu sjálfstæðismanna um aðgerðir gegn Baugi samsæri gegn fyrirtækinu í þeim tilgangi að koma því á kné.

En hvað um þá fullyrðingu, að

frjáls samkeppni sé í hættu vegna stærðar og ofurvalds Baugs og Bónuss í íslensku viðskiptalífi. Þessi fullyrðing er algerlega út í hött og stenst ekki. Samkeppnisfyrirvöld hafa fylgst náið með markaðshlutdeild Bónus í smásöluversluninni. Þegar eigendur Bónus keyptu 10-11 verslanirnar var málið sent Samkeppnisstofnun og hlaut það blessun hennar. Viðurkennt er einnig, að Bónus-verslanirnar hafa verið með lægsta vöruverðið í smásöluversluninni og að tilkoma Bónuss hefur fært öllum almenningi mikla kjarabót í lækkuðu vöruverði. Öll fyrirtæki Baugs á Íslandi eru í mikilli samkeppni við önnur sambærileg fyrirtæki. Þetta á við Bónus, þetta á við Stöð 2, þetta á við Og Vodafone og þetta á við Fréttablaðið og DV. Einu fyrirtækin, sem hafa ógnað og spilt frjálsri samkeppni á Íslandi eru olúfélögin, sem eru uppvís að ólöglegu verðsamráði, sem valdið hefur neytendum ómældum skaða. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lokað augunum fyrir brotum olúfélaganna. Flokkurinn gerir aðeins athugasemdir við þau fyrirtæki sem ekki eru flokknum þóknanleg.

Af því, sem hér hefur verið sagt er ljóst, að hvorki Bónus né Baugur hafa ógnað frjálsri samkeppni í íslensku viðskiptalífi. Í rauninni hafa þessi fyrirtæki aukið samkeppnina. Hins vegar hafa olúfélögin spilt frjálsri samkeppni samkvæmt úrskurði Samkeppnisstofnunar. Tryggingafélögin hafa einnig dregið úr samkeppni með nánú samráði sín á milli. Önnur fyrirtæki, sem hafa haft yfirburðastöðu á íslenskum markaði á undanförunum árum eru Eimskipafélag Íslands, Flugleiðir og Morgunblaðið. Þess hefur ekki orðið vart, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft áhyggjur af markaðsráðandi stöðu þessara fyrirtækja.

Það er hárrétt, sem Ingibjörg Sólrún hefur sagt, að Sjálfstæðisflokkurinn skiptir íslenskum fyrirtækjum í lið eftir því hvort þau eru Sjálfstæðisflokknum þóknanleg eða ekki. Það er mál til komið að slíkri liðskiptingu fyrirtækja linni.



HAGSTÆDAST
í Húsasmiðjunni

Handlaug á vegg
Cresanit Meteor, 50 x 41 sm
8077615

Allt að 60% afsláttur



Sturtuhús
2 stillingar
8023721



Handlaugartæki Verð áður 16.900
Damixa Arc, m/lyftitappa
8000440 **11.900**



Handlaugartæki
Damixa, m/lyftitappa
8000095
Verð áður 11.990
7.990



HAGSTÆDAST
í Húsasmiðjunni

Salernisskál
Starberg, vegghengd
8078400



Eldhúsblöndunartæki
Damixa
8000000
Verð áður 5.829
3.990



Eldhúsvaskur
1 1/2 hólf
8031230

Hreinlætistækja ...dagar



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.462 -0,31% Fjöldi viðskipta: 310
Velta: 1.697 millj.

MESTA HÆKKUN

↑ Mosaic
Nýherji
Actavis

+2,84%
+0,76%
+0,75%

MESTA LÆKKUN

↓ FL Group
Landsbankinn
Kögun

-1,42%
-1,40%
-1,29%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVISITÖLU: Actavis 40,40 +0,75% ... Bakkavör 42,00 -0,47% ... FL Group 13,90 -1,42% ... Flaga 3,00 +0,33% ... HB Grandi 9,25 +0,54% ... Íslandsbanki 14,45 +0,00% ... Jarðboranir 21,00 +0,00% ... KB banki 580,00 +0,00% ... Kögun 53,50 -1,29% ... Landsbankinn 21,20 -1,40% ... Marel 64,00 +0,00% ... SÍF 4,44 -0,67% ... Straumur 12,90 -0,39% ... Össur 85,00 -0,59%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Frumlegur vísir að samstarfi

Margir gera ráð fyrir því að keppinautar 365 miðla muni gera tilraunir á næstunni til þess að sameina krafta sína. Þannig hafa verið í gangi sögusagnir um að Bláðið og Mogginn muni fara í eina sæng með Skjá einum. Viðskiptablaðið hefur verið nefnt sem samstarfsaðili í þessari nýju fjölmiðlasamsteypu ef af yrði. Kenningarnar ganga út á það að Síminn verði þá kjölfestan í nýju fjölmiðlafyrirtæki. Þessar kenningar hafa verið í gangi um nokkurt skeið án þess að hlutaðeigandi hafi viljað gefa nokkuð út á þær. Hins vegar mátti sjá skemmtilegan vísir að samstarfi Bláðsins og Viðskiptablaðsins í gær þar sem síður úr Viðskiptablaðinu voru prentaðar í Bláðinu. Ástæðan mun vera mistök í prentsmiðju, en ekki „Freudian slip“ eins og einhverjir kynnu að halda.

Kátir í Keops

Danir klóruðu sér í hausnum þegar Baugur ruddist inn á markaðinn með kaupum á Magasin du Nord.

Skrifað var um fyrirtækið eins og þar væru á ferðinni ævintýramenn með lítið eigið fé sem tækju lítt ígrundaða séna í viðskiptum. Tvær grímur runnu á Danina þegar uppgjör Baugs sýndi 46 milljarða í eigin fé og tíu milljarða í hagnað á fyrstu sex mánuðum ársins. Skömmu eftir að uppgjörstímabilinu lauk fjárfesti svo Baugur í fasteignafélaginu Keops. Það félag hefur verið í mikilli uppsveiflu á markaðnum og hækkun síðastliðinn mánuð nemur 47 prósentum. Hagnaður Baugs frá fjárfestingunni er vel á annan milljarð sem mun færast sem hagnaður hjá félaginu á síðari árhelmingi. Ætli þá fari ekki að hljóðna raddir um veikburða og skuldbætur félag í danski umræðu.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Hlutafé Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka var lækkað í gær um tæpar 317 milljónir króna að nafnvirði. Er það hlutir Burðaráss í Straumi sem eru felldir niður við sameiningu félaganna.

Tuttugu stærstu hluthafarnir í Straumi-Burðarási eiga samtals 81,8 prósent hlutafjár. Smærri hluthafar fara með 18,2 prósent hlut.

Gangi spá greiningardeildar Landsbankans eftir verður tólf mánaða verðbólga í október 4,7 prósent, en hún var 4,8 prósent í september samkvæmt Hagstofnunni.

Spáð er um þriggja milljarða króna tekjuhalla af afkomu sveitarfélaga árið 2006 segir í hálfimm fréttum KB banka. Á sama tíma gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir því að tekjuafgangur ríkissjóðs verði um ellefu milljarðar.

Yfirgefur Skandia

Stjórnarformaður Skandia, Bernt Magnusson, hefur sagt sig úr stjórn félagsins í kjölfar þess að hann lenti, ásamt tveimur öðrum stjórnarmönnum, í minnihluta innan stjórnar þegar hún gaf út álit sitt á yfirtökutilboði Old Mutual í samsteypuna.

„Ég get ekki verið í forsvari stjórnar þar sem uppi eru svo ólíkar skoðanir eru í jafn mikilvægu máli,“ segir Magnusson í viðtali við Dagens Industri.

Lennart Jeansson tekur við stjórnarformennskunni en hann leggst gegn áformum Old Mutual. Ákvörðun Magnussonar er talin styrkja stöðu andstæðinga tilbodsins.



SVETASKIPTI Bernt Magnusson, til vinstri, segir starfi sínu sem stjórnarformaður Skandia lausu en við honum tekur Lennart Jeansson, til hægri.

Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki er meðal stærstu hluthafa í Skandia og vill ganga að boðinu.

- eþa

Líklegt að íbúðalán hækki

Langtímavextir hækka og það gæti leitt til hærri vaxta á íbúðalánum.

Hækkun verðtryggðra langtímavaxta gæti leitt til þess að íbúðalánasjóður þyrfti að hækka vexti íbúðalána úr 4,15 í 4,40 prósent. Ástæðan er sú að þegar langtímavextir hækka er dýrara fyrir sjóðin að fjármagna útlán sín til íbúðararkaupenda.

Verðtryggðir langtímavextir hafa hækkað undanfarna daga og allt frá því að Seðlabankinn tilkynnti um ríflega vaxtahækkun sína 29. september. Er þeir nú komnir upp í 3,8 prósent en voru áður á bilinu 3,5 til 3,6 prósent. Fjármagni Íbúðalánasjóður lán sín á þessum kjörum og leggi á 0,60 prósent álag þarf hann að hækka vexti fasteignalána í 4,40 prósent. Álagið á að standa undir kostnaði vegna reksturs, varasjóðs og uppgreiðsluáættu.

Jóhann G. Jóhannsson, sérfræðingur hjá Íbúðalánasjóði, segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um að hækka vexti af íbúðalánum. Þessi lýsing ætti væntanlega við ef útbod á íbúðarbréfum færi fram í dag. Hins vegar sé ekki öruggt hvernig þessi mál þróist þegar á hólminn er komið.



DÝRIR FERMETRAR Fermetravæðing á íbúðarhúsnæði hefur hækkað í miðbænum. Líkur benda til þess að íbúðaverð lækki ef íbúðalán hækka að mati greiningardeildar KB banka.

GREIÐSLUBYRÐI ÍBÚÐALÁNA

Mismunur á greiðslubyrði 30 ára íbúðalána miðað við 4,15 og 4,40 prósent vexti. Miðað er við 2,5 prósent verðbólgu.

Lánsfjárhæð	Hækkun á mánuði	Hækkun á ári
1 milljón	219 kr.	2.619 kr.
10 milljónir	2.182 kr.	26.194 kr.
15 milljónir	3.274 kr.	26.194 kr.
20 milljónir	4.366 kr.	52.387 kr.

Ekki er ljóst hvort viðskiptabankarnir þurfi líka að hækka vexti á sínum íbúðalánum. Það fer eftir því hve góðan aðgang bank-

arnir hafa að fjármagni á hagstæðum kjörum. Skiptar skoðanir eru um það. Hins vegar myndi einungis greiðslubyrði nýrra lána hækka en ekki þeirra sem þegar hafa verið tekin. Þó gætu vextir húsnæðislána, sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti, hækkað þegar að endurskoðun kemur.

Ef framhald verður á því að íbúðalánasjóður fjármagni fasteignaveðlán Landsbankans og SPRON má búast við að vextir þeirra lána hækki um leið og íbúðalánasjóðs.

bjorgvin@frettabladid.is

AÐALFUNDUR SÍF HF. 05



Aðalfundur SÍF hf. verður haldinn mánudaginn 10. október, kl. 18.00, á Nordica hotel, sölum H og I.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess sl. starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýringum endurskoðanda lagður fram til samþykktar.
3. Ákveðin þóknun til stjórnar.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning endurskoðanda félagsins.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega kunna að verða lögð fyrir fundinn eða fundurinn samþykki að taka til meðferðar.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á fram á aðalfundinum skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfundinn.

Dagskrá aðalfundarins, ársreikningur félagsins og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfundinn.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir við innanganginn og á skrifstofu félagsins að Fornubúðum 5, Hafnarfirði, fundardaginn.

Hafnarfirði, 23. september 2005

Stjórn SÍF hf.

SÍF hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu fullunninna matvæla fyrir Evrópumarkað. Hjá SÍF starfa tæplega 4.000 manns en félagið starfrækir 12 verksmiðjur í Frakklandi, Englandi, Skotlandi og á Spáni. Framleiðslan er seld undir eigin vörumerkjum, sem eru Labeurie, Blini, Delpierre, Skandia og Lyons Seafoods, og vörumerkjum verslanakefja.



Bláa lónið tvöfaldast

Ný baðaðstaða opnuð og lónið sjálft verður sjö þúsund fermetrar.

„Þetta verður í raun alveg nýtt Blátt lón,“ segir Grímur Sæmundsen, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, en nú stendur til að stækka búnings- og baðaðstöðu við lónið. „Það er brýn nauðsyn að bæta úr aðstöðu svo við getum veitt gestum okkar betri þjónustu og fengið þá til að dvelja lengur.“

Húsnæði heilsulindarinnar mun ríflega tvöfaldast, er nú 2.700 fermetrar en verður 5.700. Einnig mun lónið sjálft stækka um helming og verða sjö þúsund fermetrar en nú er það fimm þúsund fermetrar. Áætlaður kostnaður verksins er 800 milljónir króna.

Grímur segir að rúmbetra hús geri þeim kleift að bjóða upp á ýmsar nýjungar, sem of snemma sé að segja frá nú. Þjónustan verði fjölbreyttari og fólk geti upplifað nýja hluti í kringum lónið. Ráðist sé í þetta verkefni nú



TEIKNING AF NÝJA HÚSINU Til hægri á myndinni má sjá nýju álmuna sem mun rísa við Bláa lónið og hýsa búnings- og baðaðstöðu.

meðal annars til að mæta vaxandi fjölda gesta.

„Það verður byrjað á jarðvegsframkvæmdum um áramótin,“ segir Grímur. „Við stefnum að því að vera búin með stækkunina vorið 2007. Það verður sérstaklega vandað til verksins svo þetta trúfli ekki gesti okkar á meðan.“

Þau verk sem geta truflað gesti mikið verða framkvæmdar á nóttunni.

Breytingar verða gerðar á veitingasal og nýr 250 manna veislusalur tekinn í notkun. Þá verður aukið rými undir verslun og skrifstofu- og starfsmannaaðstöðu.

- bg

BT stækkar í Smáralind

BT-verslunarkæðjan áformar að opna sína stærstu verslun innan tíðar þegar hún færir sig úr núverandi verslun í Smáralind í stærra rými á neðri verslunarmiðstöðvarinnar við hlið Deben-

hams. Heildarstærð nýju verslunarinnar er um 820 fermetrar að flatarmáli.

Bjarni Kristinsson, framkvæmdastjóri BT, segir í tilkynningu frá félaginu að þetta sé

„nauðsynlegt skref sökum gríðarlegrar söluaukningar í BT verslunum og ekki síst í Smáralindinni.“ Með nýrri verslun gefst einnig tækifæri til að auka vörurval.

- eþa

ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

elta

2.990



WM103

Vöflujárn Viðloðunarfritt yfirborð
800Watta Hitastíllir
220 volta Grænt og rautt ljós sýnir hitann

elta

6.990



T200NI

Fjögurra sneiða rist Hitun
1600 Watta Stíllanlegur ristunartími
3 stillingarljós Stærð: 320 x 190 x 280 mm
Stopp hnappur Þyngd: 2,8 kg
Affrýsting Gúmmi undir fótum

elta

3.990



T125

Tveggja sneiða rist Hitun
800 Watta Stíllanlegur ristunartími
Ristin köld viðkomu Stærð: 410 x 185 x 135 mm
Stopp hnappur Þyngd: 900 g

elta

2.990



KSI10

Stafræn eldhúsvigt Falleg glær skál
Auðstillanleg Stærð: 185 x 125 x 185
Skípti milli kg og lb Þyngd: 400 g

elta

6.990



1233

Gamaldags tréútlarp Steríóhljómur
Handsmíðað Fer vel í fallegri stofu
FM útlarp eða vel búna eldhúsi

elta

11.990



2477

Steríógræjur LED skjár
CD, MP3, FM útlarp Kassetuspilari
200 Wött Steríó heyrnartól
Bassabotn Stærð: 200 x 200 x 222
Fjarstýring Þyngd: 4,8 kg

elta

4.990



6680N

Steríógræjur Gæðahátalarar
CD, FM útlarp Litur: Silfur
LCD skjár Stærð: 248 x 120 x 350
Loftnet Þyngd: 1,7 kg

elta

6.990



MX120

Kraftmikil vél Blöð úr stáli
600 wött Litur: Hvítur
2 hraðastillingar Stærð: 390 x 250 x 370 mm
Blandari 2,1 l Þyngd: 3,2 kg
Hrærivél 1,4 l

elta

19.990



HL100

Léttlyndisljós Yfir 10.000 Lux
Ómissandi í Ljósíð sem allir eru
skammdegini að tala um
Vinnur gegn þunglyndi

elta

2.290



3150

Sturtuútlarp Stöðvaminni
Klukkan LCD skjár
Vekjari

elta

5.990



3502

Útlarp með klukku Stafærn klukka með vekjara
Gæði og hönnun Slekkur á sér eftir tíma
AM/FM útlarp Vekjari með tónlist eða tóni
Stafærn LCD skjár Stærð: 266 x 159 x 110 mm
Stíllanlegur bassi sér Þyngd: 1,38 kg

elta

17.990



2760

Koffortsgræjur Stærð: 370 x 160 x 240
AM/FM útlarp Þyngd 2 kg
CD spilari Tilvalið í skíðaferðina
Gæða hátalarar

POPPAÐAR
VÖRUR

elta

Poppar úrvals
popp á 3 mín.
Auðveld í notkun
Fitufrítt popp



4.990

expert



Skútuvoði 2 - sími: 522 9000

Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 | laugardaga kl. 10.00 - 18.00 | sunnudaga kl. 13.00 - 17.00

PETTA GERÐIST > 8. OKTÓBER 1918

York drýgir hetjudað

Á þessum degi árið 1918 drap bandariski hermaðurinn Alvin C. York 25 þýska hermenn og handsamaði 132 til viðbótar í Argonne-skógi í Frakklandi. Þessi dáð bjargaði smárrí herdeild Yorks frá útrýmingu og York hlaut fyrir vikið heiðursorðu.

York fæddist í bjálkakofa í Tennessee árið 1887 og varð fljótt eins og faðir hans afbragðs skytta enda stundaði hann veiðar af miklum móð. Hann þótti óstýrilátur og ólíklegur til afreka en árið 1915 gerðist hann trúður eftir að vinur hans lést í áflogum á bar.

Hinn 8. október 1918 voru York og fimmtán aðrir hermenn undir stjórn liðþjálfans Bernard Early sendir til að ná hernaðarlega mikilvægum stað á sitt vald. Þeir villtust af leið og voru allt í einu staddir á yfirráðasvæði Þjóðverja.

Eftir stuttan skotbardaga gafst ein herdeild

Þjóðverjanna upp þar sem þeir töldu að Bandaríkjamennirnir væru mun fleiri en þeir í raun voru. Þjóðverjar í vélbyssuhreiðri stutt frá sáu þó hversu lítilmegnugir andstæðingarnir voru og skutu helming herdeildar Yorks niður, þar á meðal liðþjálfann.

York snerist þá til varnar og sallaði hverja skyttuna af annarri niður og réðist síðan til atlögu að vélbyssuhreiðrinu.

York og eftirlifandi félagar hans tóku 90 þýska hermenn til fanga og á leiðinni til baka mættu þeir 40 til viðbótar sem ákváðu að gefast upp.



ALVIN C. YORK

MERKISATBURÐIR

- 1720 Sex manns farast þegar skriða fellur úr Vatnsdalsfjalli á bæinn Bjarnastaði í Austur-Húnavatnssýslu.
- 1871 Um 300 farast í miklum brunu í Chicago í Bandaríkjunum.
- 1910 Enskur togari rænnir sýslumanni og hreppstjóra Barðstrendinga og flytur þá til Englands.
- 1967 Che Guevara er tekinn höndum í Bólívíu.
- 1969 Peter Ustinov leikari kemur til Íslands og er við frumsýningu á leikriti sínu, Betur má ef duga skal.
- 1970 Aleksander Solzhenitsyn hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels.
- 2003 Arnold Schwarzenegger er kosinn ríkisstjóri Kaliforníu.

HENRY FIELDING (1707-1754)
lést þennan dag.

„Ástir og hneykslismál eru
bestu sætuefnin í te.“



- Henry Fielding var breskur rithöfundur
og leikritaskáld.

Tímamót

timamot@frettabladid.is

ANDLÁT

Birgir Davíðsson, Skipasundi 61, Reykjavík, lést laugardaginn 1. október.

Friðrik Þórðarson prófessor lést sunnudaginn 2. október.

Sigríður Jóhanna Bjarnadóttir frá Ögurnesi við Ísafjarðardjúp, fyrrum húsfreyja á Hvilft í Öfundarfirði, lést á líknardeild Landspítala Landakoti þriðjudaginn 4. október.

Valgerður Pálmadóttir frá Rauðamýri andaðist á sjúkrahúsi Patreksfjarðar þriðjudaginn 4. október.

Valgerður Sveinsdóttir, Eyrarbakka, lést á sjúkrahúsinu á Selfossi þriðjudaginn 4. október.

Björn Halldórsson, Nesvegi 49, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 5. október.

Guðmundur Sigmundsson, fyrrum sjómaður, Akureyri, lést á dvalarheimilinu Skjaldravík fimmtudaginn 6. október.

JARÐARFARIR

13.30 **Hallfríður Guðrún Sigurðardóttir**, fyrrum húsfreyja á Uppsölum, Svarfaðardal, verður jarðsöngin frá Dalvíkurkirkju.

14.00 **Áskell Einarsson**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga, verður jarðsöngin frá Húsavíkurkirkju.

14.00 **Björg Ágústa Ágústadóttir** verður jarðsöngin frá Landakirkju, Vestmannaeyjum.

14.00 **Gunnþóra Jóhannsdóttir** verður jarðsöngin frá Siglu-fjarðarkirkju.

14.00 **Kristján Mikkaelsson**, Flekkudal, Kjós, verður jarðsöngin frá Reynivallakirkju í Kjós.

14.00 **Þorleifur S. Kristjánsson** frá Norðreyri við Súgandafjörð, áður til heimilis á Traðarstíg 5, Bolungarvík, verður jarðsöngin frá Hólskirkju í Bolungarvík.

AFMÆLI

Helgi Tómasson, ballettdansari og danshöfundur, er 63 ára.

Bryndís Hlökkversdóttir, fyrrverandi þingkona, er 45 ára.

Þórður Hall myndlistarmaður er 56 ára.



Í GAMLA SKÓLANUM Ingvar Sverrisson, formaður skólaneftdar, er einnig gamall nemandi í skólanum. Honum fannst frelsið í skólanum jákvæðast á sínum tíma.

FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI ER 30 ÁRA

Tímamót í íslenskri skólasögu

Það urðu tímamót í íslenskri skólasögu þegar Fjölbrautaskólinn í Breiðholti var skólanum. „Þetta er skóli sem hefur verið í ótrúlega mikilli þróun,“ segir Ingvar, sem útskrifaðist um jólnin 1992. „Fjölbrautaskólinn varð fyrst ákveðnu mótlaeti en hefur náð að berjast út úr þeim öldudal og hefur þróast yfir í að vera öflugasti skólinn hvað þetta varðar með langmestan nemendafjölda,“ segir Ingvar, sem lýsir skólanum sem skóla nýjunga enda var í fyrsta sinn á

Íslandi boðið upp á sumar-skóla í FB árið 1990. „Það er styrkur skólans að vera fjölbreyttur og ekki bundinn í klafa,“ segir Ingvar, sem þótti frelsið jákvæðast við skólann þegar hann stundaði þar nám. „Ég hafði ákveðið frelsi til að stýra því hvernig nám mitt var uppbyggt,“ segir hann og telur að það hafi verið honum mjög mikilvægt þar sem hann gegndi einnig formennsku í nemendafélaginu.

Ingvar telur nokkur verkefni verulega aðkallandi. „Skólinn er löngu sprunginn húsnaðislega séð og það eru fáir skólar sem hafa jafn lítið rými á hvern nemanda,“ telur Ingvar, en í skólanum stunda 1.200 nemendur nám í dagskóla, 800 í kvöldskóla og rúmlega 400 í Sumarskóla FB.

„Það sem er brýnast er að byggja við skólann eins og teikningar gerðu ráð fyrir í upphafi,“ segir Ingvar.

Í tilefni afmælisins var í gær afhjúpað listaverk við anddyri skólans en í dag verður opið hús í skólanum frá 11 til 15. ■

RÁÐSTEFNA Í HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI:

Siðfræði Immanuel Kant


Kennaradeild Háskólans á Akureyri stendur fyrir ráðstefnu um siðfræði Immanuel Kant í dag og á morgun. Heiti ráðstefnunnar er Rætur siðferðisins: Um verklega heimspeki Immanuel Kant.

Fyrirlesarar koma víða að og eru sumir í hópi fremstu sérfræðinga í verkum Kants. Þeirra á meðal er Christine M. Korsgaard, prófessor í heimspeki við Harvard-háskóla. Hún flytur fyrirlestur um sem hún nefnir „Að breyta af ástæðu“ og fjallar um hvers eðlis ástæður til breytni eru. Manfred Kuehn, prófessor í heimspeki við Boston University, flytur fyrirlestur um dyggðakenningu Kants og tengsl hennar við dyggðakenningu Aristótelesar. Peter Nielsen er kennari við háskólann í Frankfurt og flytur fyrirlestur um kenningu Kants um málfrelsi.

Mikael M. Karlsson, forseti félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Akureyri, flytur fyrirlestur um skyldubod Kants, skilyrðislaus og skilorðsbundin. Logi Gunnarsson, lektor við Háskólann í Liverpool, fjallar um svokölluð þykk siðferðishugtök.

Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst, fjallar um þá kenningu Kants að aldrei sé réttlætunlegt að ljúga og tengir hana við skoðanir Kants á ábyrgð. Guðmundur Heiðar Frímansson, forseti kennaradeildar Háskólans á Akureyri, fjallar um vandkvæðin við að þýða Kant á íslensku. Erindi hans er það eina sem er flutt á íslensku.

Ráðstefnan verður haldin í stofu 14 í húsaáskynnum Háskóla Akureyrar í Þingvallastræti og hefst klukkan níu árdagis báða dagana.



IMMANUEL KANT Nokkrir sérfræðingar í verkum Kants flytja fyrirlestur á ráðstefnunni í dag og á morgun.



Eiginmaður minn, faðir og afi,

Jón Samúelsson

Engimýri 8, Akureyri,

sem lést miðvikudaginn 28. september, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 10. október kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimilið Hlíð á Akureyri.

María Brynjólfssdóttir
Brynjólfur Jónsson
Jóhanna Jónsdóttir
Jón Brynjar Kristjánsson
Linda Hafdal

Júlianna Ingimarsdóttir
Axel Ernir Viðarsson



Móðir okkar,

Sigríður Jóhanna Bjarnadóttir

frá Ögurnesi við Ísafjarðardjúp, fyrrum húsfreyja á Hvilft í Öfundarfirði,

lést á Líknardeild Landakotspítala hinn 4. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Einar Þór
Birna, Bergljót
Finnur Magnús
María
Halldóra Valgerður og Sigurlaug Gunnlaugsbörn.

Opnum glæsilegan sýningarsal á nýjum stað

Velkomin í nýja verslun okkar að Smiðjuvegi 76. Þar getur þú valið um alla breiddina - það glæsilegasta jafnt sem hagkvæmasta bæði í verði og útliti fyrir eldhúsið, baðið og þvottahúsið í meiriháttar úrvali. Hannaðu heimilið með Tengí.

Komdu, upplifðu úrvalið, skoðaðu nýjar lausnir og fáðu skemmtilegar hugmyndir.



Opnunartilboð:

Ný lína frá Mora. MoraMarena sturtutæki með ömmustöng, skipti, sturtuhaus og tilheyrandi búnaði.

**25%
afsláttur**
af Mora Marena
sturtublöndunartæki
og sturtubúnaði



Opnunartilboð:


Sturtuklefar og sturtuhorn af ýmsum stærðum og gerðum frá Ifö og Megius á frábærum afslætti.

**25%
afsláttur**
af öllum
sturtuklefum og
sturtuhornum

Opnunartilboð:


Nú er tækifærið að eignast nuddpott frá Sundance Spas á tilboðsverði.

Tilboð
á öllum
heitum pottum



HER & NU / SIA

Opið um helgina:
Laugardag 10 -16
Sunnudag 13 - 16



Ekki missa af
ævintýralegum
tilboðum

Síðasta opnunna

LAGERSA

Fellsmúla 28
(gamla World Class húsinu)

Komdu
og gerðu
frábær
kaup!



199
kr.

399
kr.

599
kr.

799
kr.

999
kr.

rhelgin

OPIÐ
kl. 11-19

ALLA EDDU


ALLT Á AÐ SELJAST!

Sparaðu
þúsundir
króna!

1.
Allir sem versla
á markaðnum
fá vandaða bók í kaupbæti.


3.
Þeir sem kaupa
fyrir meira en
10.000 kr. fá Söguatlas
að verðmæti 14.990 kr.
í kaupbæti.

2.
Öll börn sem koma
á markaðinn fá
gefins Andrésblað
og blöðru!



**EINSTAKT
VERÐ OG
GLÆSILEG
SÉRTILBOÐ!**

BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!




E d d a

Sameinaðir stöndum vér

Það er mikilvægt að fólk mæti á kjörstað í dag og lýsi hug sínum gagnvart tillögum um sameiningu sveitarstjórna, segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra í viðtali við Svanborgu Sigmarsdóttur. Árni ætlar sjálfur að greiða atkvæði með sameiningu í Hveragerði.

Tæplega 70 þúsund íbúar í 61 sveitarfélagi munu í dag greiða atkvæði um sextán sameiningartillögur.

Ef allar tillögurnar verða samþykktar fækkar sveitarfélögum úr 92 í 46.

Árið 1993 var einnig kosið um sameiningu sveitarfélaga um allt land, alls um 32 sameiningartillögur. Vegna þeirra kosninga varð ekki nema ein sameining, en

árið 1994 sameinuðust 36 sveitarfélög í 12. Var það upphaf mikilla sameiningarviðræðna. Frá árinu 1990 hefur sveitarfélögum fækkað um 112, úr 204 í 92.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra segir ráðuneytið hafa verið samstíga sveitarstjórnarmönnum um að stærri og öflugri sveitarfélög geti veitt íbúnum meiri þjónustu. Því hafi verið lagt í þetta verkefni en

undirbúningur að því hófst fyrir nærri tveimur árum. Árni segir það sína sannfæringu að sveitarfélög fái aukinn slagkraft við það að stækka og þau séu bæði betur í stakk búin að veita lögbundna þjónustu og taka við nýjum verkefnum. „Við höfum ákveðna sérstöðu hér á Íslandi að gera þetta með þessum hætti, að sameining sé ákveðin í lýðræðislegum kosningum. Viðast

í löndunum í kringum okkur er íbúalágmarkið ákveðið með lögum. Við höfum ekki viljað fara þá leið hér.“

Í sveitarstjórnarlögum segir að sveitarstjórnir skuli hafa 50 íbúa að lágmarki, sem Árni segist reyndar telja allt of lágt. „Ég hef hins vegar sagt að ég mun ekki beita mér fyrir því í kjölfar þessara kosninga að hækka viðmiðið að sinni.“

Hver sem niðurstaðan verður á morgun, segist Árni sannfærður um að framhaldið verði á þann veg að sveitarfélögum muni fækka og sameiningarferlið haldi áfram. „Hins vegar skiptir miklu máli að fólk mæti á kjörstað og sýni sinn hug, þannig að niðurstaðan verði skýr.“ Sjálfur mun Árni kjósa í Hveragerði, þar sem hann á lögheimili. „Ég kys með sameiningu,“ segir Árni.

A-HÚNAVATNSSÝSLA	ÍBÚAR
Áshreppur	73
Blönduósibær	917
Höfðahreppur	562
Skagabyggð	101

DALASÝSLA OG A-BARÐASTRANDARSÝSLA	ÍBÚAR
Saurbæjarhreppur	80
Dalabyggð	631
Reykholahreppur	260

N-PINGEYJARSÝSLA	ÍBÚAR
Svalbarðshreppur	116
Þórshafnarhreppur	411

S- OG N-PINGEYJARSÝSLA	ÍBÚAR
Aðaldælshreppur	265
Tjörneshreppur	64
Kelduneshreppur	103
Skútustaðahreppur	437
Húsavíkurbær	2.426
Öxarfjarðahreppur	331
Raufarhafnarhreppur	238

SKAGAFJÖRÐUR	ÍBÚAR
Akrahreppur	215
Sveitarfélagið Skagafjörður	4.141


STRANDASÝSLA	ÍBÚAR
Árneshreppur	57
Kaldrananeshreppur	117
Broddaneshreppur	53
Hólmavíkurhreppur	462

STRANDASÝSLA OG V-HÚNAVATNSSÝSLA	ÍBÚAR
Bæjarhreppur	103
Húnaþing vestra	1.175

SUÐURNES	ÍBÚAR
Reykjanesbær	10.954
Sandgerðisbær	1.398
Garður	1.322

UPPSVEITIR ÁRNESSÝSLU	ÍBÚAR
Bláskógabyggð	888
Hrunamannahreppur	754
Grímsnes- og Grafningshreppur	344
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	529

V-BARÐASTRANDARSÝSLA	ÍBÚAR
Tálknafjarðahreppur	326
Vesturbyggð	1.020



Kosið í þriðja sinn

Í dag verður kosið í þriðja sinn um sameiningu Vopnafjarðarhrepps og Skeggjastaðahrepps. Aðalbjörn Björnsson, formaður samráðsnefndar um sameiningu, segir að í bæði skiptin hafi sameining verið samþykkt í Vopnafjarðarhreppi, en fellð í Skeggjastaðahreppi með litlum mun. Kosningarnar verði því væntanlega mjög tvísýnar.

Aðalbjörn segir að báðar sveitarstjórnir hafi haft hug á annars konar sameiningu, Vopnafjörður hafi viljað kosningu um stærri sameiningu austur við Fljótsdalshérað.

Skeggjastaðahreppur hafi viljað sameinast norður, til Þórshafnar. Ef af þessari sameiningu verði muni ný sveitarstjórn taka ákvörðun um hvort frekar verði sameinast austur eða norður. Þetta sé bara fyrsta skrefið í stærri sameiningu.

NORÐAN HELLISHEIÐAR	FJÖLDI ÍBÚA
Skeggjastaðahreppur	137
Kjörstaður: Grunnskólinn Bakkafirði	
Vopnafjarðahreppur	732
Kjörstaður: Félagshéimilið Mikligarður	

Lítill áhugi íbúa

Íbúar fámennasta sveitarfélags landsins, Mjóafjarðarhrepps, eru meðal þeirra sem kjósa um sameiningu sveitarfélaga í dag.

Smári Geirsson, formaður samstarfsnefndar um sameiningu, segir lítinn áhuga meðal íbúa í Fjarðabyggð, Mjóafjarðarhreppi, Fáskrúðsfjarðarhreppi og Austurhreppi um sameiningu.

Hann segir að fólk telji eðlilegt að sameina þessi fjögur sveitarfélög, en gagnrýni helst tímasetningu, sérstaklega í Fjarðabyggð þar sem mikið álag er á bænum

vegna uppbyggingar. Samstarfsnefndin hafi til dæmis valið þá leið að kynna sameiningarkost á þessu svæði með jákvæðum hætti og átt von á hörðum viðbrögðum, en mjög fáir hafi gagnrýnt þá framsetningu.

MÍÐFIRÐIR AUSTURLANDS	ÍBÚAR
Fjarðabyggð	3.175
Mjóafjarðarhreppur	38
Fáskrúðsfjarðarhreppur	51
Austurbyggð	873

Ótti við að stór gleypi lítinn

Það hefur verið talsverður áhugi á sameiningarmálum í Vogum á Vatnsleysuströnd, að sögn Jóns Gunnarssonar, formanns starfsnefndar um sameiningu. Kosið verður um tillögu að sameinast Hafnarfjarðarbæ.

Gerð var skoðanakönnun á Vatnsleysuströnd og íbúar spurðir hvaða sveitarfélagi þeir vildu

helst sameinast. Í framhaldi af niðurstöðunum breytti sameiningarnefnd tillögu sinni, en áður hafði verið lagt til að Vogar sameinuðust sveitarfélögum á Suðurnesjum.

REYKJANES	ÍBÚAR
Hafnarfjörður	21.190
Vatnsleysustrandahreppur	939

Peir sem hafa gagnrýnt sameiningartillöguna segja að lengri boðleiðir verði í kjörna fulltrúa og ótti er fyrir hendi að Hafnarfjörður gleypi Vogana. Kosturinn þykir að samlegðaráhrif komi til með að þýða hagkvæmari rekstur og betri þjónustu. Þá verði sameinað sveitarfélag betur í stakk búin að taka á sveiflum í tekjum.

Óvissa um úrslit í Eyjafirði

Um 23.000 íbúar í níu sveitarfélögum í Eyjafirði munu í dag kjósa um sameiningu sveitarfélaga. Flestir fulltrúar samstarfsnefnda um sameiningu þessara sveitarfélaga búast við almennri þátttöku. Það er einna helst að óttast sé að hún verði dræm á Akureyri.

Einn bjartsýnastir um samþykki eru fulltrúar Siglfirðinga. Ólafur Kárasón og Unnar Þéturs-

son segjast báðir hafa trú á að Siglfirðingar samþykki sameiningu.

Haukur Halldórsson frá Svalbarðsströnd er nokkuð svartsýnni og telur meirihluta sveitunga sinna á móti sameiningu. „Fólk vill sjá aðra hugmynd að sameiningu. Að Dalvík, Ólafsfjörður og Siglfjörður verði sér. Þessir staðir eiga við staðbundin vandamál sem ríkið ætti að leysa.“

EYJAFJÖRÐUR	ÍBÚAR
Siglfjarðarkaupstaður	1.386
Akureyrarkaupstaður	16.450
Ólafsfjarðarbær	980
Dalvíkurbyggð	1.946
Arnarneshreppur	183
Eyjafjarðarsveit	993
Hörgárbyggð	390
Svalbarðsstrandahreppur	365
Grytubakkahreppur	393

2 fyrir 1 til
Prag
frá kr. 19.990

Síðustu sætin

kr. 19.990

Innifalið: Flug og skattar, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, út 17. okt. og heim 20. okt. Netverð á mann.

Gisting frá kr. 3.400
Verð á mann pr. nótt á Hotel ILF með morgunverði.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Prag í október. Prag er borg sem iðar af lífi alla vikuna. Griptu tækifærið og kynntu þessari einstöku borg.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.



DeLonghi

Mjög vonduð hágæða alsjálfvirk espressó kaffivél sem mylur baunir og flóar mjólk.

3.999

á mán. í 12 mán.
fullt verð 47.988.

- Fullkomin 1,8l espressó kaffivél með kaffikvörn
- Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- Tekur líka malað kaffi
- Hægt að stilla hve fin mölunin er
- Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
- Cappuccino System - Blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært cappuccino

DeLonghi er ítalskt merki sem býr að langri hefð í framleiðslu vandaðra kaffivéla. DeLonghi sameinar mikil gæði og sígilda ítalska hönnun.

"Veldu hágæða sjálfvirka espressó kaffivél sem er traust og einföld í notkun - Veldu DeLonghi Magnifica"



9.990

Ideline örbylgjuofn
Vandaður stál örbylgjuofn 17 lítra, 800w. Grill með combi möguleika, digital skjár. Einfaldur en fullkomin.



9.990

fullt verð 12.990.

Exido espressóvél
15bar espressóvél, 1000w 1,5l með 2 stál filterum, úr burstuðu stáli. Frábær kaup.



9.990

fullt verð 12.990.

Philips kaffikanna
Kaffivél sem sýður vatnið.



3.990

Exido brauðrist
Brauðrist úr stáli fyrir 2 brauðsneiðar.



2.990

Exido samlokugrill
Einfalt samlokugrill úr stáli fyrir 2 brauðsneiðar.



4.490

Exido ketill
1,5 lítra stál hraðsuðukanna.



7.990

DeLonghi heilsugrill
Fallegt mínútagrill-Króm. 6 hitastillingar, hæðarstillir og afrennsli fyrir olíu og feiti.



3.990

fullt verð 5.990.

Exido blandari
Vinsæli stálblandarinn með glerkönnu. - mylur ís eins og ekkert sé. 450w með 2 hraðastillingum og púls möguleika.



3.990

Exido eldhúsvog
Góð eldhúsvog úr stáli.

Gildir til 13. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla





ÞRÚGUNUM KASTAÐ Á KERRU

Mikið var um að vera á vín-ökrum í Bierzo í síðustu viku því mikið lá á að koma þrúgunum í hús. Hér er ungur maður að verki en sjá má í húfu Martíns sem stendur upp úr hrúgunni.



JESÚS OG EMILIO

Frændurnir hjálpast hér að við að koma þrúgunum í hakkarann. Þeir muna báðir þá tíð þegar troðið var á þrúgunum berum fótum.

Heimkynni skálda og guðaveiga

Vínbændur á norðanverðum Spáni voru í óða önn að koma þrúgunum sínum í hús í síðustu viku enda styttist óðum í hausrigningar sem gera berin beisk. **Jón Sigurður Eyjólfsson** var í vínherðinu Bierzo en þar var víða hamagangur á ökrum og í vinkjöllum eins og verða vill á þessum árstíma.

„Þetta lítur bara mjög vel út í ár, þetta er dæmigerð uppskera eftir hlýtt og þurr sumari. Berin eru mörg en þau eru minni en oft áður og temmilega sæt,“ segir Martín Broco meðan hann ténir ber í óða önn. Hann á þriggja hektara akur í Paradonesdalnum þar sem hann ræktar þrúgur af gerðunum Mencía og Jerez en þær þykja hentugastar til ræktunar á þessum slóðum. Synir hans, frænkur og frændur láta ekki sitt eftir liggja við tínslna og að auki var Martín með tíu verkamenn frá Suður-Ameríku í vinnu þegar blaðamann bar að.

Gömul kona úr sveitinni kom til að fylgjast með og bað blaðamann að taka ekki mikið mark á vínbóndanum þegar hann lýsti dásæmdum þrúgunnar í ár. „Vínbændur eru eins og pólitíkusar, það er alveg sama hvernig berin eru, alltaf skulu þau gefa af sér besta vínið að þeirra sögn,“ sagði sú gamla.

Fjölskyldufyrirtækið hyggur á útrás
Uppskeran fer í stóra bruggverksmiðju sem fjölskyldan hefur starfrækt í 20 ár og framleiðir um 350 tonn af víni á ári. Um helmingur framleiðslunnar fæst úr þrúgunum af ökrum ættarinnar, en afgangurinn er keyptur af öðrum bændum í héraðinu. Afurðin er seld víða um norðvesturluta Spánnar en Augustín Martínez, sem stýrir verksmiðjunni, segir að hugsanlega hefjist útflutningur á næstu árum. „Vínin héðan frá Bierzo hafa enn ekki öðlast virðingu svo ekki hefur verið mikill áhugi fyrir þeim í útlöndum. En þetta er að breytast og eflaust munum við taka þátt í útrás Bierzo-vínsins,“ segir Augustín.

Vinkjallari undir flestum húsum

Í nærliggjandi þorpum eiga flestar stórfjölskyldur akur og stunda vingerð í kjöllum sínum. Jesús Nuñez hefur veg og vanda af vingerðinni í sinni fjölskyldu en akurinn góði hefur haldist í eigu ættar hans frá ómunatíð, eins og hann segir sjálfur.

„Fólk á eftir að minnst þessa árgangs af Bierzo-víninu sem hins besta í manna minnum, sjáðu bara til,“ segir Jesús sem var nýkominn með fullan berjafarm í kjallarann og farinn að munda bruggtækin. Hann framleiðir árlega um tonn

af hvítvíni og rauðvíni og neytir fjölskyldan, vinir og vandamenn bróðurpartsins en afgangurinn er seldur. Það sem til fellur eftir pressun berjanna er nýtt til framleiðslu á sterku víni.

Alvöru vín

„Þetta vín mitt er miklu betra en það sem þú færð á börnunum og veitingastöðunum,“ segir Jesús. „Þess konar vín er ég nær alveg hættur að drekka. Maður fær hausverk af slíku víni enda eru alls konar duft sett út í það svo það geymist betur og þoli hitabreytingar. Mitt vín er alveg náttúrulegt og ég get drukkið endalaust af því án þess að það íþyngi mér nokkuð. Svo ris ég hress úr rekkju daginn eftir eins og nýsleginn túskildingur; þetta er alvöru vín,“ segir Jesús meðan hann hellir berjunum í hakkarann.

Vinkjallarar þræddir með gítar í hönd


En fleira er gert í vinkjöllumunum en að brugga vín. Rík hefð er fyrir

einum vinkjallara svona endrum og eins.“

Jesús og vinahópur hans kemur reglulega saman í vinkjallara einhvers úr hópnum. Kemur þá hver og einn með eitthvað matarkyns og svo er drukkið og etið fram eftir nóttu. „Í Norður-Evrópu leggja menn mikið upp úr því að eiga flottan bíl eða eitthvað því um líkt til að vera töffarar, hér í Villafranca í Bierzo er það stolt hvers manns að eiga flottan vinkjallara, þá fyrst ertu höfðingi með stíl,“ segir Jesús og hlær.

Þorp vins, skugga og skálda

Þorpið Villafranca í Bierzo hefur af mörgu öðru að státa en vinkjöllumur og vinnmenningu. Hernan hefur skrifað mikið um þorpið og menningu þess. „Þetta þorp er umkringgt fjöllum sem skyggja á svo að hér sjáum við sólina klukkutíma skemur á hverjum degi en aðrir í þessum landshluta. Þetta hefur svo þær afleiðingar að þöpsbúar hér drekka meira og



Mynd eftir Þorvaldi Skúlason

LISTMUNAUPPBOÐ

sunnudag 9. október, kl. 19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal.

Boðin verða upp um 130 verk, þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Galleríi Fold, Rauðarárstíg 14 - 16, í dag kl. 11.00 - 17.00, á morgun kl. 12.00 - 17.00

Uppboðsskráin er einnig á netinu: www.myndlist.is

LISTMUNASALA

fold

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



AUGUSTÍN MARTÍNEZ Það hlakkar í vingerðarmanninum Augustín því orðstír Bierzo-vínanna fer vaxandi.

því að koma þar saman, ræða mál-in og jafnvel taka lagið yfir vín-glassi. Hernan Alonso, skáld frá Villafranca í Bierzo og kennari þar til hann fór á eftirlaun í fyrra, rifjar upp að áður hafi vinkjallararmenningin verið blómlegri en nú. „Í gamla daga þræddum við kjallarana með gítarinn í hönd og sungum á hverjum stað. Núna eru menn bara að sulla í veigunum í

hér eru að meðaltali fleiri skáld en gengur og gerist á gjörvöllum Spáni,“ útskýrir hann. Ekki vill hann þó fara í neina tölfræði í þessum efnum.

Þorpið liggur í leið pílgríma til Santiago de Compostela og mega pílgrímar eiga von á því að vera boðið í vinkjallarann ef svo ber undir þegar þeir eiga leið framhjá.

12 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

333

Nú er potturinn þrefaldur!

Nældu þér í Lottómíða á næsta sölustað eða á lotto.is - þú gætir unnið litlar 12 milljónir króna.

Það getur allt gerst.





ÁHRIFAVALDURINN **ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

Eiginmaðurinn stoð og stytta

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, námssálfræðingur og frambjóðandi til fjórða sætis í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík, segir aðeins einn koma til greina þegar hún er spurð um áhrifavaldinn í lífi sínu. „Ég verð bara að vera væmin því sá fyrsti og sá eini sem mér dettur í hug er maðurinn minn,“ segir Þorbjörg. Eiginmaður Þorbjargar heitir Hallbjörn Karlsson og er verkfræðingur. Þau hafa verið saman í þrettán ár, þar af níu í hjónabandi. „Hann er búinn að fylgja mér nánast öll mín fullorðinsár svo að segja,“ segir Þorbjörg og hlær. Þau kynntust í Bandaríkjunum fyrir tæplega hálfum öldum áratug, en þar bjó Þorbjörg í eitt ár eftir að hún brautskráðist frá Háskóla Íslands, „Hann er aðeins eldri en ég og var úti í meistaranámi í verkfræði þegar leiðir okkar lágu saman og við höfum gengið saman í sömu átt alveg síðan.“



HALLBJÖRN KARLSSON
Þorbjörg kynntist Hallbirni úti í Bandaríkjunum fyrir þrettán árum.

Helstu kosti Hallbjörns segir Þorbjörg vera að hann er ávallt reiðubúinn til að styðja við bakið á henni. „Ég get alltaf reitt mig á hann og hann fullvissar mig alltaf um að ég geti gert allt sem mig langar til að gera,“ segir Þorbjörg og bætir við að Hallbjörn sé hennar helsta stoð og stytta í kosningabaráttunni fyrir væntanlegt prófkjör. ■



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR Segir manninn sinn ávallt fullvissa sig um að hún geti allt sem hún ætlar sér.



DIMITRI EIPIDES Finnst ekki mikið til bandaríks kvikmyndaiðnaðar koma og segir hann framleiða myndir til að selja sem flesta miða.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARD

Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn 2005 Dagskrá

Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn verður haldinn hátíðlegur dagana 4.-10. október 2005. Þema dagsins í ár er „Andleg og líkamleg heilsa yfir æviskeiðið“ (mental and physical health across the life span). Markmið dagsins er að vekja fólk til vitundar um að tengslin milli andlegrar og líkamlegrar heilsu eru órjúfanleg.

Í dag laugardaginn 8. okt.

11.00. Geðhlaup í Nauthólsvík. Mæting kl. 10.30.

12.00. Geðsund í Nauthólsvík
Sjósundfélag Íslands gengst fyrir geðsundi í Nauthólsvík. Benedikt S. Lafleur sjósundkappi leiðbeinir byrjendum og sýnir hvernig virkja má lífsorkuna í sjálfum sér. Þátttaka er ókeypis og öllum opin. (Mæting v/Brokey, sy nt verður frá rampinum í Siglunesi).

13.00. Geðganga afturábak niður Laugaveg undir yfirskriftinni „Það er engin heilsa án geðheilsu“. Kristján Helgason hláturleiðbeinandi ásamt meðlimum hláturkættiklúbbsins hita upp. Gengið frá Landsbankanum Laugavegi 77. Sigursteinn Másson flytur ávarp í lok göngu.

13.45-14.00. Vinabandið tekur á móti gestum í Ráðhúsi Reykjavíkur.

14.00. Hátíðardagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Kynnir: Egill Helgason.

Á dagskránni eru skemmtiatriði sem endurspeglja þema dagsins, m.a. þannig að flytjendur verða fulltrúar ólíkra aldurshópa, þ.e. frá börnum til eldri borgara.

1. Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra
2. Halldór Reynisson, verkefnisstjóri hjá Biskupsstofu
3. Héðinn Unnsteinsson, sérfræðingur hjá WHO
4. Hópur frá Vox Femin, stjórnandi Margrét Pálmadóttir
5. Unglingahljómsveitin Mania Locos
6. Hljómsveitin Símus
7. Daði Kjartansson, trúbador
8. Hljómsveitin Randver
9. Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson
10. Gerðubergskórinn. Stjórnandi: Kári Friðriksson.

Verndari dagsins: Frú Vigdís Finnbogadóttir.

Styrktaraðilar:



Kvikmynd er ekki framleiðsluvara

Koma Dimitri Eipides er sannkallaður hvalreki á fjörur Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við hann um ástríðu hans, kvikmyndir.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík hefur gengið vonum fram. Uppselt hefur verið á fjölda sýninga og fólk þurft frá að hverfa. Það er hins vegar ekki auðvelt mál að skipuleggja slíka hátíð. Aðstandendur hátíðarinnar brugðu því á það ráð að fá einhvern fremsta dagskrárstjóra heims til liðs við sig.

Dimitri Eipides hefur verið dagskrárstjóri kvikmyndahátíðarinnar í Pesalóníku síðan 1992 auk þess sem hann hefur verið einn alþjóðlegra dagskrárstjóra á Toronto-hátíðinni. Hann stofnaði kvikmyndahátíðina í Montreal árið 1971 og stýrir enn heimildamyndaflokk hennar. Eipides er feikilega virtustu kvikmynda-gerðarmanna þrátt fyrir að andlit hans sé kannski ekki þekkt. Hann er maðurinn á bak við tjaldið, hvíta tjaldið.

Horfir oft á leiðinlegar myndir

Eipides er búinn að vera lengi í þessu hlutverki. Ætlaði fyrst að verða kvikmynda-gerðamaður en fann sig síðan best í því að kynna fyrir fólki athyglisverða leikstjóra. Það hefur honum tekist og margir af skjólstæðingum hans eru meðal virtustu kvikmynda-gerðarmanna heims. Dimitri segir starfið þó langt frá því að vera alltaf jafn spennandi. „Stundum eyði ég dögum og vikum í að horfa á leiðinlegar myndir,“ segir hann og brosir. „Þá kemur sú hugsun upp í kollinn hvort fullorðinn maður eigi að eyða tíma sínum

í þetta,“ útskýrir hann. „Þegar ég set svo kannski mynd af stað klukkan fjögur um nóttina og hún reynist vera meistara verk er þetta þess virði,“ segir hann og það er greinilegt að kvikmyndir eru ekki bara áhugamáli hjá honum heldur ástríða.

Bandaríkjamenn á villigötum

Eipides er harðorður í garð bandaríska kvikmyndaíðnaðarinnar. „Í þeirra huga er ekki verið að búa til kvikmynd heldur framleiðsluvöru. Þar eru kvikmyndir gerðar til að selja miða og mennirnir á bak við þær eru viðskiptamenn,“ segir Eipides og augljóst að hann hefur mjög sterka skoðun á þessu máli. „Þetta eru formúlumyndir með fimmtíu prósent ofbeldi, þrjátíu prósent kynlíf og svo framvegis,“ útskýrir hann. „Ég vil að kvikmyndin sé list, að hún endurspeglí menningarlegan bakgrunn leikstjórans, að hann hafi eitthvað fram að færa og að myndin sé ekki framleidd í einhverri verk-smiðju,“ segir Eipides en þátttöku hans hér má að hluta til þakka þeirri hugsjón sem kvikmynda-hátíðin vinnur eftir, að kynna sjálfstæða kvikmynda-gerð. „Ég vil kynna slíkar kvikmyndir, það er það eina sem ég trúi á,“ segir hann og líkir þessu við muninn á ljóðskáldi og blaðamanni. „Þeir vinna báðir með texta, sá síðarnefndi reynir að setja saman orð þannig að sem flestir skilja hann. Sá fyrrnefndi vinnur í þágu sköpunargáfunnar,“ segir hann.

Eipides segist aldrei sjá kvikmyndir til að eyða tveim tímum sem hann á aukalega. „Ég vil að kvikmyndin höfði til okkar, að hún sé mikilvæg og að ég vilji vera þarna til að sjá myndina en sé ekki að eyða tíma mínum,“ segir hann. ■



Sólarupprás Hádegir Sólarlag
 Reykjavík 7.57 13.15 18.32
 Akureyri 7.45 13.00 18.14

Heimild: Almanak Háskólans


FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagurinn 8. okt.,
 281. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég hjálpaði þabba
 að laga bílinn svo
 nú stoppar hann í
 hvert skipti sem
 maður flautar!



© BULLS 506A

SMÁUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

PÚ GETUR PANTAÐ
SMÁUGLÝSINGAR
Á vísir.is



allt

bílar o.fl.

VETUR NÁLGAST

Bíllinn þrífinn
 bls. 2



ferðir o.fl.

YFIRVIGT

Ekki troða í töskurnar
 bls. 4



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚDKAUP TILBOÐ O.FL



Hallgrímur Skúli Hafsteinsson leitaði að réttu BMW bifreiðinni í þrjá mánuði.

Ekur um á forstjórabíl

Hallgrímur Skúli Hafsteinsson eignaðist á síðasta ári forlata BMW 535, árgerð 1996. Bíllinn keypti hann í Þýskalandi og fylgdi honum skemmtileg saga.

„Ég fann þennan BMW með hjálp vinar míns í Þýskalandi, en við leituðum að bílnum á netinu í eina þrjá mánuði,“ segir Hallgrímur. Félagi hans, sem ók heila 400 kílómetra til að skoða bíllinn, kolféll og Hallgrímur lét slag standa. „Bíllinn hafði verið keyptur fyrir forstjóra árið 1996 sem lést ári seinna. Ekkjan hans tók við bílnum og átti hann næstu tíu árin. Hún ók honum nánast ekkert og þegar ég tók við honum hafði honum aðeins verið ekið 80 þúsund kílómetra,“ segir Hallgrímur. Þess má geta að ekkja forstjórans hafði selt 18 ára dreng bíllinn, sem hálfu ári seinna seldi Hallgrími bíllinn. Saga bílsins fylgdi með í kaupbæti. Bíllinn sem er þriðji af gerðinni BMW sem Hallgrímur eignast, er BMW 535, árgerð 1996. „Þetta er mikill lúxusbíll, með öllu,

nema rafmagni í sætum,“ segir Hallgrímur. Í bílnum er leðurinnrétting, topplúga, sex diska magasín og rafmagnsgardínur, svo eitthvað sé nefnt. „Hann hefur þótt rosalegur lúxusbíll þarna árið 1996,“ segir Hallgrímur. Hann skellir upp úr, aðspurður hvort hann sé sjálfur forstjóri víst hann aki um á forstjórabíl, og svarar því í gríni að hann sé það næstum því. „Ég er verkfræðingur og vinn sem verkfræðingur hjá Eykt. Starfa nú við að byggja Reykjanesvirkjun út á Reykjanesi,“ segir Hallgrímur. Hann segist hafa haft lítinn tíma til að aka bílnum, þar sem hann sé mest á vinnubíl. „Ég væri örugglega búinn að bæta á hann öðrum 80 þúsund kílómetrum ef ég hefði tækifæri til þess,“ segir Hallgrímur.

kristineva@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[BÍLAR - FERÐIR]

Subaru rumsýnir tvinnbíl á bílasýningunni í Tókýó um miðjan mánuðinn. Stærstu bílaframleiðendurnir veðja nú á ákaft á þessa nýjung sem gæti spara fyrir okkur bensínbirgðir heimisins. Afkerfi Subaru-bílsins er tveggja lítra vél ásamt 14 hestafla túrbínunum. Rafmótorinn sér um að halda straumi á rafkerfinu og hlaða líþjumrafgeyminn. Mótorinn ræsir einnig bensínhreyfilinn til að gefa viðbótarorku ef ökumanni liggur lífið á.



meðal annars vegna þess að framleiðendurnir bjóða upp á meira og betra úrval dísilvéla en flestir aðrir. Allt stefnir í að 27 þúsund Saab-bílar muni seljast á Bretlandseyjum árið 2005.

Icelandairmun hefja beint flug til Manchester í apríl 2006. Þessi borg sem fræg er fyrir fótboltaíð sín státar ekki síður af ódýrum verslunum og frábæru næturlífi. Stutt er að fara til Liverpool þar sem finna má stórskemmtilegt safn um Bítlana fornfrægu. Flögið verður til Manchester tvisvar í viku, á mánudögum og föstudögum.

Saab sló söluumet sitt í Bretlandi í síðustu viku. Þetta gamla merki hefur verið að vinna á,

bilar@frettabladid.is

TOYOTA-þjónusta

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNNS
Tjónaskoðun

- Nútíma verkstæði og fullkominn tækjabúnaður
- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta



Réttum og málum allar tegundir bíla

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is

Bílabón

veitir ekki jafn fallegan gljóa ef bíllinn er ekki þrífinn vel áður en það er borið á. Til þess að fá fullkomna áferð er líka gott að nota tasku úr 100% bómull.



**VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN**

G.T. ÓSKARSSON EHF

VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000

BH RÉTTINGAR ehf.
Bilaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Sími: 587-2330 - Fax: 587-9444 - bghrettingar@isl.is
www.bgh-rettingar.is

Tjónaskoðun
Við réttum og
málum fyrir þig



ALLT Á EINUM STAÐ

- VETRARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN

SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

VÉLASTILLING S.F.

AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar
með fullkomnum stillitækjum



SMURSTÖÐ

VÖRUBÍLAVARAHLUTIR

SCANIA, VOLVO OG MAN

BÍLREININGAR

VERKSTÆÐI

BÍLREININGASAMBANDIÐ

**SMURSTÖÐIN
Vogar**

20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

BFGoodrich
Dekk

- 31 x 15 AT
Kr. 14.440 stgr.
- 33 x 15 AT
Kr. 16.487 stgr.
- 35 x 15 AT
Kr. 17.456 stgr.



GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

NESDEKK
S. 561 4110

Suðurströnd 4, 170 Seltjarnarnesi.

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

**Bílabúð
Benna**

Hjólbarðaverkstæði



Jobbi kemur bílum í gott ástand fyrir veturinn.

**Mikilvægt að bóna bílinn
reglulega yfir veturinn**

Þegar veturinn gengur í garð þarf að vera búinn að athuga ýmislegt sem viðkemur bílnum. Jósef Kristjánsson, eignandi bónstöðvarinnar Bón og Þvottur hjá Jobba, veit að hverju þarf helst að huga því hann hefur unnið við að gera bíla Reykvíkinga klára fyrir veturinn síðan 1982.

„Það er nauðsynlegt að bóna bílinn fyrir veturinn en það þarf að þvo hann vel áður. Það þarf líka að bóna bílinn reglulega yfir veturinn því að þá er miklu meira álag á lakkið. Annars vegar vegna tjöru, bleytu og frosts og hins vegar vegna saltsins á götunum. Það er alveg sama hvað efnið heitir og hvað auglýsingarnar segja því raunveruleikinn er sá að saltið fer í gegnum allt,“ segir

Jósef. Hann segir að þumalputta-reglan sé að bóna bílinn á svona mánaðarfresti yfir veturinn.


Jósef segir að best sé að þrifa bílinn líka vel að innan fyrir veturinn. „Það þarf að þrifa rúður vel að innan og utan og bera á þær efni sem hrindir vatni frá sér og svo þarf að þrifa rúðupurrur með tjöruhreinsi. Þéttigúmmín í hurðunum þarf að þrifa og þau þarf að smyrja með feiti svo að hurðirnar frjósi ekki fastar. Eins þarf að gæta þess að frjósi ekki í skránum og nota þar til gert efni í þær. Það er ekki nóg að gera þetta einu sinni yfir veturinn heldur þarf að endurtaka þetta reglulega.“ Jósef segir að bíleigendur sem noti fjarlægingar verði að sinna skránum þrátt fyrir það að þær séu ekki notaðar svo að þær ryðgi ekki og verði ónýtar.

„Margir jeppaeigendur eru líka með varadekkið aftan á bílnum og á því er læsing sem sjaldnast er hugsað um. Svo þegar þarf

að nota varadekkið er allt ryðgað og fast.“

Jósef segir að til þess að forðast það að mikill raki myndist inni í bílnum sé gott að láta miðstöðina alltaf blása útilofti inn í bílinn og hafa örllitla rifu á gluggunum annað slag. „Annað sem er mjög gott að gera, er að setja gömul dagblöð undir gúmmímotturnar sem eru í bílnum. Dagblöðin drekka í sig allan raka sem er nauðsynlegt þegar stöðugt berst snjór inn í bílinn. Þeim er svo bara hent í ruslið og ný blöð sett undir mottuna og þá helst teppið alltaf þurr.“ Jósef segir að ef það sé hugsað svoltið um þetta þá losni bíleigendur við móðu inni í bílnum.

Að lokum segir Jósef að það sé mikið öryggisatriði að hirða vel um dekkinn. „Það er ekki nóg að vera á góðum nagladekkjum ef að þau eru ekki þríf. Saltið sest nefnilega á dekkinn og gerir þau hál og engu betri en sumardekk.“



Efni í lofti nýrra bíla geta valdið ófnæmisviðbrögðum.

Loftmengun í nýjum bílum

ÝMIS EJNI SEM NOTUÐ ERU Í INNRETTINGAR NÝRRAR BÍLA GETA VERIÐ SKAÐLEG.

Þýska umhverfisstofnunin, Bund für Umwelt und Naturschutz, hefur rannsakað loftið í nýjum bílum og komist að því að þar eru ýmis efni sem geta verið heilsuspillandi. Nýlyktin sem mörgum þykir svo góð getur meðal annars framkallað slæm astmaköst og ófnæmisviðbrögð.

Stofnunin efnagreindi loftið í nokkrum nýjum Opel Astra, Mercedes E220, Renault Meg-

ane, VW Golf, Alfa Romeo og Mitsubishi Colt. Í bílunum voru mörg efni sem geta verið slæm fyrir slímhúð manna. Verst eru ýmis leysiefni, formaldehýð og efni sem notuð eru sem mýkingarefni í plastiðnaði. Alls greindust 98 slík efnasambönd í bílunum og var magnið oftast yfir viðmiðunarmörkum um innanhússloft. Magn formaldehýðs reyndist til dæmis vera þrefalt meira en leyfilegt er.



Frí trygging og bensínneignarkort fylgir með þessum BMW.

Frí trygging og frítt bensín

TILBOÐ TIL VIÐSKIPTAVINA B&L KAUPI ÞEIR NÝJAN BÍL.

Bífreiddar og landbúnaðarvélar hafa ákveðið að bjóða viðskiptavinum sínum frjá ábyrgðar- og kaskótryggingu og 50.000 króna inneignarkort fyrir bensíni með öllum nýjum bílum sem þeir selja. Frítryggingin er hjá Verði Íslandstryggingu og er til eins árs, með 80.000 króna sjálfsábyrgð. Þá er beinsínneignin á rafrænu inneignarkorti og gildir það á öllum stöðvum Skeljungs og Orkunnar. Er þetta beinn ávinningur fyrir viðskiptavinum B&L sem skilar sér beint í bodduna fyrir þá sem kaupa sér nýjan bíl.

Tólf bílar eftir

BÍLL ÁRSINS VERÐUR VALINN 23. OKTÓBER. TILNEFNDUM BÍLUM HEFUR NÚ VERIÐ FÆKKAÐ NIÐUR Í FJÓRA, ÞRÁ Í HVERJUM HINNA FJÖGURRA FLOKKA SEM TILNEFNT ER Í.

Bandalag Íslenskra bílalaðamanna, BÍBB, stendur fyrir valinu á bíl ársins og sem nú er valinn annað árið í röð. Bíll ársins hlýtur Stálstýrið, en einnig er valinn bíll ársins í hverjum hinna fjögurra flokka sem tilnefnt er í en þeir eru smábílar og millistærðarbílar, stærri fjölskyldu- og lúxusbílar, jeppar og jeplingar, og sportbílar.

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra mun afhenda Stálstýrið í Perlunni sunnudaginn 23. október en þá helgi stendur BÍBB fyrir sýningu á umhverfisvænum bílum.

SMÁBÍLAR OG MILLISTÆRÐARBÍLAR



Suzuki Swift



Peugeot 1007



Citroën c4

STÆRRI FJÖLSKYLDU- OG LÚXUSBÍLAR



Hyundai Sonata



BMW 3



VW Passat

JEPPIAR OG JEPPLINGAR



Land Rover Discovery 3



Lexus RX 400h



Suzuki Grand Vitara

SPORTBÍLAFLOKKUR



Ford Mustang



Porsche Boxter



BMW M5



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Olíuinnkaup með frjálsri aðferð

Er glasið hálf tóm eða hálf fullt? Ég hef aldrei skilið þessa spurningu almennilega. Fyrst af öllu vegna þess að ég hélt að þessi hugtök væru í raun notuð yfir sama ástandið; þegar glasið innihéldi nákvæmlega helming þess magns sem það getur rúmað.

En líka vegna þess að ég undrast að einhver vilji eyða tíma í að velta svona löguðu fyrir sér. Sé ekki að þetta komi að neinu gagni í daglega lífinu. Nema kannski ef maður er innkaupastjóri hjá olíufélagi. Þeir virðast nefnilega hafa undarlega næma tilfinningu fyrir því hvenær tankar fyrirtækisins eiga að vera hálf fullir og hvenær þeir eiga að vera hálf tómir.

Ef heimsmarkaðsverð á olíu hækkar til dæmis um tíu prósent vill ævinlega svo óheppilega til að tankarnir eru hálf tómir. Þá þarf að kaupa inn dýra olíu og því verður hækkunin að skila sér beint til neytenda - og það samdægurs. Í þau örfáu skipti sem olíuverð lækkar á heimsmarkaði eru tankarnir hins vegar svo rækilega hálf fullir að þjóðin er fram að næstu hækkun að klára dýra eldsneytið. Engin lækkun fyrir Íslendinga. Það er ekki móðins.

Önnur undraverð staðreynd um innkaupastjóra olíufélaganna er hvað þeir virðast alltaf kaupa hlutfallslega jafnmikið af eldsneyti á nákvæmlega sama tíma. Þess vegna verða allar hækkanir og lækkunir (sem eru nú yfirleitt bara dægurflugur) á sama klukkutímanum hjá næstum öllum olíufélagunum, af því að birgðastaðan virðist vera hlutfallslega sú sama miðað við sölu.

Olíuinnkaup virðast því vera hárnákvæm íþrótt, listgrein og vísindi - allt í senn - sem aðeins er hægt að gera á einn hátt. Réttan hátt. Og á réttu augnabliki.

Þrátt fyrir það virðist það vera þessu góða fólki of mikið að fylla og tæma tankana á þeim augnablikum sem væru hagkvæmust fyrir neytendur.

Þannig að næst þegar einhver spyr mig hvort glasið sé hálf fullt eða hálf tóm, þá er ég með svarið á hreinu. Það er í raun tvíþætt spurning: „Hvað kostar tunnan á heimsmarkaði, og hvað söguð hinir sem þú spurðir?“

Velja sparneytnari bíla

Innflutningur á sparneytnum bílum til Bandaríkjanna eykst í kjölfar hækkads eldsneytisverðs.

Japanskir bílaframleiðendur hafa sótt í sig veðrið á Bandaríkjamarkaði undanfarið. Hækkad eldsneytisverð í kjölfar fellibylja hefur leitt til þess að Bandaríkjamenn vilja nú frekar kaupa sparneytna bíla.

Bandarískar bílasölutölur fyrir septembermánuð sýna að Nissan, Honda og Toyota hafa aukið markaðshlutdeild sína umtalsvert en GM og Ford hafa farið halloka með sína eyðslufreku bíla. Þegar sölutölur fyrir sama tíma í fyrra eru skoðaðar kemur í ljós að munurinn er umtalsverður. Sala á Nissan Sentra hefur til að mynda aukist um 66 prósent á milli ára og heildarsala Toyota hefur aukist um 11 prósent. Vinsældir japönsku bílanna hafa komið sér



Hinn nýi Ford Fusion er sparneytinn.

illa fyrir risana þrjá, Ford, GM og Chrysler, sem reyna nú að snúa vörn í sókn. Stjórnendur Ford eru bjartsýnir og leggja traust sitt á meðal annars á hinn nýja Ford Fusion.

Ný dekkjaverslun og þjónustustöð var opnuð í gær.

Pitstop opnað í Dugguvogi

Mjög góð aðstaða er fyrir viðskiptavinum hjá Pitstop. Þeir geta fengið sér kaffi, gluggað í blöðin og leyft börnunum að leika sér í leikhorninu. Einnig er bryddað upp á þeirri nýbreytni að hafa þráðlaust netsamband þannig að fólk getur tengst við netið í gegnum fartölvuna sína

á verkstæðinu.

Auk þess að bjóða upp á hefðbundi viðhald á dekkjum hefur Pitstop á boðstólunum vörur sem flestar koma frá framleiðslufyrirtækjunum BF Goodrich, Kleber og Michelin sem er þekktasti framleiðandi dekkja í heiminum.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmiða

VÍKURVAGNAR EHF.

Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA

G.T. ÓSKARSSON EHF

VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000

Bónarinn 554 1091
Eling-Elingi 663 5282

Mössun • Bón • Alþrif
Afhreinsun merkinga
Djúphreinsun



Skemmuvegi 28 - Bleik gata - Kópavogur

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS

TOYOTA viðgerðaraðili **Almennar bílaviðgerðir**

Skemmuvegi 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) • 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 • www.bfo.is



Þjónusta



HONDA

Þjónusta



NISSAN

Þjónusta

CABAS verkstæði

NY

Viðurkennt CABAS-verkstæði

S.P.R.A.U.T.U.N

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐISETNINGAR

Njarðarbraut 15 • Reykjanesbær • S: 421 2999 • Fax: 421 2090
Netfang: nysprautun@nysprautun.is

www.nysprautun.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI HJARTAR

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.

TOYOTA
ÞJÓNUSTA



Viðurkennt
CABAS
verkstæði



Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is



Sjúkrakassi ferðamannsins

ÝMISLEGT GETUR KOMIÐ FYRIR Á FERÐALAGI OG BEST AÐ VERA TIL-
BÚINN AÐ DYTTA AÐ HEILSUNNI
UPP Á EIGIN SPÝTUR.

Þegar lagt er upp í ferð er best
að hafa vaðið fyrir neðan sig,
hvort sem ferðin varir stutt eða
lengur. Handhægur sjúkrakassi er
ómissandi í ferðalög og
getur komið sér meira
en vel ef
vandamál ber
að höndum.
Tungumála-
vandræði geta til dæmis alltaf
skapað vandræði þegar á að tjá sig
um læknisfræðileg heiti við erlend-
an lyfjafraeðing.



- Gott er að hafa **sóttgreinsaðar
sprautunálar** með sér. Þótt þetta
hljómi eins og ráð til sprautufíkla
geta slíkar nálar komið sér vel
ef ferðast er til svæða þar sem
spítalar geta verið óhreinir. Margir
alvarlegir sjúkdómar geta smitast
með óhreinum sprautum, svo sem
alnæmi og lífrar-
bólga.

- **Brjóstsviði**
getur verið hvim-
leitt vandamál
og þau sem af
honum þjást eiga
ekki að gleyma að
taka pillur við honum

með sér.

- **Hitamælir, heftiplástur og
sjúkraskæri** geta komið að ótrú-
lega góðum notum.

- **Sóttgreinsandi vökv** er mjög
mikilvægur til að koma í veg fyrir
sykingu, því annars getur syking
endað með ósköpum.
Gamli góði íslenski
sóttgreinsivökvinn
er öflugur og góð-
ur á lítil sár og
hælsæri.



**Sjúkrakassinn þinn getur til
dæmis innihaldið:**

- **Verkjalýf** eru ómissandi. Þótt
þau séu fánleg á flestum stöðum
heimsins getur verið erfitt að gera
sér grein fyrir hvað þau
innihalda. Þess vegna er
bara best að vera með
eitthvað sem maður
þekkir.

- **Ofnæmislyf** koma
sér oft að góðum
notum. Þótt þú hafir
aldrei fengið neitt
ofnæmi geta óþekktar
pöddur framkallað
skritin viðbrögð í líkam-
anum sem ofnæmislyf
slá á.

- **Niðurgangslýf** eru ómissandi
sérstaklega þar sem maturinn er
framandi. Ráðfærðu þig við læk-
inn um hvort hann hafi einhver ráð,
sérstaklega ef þú ert viðkvæm/ur í
maga og mundu að drekka vel.

- **Sólarvörn
og mýkj-
andi krem**
ef sólin
brennir
þig. Það er
um að gera
að vera með

nógu mikið af sólarvörn því
minnsti sólbruni getur komið aftan
að þér í framtíðinni meðal annars í
formi sortu-æxlis.

- **Smokkar** koma sér alltaf vel og
betra er að eiga of marga en of fáa.



Hríseyjagjallurnar Alma, Heiða, Anna, Steina, Hulda og Vallý hjá dúkasala í Búdapest sem heillaði þær upp úr skónum.

Njótum þess að vera til

Saumaklúbbsystur úr Hrísey hafa haldið hópinn í 33 ár og farið í skipulagðar borgarferðir saman af og til síðan 1990. Ein þeirra er hárgreiðslumeistarinn Heiða.

„Við erum að fara að pakka niður fyrir sjöundu ferðina saman og nú er stefnan sett á Ljubljana,“ segir Heiða brosandí og leynir ekki tilhlökkuninni. Þær eru fimm úr harðasta kjarna klúbbsins sem ætla að drífa sig en Heiða segir fjóldann hafa rokkað svolítið til undanfarin ár og farið allt uppí ný þegar nokkrar alvöru systur slógust í hópinn. Stundum segir hún klúbbsinn hafa verið búinn að safna í ferðasjóð svo er ekki að þessu sinni. „Nú er það er bara Visakortíð sem gildir,“ segir hún og hlær. En hvað gera þær svo í þessum ferðum? „Við njótum þess að vera til, hlæjum saman, förum í skoðunarferðir, verslum og borðum góðan mat. Nú ætlum við í allar skoðunarferðir sem í boði eru,“ segir hún og er beðin að lýsa ferðatilhögun nánar. „Við gistum þrjár nætur í Ljubljana en tíminn verður drjúgur því við förum í loftið klukkan 8 frá Keflavík og komum heim um miðnætti fjórða dags. Einn daginn verður farið í gönguferð um borgina og annan

í dropasteinshella skammt frá. Milli skoðunarferða förum við vinkonurnar á markaði og ger-



Heiða hefur gaman af að undirbúa ferðina og pakka niður.

um fleira skemmtilegt saman. Síðasta daginn verður svo borgin Bled heimsótt og ekið þaðan beint á flugvöllinn. Þannig nýtist lokadagurinn betur en oft áður.“

Nú er Heiða beðin að telja upp borgirnar sem þær Hríseyjaskvísur hafi heimsótt saman. „Fyrstu þrjár ferðirnar voru til Glasgow, Dublin og New Castle. „Það voru verslunarferðir í anda tíunda áratugarins,“ rifjar hún upp kankvís. „Síðan höfum við farið til Barcelóna, Búdapest og Prag.“ Beðin að velja eina borg sem uppúr standi kveðst hún ekki geta gert uppá milli Búdapest og Prag. Segir líka Barcelóna eftirminnilega og rifjar upp heimsóknir á listasöfn meistaranna Miro og Picasso.

Heiða kveðst njóta þess að undirbúa ferðirnar heima með því að átta sig á kortum og lesa sér til og hún efast ekki um að þær klúbbskellur eigi eftir að skemmta sér í Lubljana. „Við þekkjumst vel og erum svo góðar vinkonur. Það er alltaf gaman hjá okkur,“ segir hún að endingu. gun@frettbladid.is

Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

SNOW - MOTO
það heitasta í vetur
Ný heimasíða opnar um helgina.
www.extreme.is
s:4615707

Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttiferðum, starfsmannuferðum o.fl.
Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is



Ertu með yfirvigt?

Þegar ferðast er á milli landa vakna upp spurningar um hversu þungar, stórar og margar töskurnar mega vera sem ferðast er með.

Á vef Flugleiða, icelandair.is, er svarað mörgum þeim spurningum sem upp koma þegar farangur er annars vegar. Þær upplýsingar sem gefnar eru í þessari grein skal þó aðeins hafa til viðmiðunar því reglur eru breytilegar eftir flugfélögum en eru þó að mestu leyti staðlaðar. Oftast mega þeir sem ferðast á almennu farrými taka með sér farangur sem er alls 20 kg að þyngd en þeir sem ferðast á viðskiptafarrýminu mega taka með sér 30 kg. Aðrar reglur gilda fyrir Kanada og Bandaríkin en þar er einungis leyfilegt að taka með sér tvær töskur sem ekki eru meira en 158 cm að rúmmáli og hvor taska má ekki vera meira en 32 kg. Í handfarangri er leyfilegt að taka með sér eina tösku sem er ekki meira en 6 kg en 9 kg ef ferðast er á viðskiptafarrými. Hjá Iceland Express má þó taka með sér 10

kg í handfarangur. Auk þess má yfirleitt taka með sér í handfarangri, fyrir utan töskuna, ferðatölvu, litla handtösku, myndavél o.s.frv. en oftast er mælt með því að farþegar taki verðmæti með sér í handfarangur.

Sé maður hins vegar með yfirvigt má gera ráð fyrir að borga 1-2% af því sem dýrasta almenna farrýmið kostar, fyrir hvert aukakló. Í Bandaríkjunum er hins vegar greitt fast verð fyrir hverja umfram einingu.



Út í heim }

Sætum fjölgað

ÚRVAL ÚTSÝN HEFUR FENG-
IÐ STÆRRI VÉLAR Í FERÐIR TIL
MADRÍÐAR OG LJUBLJANA.

Paris Latsis hefur sent fyrrverandi unnustu sinni opinberlega kveðju. „Ég virði ákvörðun hennar og er þakklátur fyrir það hversu vel hún höndlar þessa erfiðu ákvörðun sína. Það var besta reynsla lífs míns að vera með henni og ég mun alltaf vera þakklátur fyrir hana.“ sagði Latsis. Ástæðan sem Paris Hilton gaf fyrir því að rifta trúlofuninni var sú að hún væri ekki tilbúin til að giftast og vildi ekki að brúðkaupið endaði með skilnaði.



Jessica Alba hefur alltaf verið hörd á þeirri ákvörðun sinni að vilja ekki leika í nektarsenum. Henni brá því í brún þegar hún uppgötvaði að kjóllinn hennar huldí ekki jafn mikið og hún hélt. „Þetta var martröð, ég ákvað að vera ekki í neinu þröngu og fannst þessi kjóll við hæfi. En þegar vindurinn feykti parti af efri hluta kjólsins upp þá var hann gjörsamlega gegnsær. Auðvitað enduðu myndirnar af þessu svo á netinu.“ sagði Alba ósátt. „Þetta er sérstaklega erfitt því ég er ekki týpa sem filar að sýna svona lagað. Þetta er ekki minn still.“



Cameron Diaz hefur lýst yfir þeirri skoðun sinni að hún telji Breta vera kynlífsfíkla. „Bretar eru svo lauslátir. Þeir skiptast á mökum eins og þeir væru að skiptast á poppi í bíó.“ sagði hún. „Ég sá hluta af Love Actually um daginn og ég hugsaði bara: „Guð minn góður, hann er ástfanginn af vinkonu konu sinnar!“ Ég á líka breska vini og alltaf þegar ég hitti þá eru þeir komnir með nýja maka. Ég skil þetta ekki.“



Sharon Osbourne, spúsa rokkarans Ozzy Osbourne, hefur vent sínu kvæði í kross og er um þessar mundir að leika í mynd sem enginn annar en Elton John framleiðir. Osbourne-hjónin slógu í gegn í raunveruleikabáttum um hversdagslíf fjölskyldunnar en Sharon hefur aldrei leikið í kvikmynd áður. Myndin heitir It's A Boy Girl Thing og fjallar um strák og stúlku á unglingsaldri sem eru svarnir fjandvinir en taka sér bólfestu í líkama hvors annars. Sharon leikur móður drengsins. Elton John útilokar ekki að hann muni leggja til eitt eða tvö lög í myndina.



FRÖKEN FREYJA LEYSIR VANDANN >

Tengdamamma til vandræða
Ég er svo hrikalega þirruð núna. Tilvondandi tengdamóðir mín er á góðri leið með að eyðileggja sambandið milli mín og tilvondandi eiginmannsins. Allt í einu er henni farið að vera mjög annt um okkur, kemur heim til okkar á ótrúlegustu tímum og ef ég á að vera alveg hreinskilin þá er bókstaflega enginn friður fyrir kerlingunni. Hvernig get ég losað mig við hana án þess að það fari allt í háalofit?
GH á Seltjarnarnesi

Heyrðu vinkona, þetta getur nú varla verið svona slæmt. Með þessari hegðun er hún eflaust að reyna að segja þér að henni þyki vænt

um þig og þú sért að verða ein af fjölskyldunni. Ekki láta þetta fara í taugarnar á þér. Ef þetta heldur svona áfram er alltaf hægt að biðja hana fallega um smá hvíld, en ekki vera með neinn truntugang. Það borgar sig ekki.

Er vinnan að drepa mig?
Lífið er ekki beinlínis að leika við mig þessa dagana. Það er svo mikið að gera í vinnunni að konan mín er við það að fara frá mér. Um leið og eitt verkefni klárast tekur eitthvað annað við. Ég hef ekki borðað kvöldmat með fjölskyldunni í fjóra mánuði og um helgar er ég fastur í símanum. Er eitthvað sem ég get gert?
BB í Kópavogi

Líf þitt er ekkert mikið öðruvísi en hjá mörgum öðrum. Nú verður þú að velja hvort þú viljir fjölskylduna eða framann. Þú hlýtur að geta losað örlítið um kvöldvinnu en svo er þetta oft spurning um skipulagninu. Prófaðu að slökkva á símanum eina helgi og tjakkaðu á því hvað gerist. Ég er viss um að þú sért alls ekki ómissandi.

Ein afbrýðisöm
Ég er alveg að drepa þig afbrýðisemi þessa dagana. Maðurinn minn er alltaf með vinkonu sína á línunni. Hún hringir öllum stundum og er alltaf að fá hann til að gera eitthvað með sér. Þegar ég ber þetta upp á hann rifur hann bara kjaft og segir

þetta bara vera vinskap. Hver er mín staða í þessu máli?
AB á Akureyri

Slakaðu á vinkona og leyfðu mannum að anda þó hann sé með þér. Ef hann segir að það sé ekkert í gangi áttu að trúa honum. Annars verður þú bara að finna þér einhver annan.



Sendið fyrirspurnir og vandamál til Fröken Freyju, F2, Skátahlíð 24, 105 Reykjavík, eða sendið henni tölvupóst á netfangið frkfreyja@frettabladid.is. Nöfn sendenda verða ekki gefin upp í blaðinu.

TÖLVULISTINN

Canon

VL5
Vaxtalaust í 15 mánuði
3.980

iP4200
9600 dpi

NÝ KYNSLÓÐ PRENTARA

CHROMALIFE 100
Ný tækni sem tryggir betri gæði á útprentun og myndirnar halda sömu gæðum í 100 ár

5 STÖK HYLKI
5 sjálfstæð hylki fyrir hámarksnýtingu allra lita og fullkomna ljósmyndaprentun

9600dpi UPPLAUSN
Ótrúleg upplausn sem ásamt PIXMA og FINE tækninni skilar einstökum ljósmyndagæðum

FULL BLÆÐING
Prentar í fullum gæðum út á jafar pappír allt að A4, prentar einnig sjálfvirktt báðu megin(Duplex)

PRENTAR BEINT Á CD
Prentar í ljósmyndagæðum beint á geisladiskinn bara að stinga honum í CD bakkan

HAGKVÆMUR
Hagkvæmur í rekstri enda er gott verð á öllu Canon bleki og stök hylki fyrir hvern lit

VERÐ 19.900

OPNUNAR
TÍMAR

Vinka daga frá 9-18
og laugardaga frá 11-16

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK

Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI

Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK

Hafnargötu 90
Sími 534 7400

ÖLL VERÐ ERU STAÐGÆRSLYVERÐ MEÐ VINDISÁSKAFTI OG BIRT MEÐ FRIFRYKA UM BRETTINGAR OG PRENTVILLUR

PÓRDÍS: Hér sit ég meðal mikilla prímadonna.

RAGNHILDUR STEINUNN: Nei, ég held einmitt að við séum ekki prímadonnur. Alla vega vona ég ekki og hef ekki tekið eftir hjá hinum, nema hvað Þóra lætur mig stundum borga fyrir sig í mötuneytinu.

EYRÚN: Nehei, við erum sko engar prímadonnur!

JÓHANNA: Ég hef aldrei litið á mig sem prímadonnu, því þetta snýst allt um samstarf og að vera hluti af hópnum. Aðalmálið er að líta á sig sem eðlilega manneskju, annars er maður kominn úr öllum tengslum við umhverfið.

ÞÓRA: En það verður ekki hjá því komist að fólk sem vinnur við sjónvarp er með stórt egó. Ég lít ekki á sjálfa mig sem egoista, en er viss um að aðrir gera það og halda að ég hafi þörf fyrir að vera í sjónvarpi, sem ég hef ekki. Sjónvarp krefst mikillar sjálfsskoðunar og maður verður meðvitaður um alla sína takta og talsmáta. Allt í einu tók ég eftir því að ég er með ljótustu handahreyfingar sem ég hef séð, þaðandi út öllum öngum.

PÓRDÍS: Þið eruð auðvitað alltaf til sýnis í vinnunni. Var starfið stóri draumurinn?

EYRÚN: Þetta er mjög spennandi starf en ég þurfti að hugsa mig aðeins um þegar mér bauðst starfið í Kastljósinu. Sjónvarpsvinnu fylgir auðvitað sá galli að verða þjóðþekktur einstaklingur og margir þykjast þekkja mann og hafa á milli skoðanir.

ÞÓRA: Ég menntaði mig reyndar í kvikmyndagerð en finnst sjónvarpsvinna miklu skemmtilegri en blaðamennska. Eftir margar tilraunir á hinum ýmsu tímaritum og dagblöðum uppgötvaði ég að ég er enginn sérstakur penni. Ég get skrifað hlutlausar fréttir, en er ekki eins og þessir vel skrifaðir blaðamenn sem manni finnst gaman að lesa. Ég hikaði þó við að taka starfinu hér og var hikandi allan síðasta vetur í Ópinu, en sjónvarpið er vissulega spennandi miðill þótt ég hafi komist inn með því að fara öfugu megin við myndavélina.

RAGNHILDUR STEINUNN: Ég hafði aldrei hugsað út í það að fara í sjónvarp en þegar mér var boðið að koma í prufu fannst mér aðallega gaman að koma til álita og ákvað að treysta dómgreind þeirra sem völdu mig að ég yrði nógu góð.

JÓHANNA: Mig dreymdi ekki um sjónvarpsmennsku, en þótti hún áskorun og hef alltaf haft að leiðarljósi að taka þeim áskorunum sem ég fæ í lifinu; ekki síst þeim sem ég óttast mest og þykir spennandi. Jafnvel þótt ég sé skíthrádd.

PÓRDÍS: Margir sjá starf sjónvarpsstjórnnar í rórauðum bjarma og þrá frægðina.

ÞÓRA: Ég hef komist að því að ég er ekkert sérstaklega fræg. Ég er aldrei stoppuð á götum úti.

RAGNHILDUR STEINUNN: Það er aðallega í gegnum krakka sem maður finnur að maður er þínu þekktur, en það er vegna þess að ég hef tekið þátt í leiksýningum og þau eru óhrædd að kalla og vinka úti á götu ef þau sjá mann.

JÓHANNA: Ég átti mér alltaf draum um að verða fræg söngkona en hafði ekki nógu mikinn vilja til að gera sönginn að mínu lífi. Auðvitað finnur maður fyrir frægðinni, en þegar maður er orðinn viss mikili þekktur missir maður stjórna á umfjöllun um sjálfa sig. Maður getur enn neitað persónulegum viðtölum, en eins og sum blöð eru orðin í dag hefur maður lítið að segja um hvað skrifað er því flest af því sem birtist er óumbeðið.

PÓRDÍS: Þið eruð öðrum miklar



RAGNHILDUR STEINUNN, JÓHANNA, ÞÓRA OG EYRÚN.

LIJÓSMYND/STEFAN

Miðlar, fyrst og fremst

Fjórar skærar sjónvarpsstjórur sitja í hnapp undir heitu kastljósi. Allar með ómóttstæðilegan sjónvarpssjarma, vit og visku. Tilbúnar í mánudagslaginn þegar nýtt og stærra Kastljós kviknar í Ríkissjónvarpinu. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir naut yls sjónvarpsljósanna með þeim Eyrúnu Magnúsdóttur, Jóhönnu Vilhjálmsdóttur, Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur og Þóru Tómasdóttur.

fyrirmyndir og þurfið að hegða ykkur kurteislega, ekki satt?

RAGNHILDUR STEINUNN: Já, auðvitað reynir maður að haga sér almennilega. Þetta er samt ekki eitthvað sem maður gengur með í hausnum alla daga. Ég mundi ekki nenna að lifa þannig.

ÞÓRA: Það eru vissulega hlutir sem maður getur ekki gert og margt sem maður mundi gera öðruvísi ef maður væri ekki í þessu starfi. Það þýðir ekkert að vera með skandal því svoleiðis fer í blöðin um leið.

EYRÚN: Það er eðlilegt að vera meðvitaður um hegðun sína því maður er alltaf inni á gaffli hjá fólki og að sjálfsögðu þarf að sýna áhorfendum ákveðna virðingu. Maður getur ekki bara verið kurteis í útsendingu en látið svo eins og fábjárni þess á milli, og svoleiðis gengur alls ekki í þáttum sem ætla að láta taka sig alvarlega.

ÞÓRA: Óþið gekk náttúrulega út á fíflaskap og mér leið mjög vel í því hlutverki, en það er líka dálítið gott að komast út úr því.

PÓRDÍS: Há ykkur þessi sérsvið úr fyrri þáttagerð?

ÞÓRA: Nei, og ég skal alveg viðurkenna að stundum var ég orðin þreytt á þessu afmarkaða unglingsaefni. Í sambandi við nýja þáttinn finnst mér mest spennandi að takast á við mannlegri vinkla en ég hef séð í sjónvarpi í langan tíma.

RAGNHILDUR STEINUNN: Þetta er alveg frábær hópur og í raun ótrúlegt hvað allt hefur gengið vel. Við erum að setja saman nýjan þátt með nýju fólki á mjög skömmum tíma og mér sýnist útkoman ætla að verða ansi góð.

EYRÚN: Já, það er mikil ánægja með nýja þáttinn og nýja ritstjórnann. Hópurinn er breiður og með ólík-

ar skoðanir, sem er nauðsynlegt í þætti sem ætla um allar hliðar samfélagsins.

RAGNHILDUR STEINUNN: Við hjálpumst mikilið að með ólíkum sjónarmiðum. Með þannig samvinnu held ég að við náum því besta fram.

ÞÓRA: Maður þarf alltaf að hugsa eins og fimm ára þegar maður matreiðir efni í þáttinn, þannig að allir skilji.

EYRÚN: Í Kastljósinu höfum við þurft að hugsa eins og fréttamenn og gjöra svo vel að setja okkur inn í hvaða mál sem er mjög hratt til að vita sem mest á sem stytum tíma. Auðvitað hefur maður mismikinn áhuga fyrir efninu, það segir sig sjálft, en mér hefur alltaf þótt gaman að taka sunnudagsviðtöl í Kastljósinu, þar sem við höfum leitast við að sýna mannlegu hliðir fólks.

JÓHANNA: Ég vonast til að komast annað slagið úr þessum háalvarlegu, pólitísku umræðum og meira inn á mannlegri hliðar, eins og ég gerði í bitinu í gamla daga. Þá er líka gaman að koma á framfæri því sem manni finnst sjálfum merki-legt, eins og aðaláhugamálinu mínu: óhefðbundum- og matarlækningum.

PÓRDÍS: Er starf sjónvarpskonunnar eftirsóknarvert?

RAGNHILDUR STEINUNN: Mér finnst skemmtilegt að vinna í skapandi umhverfi og kynnast nýju fólki. Þetta starf hentar því ágætlega fyrir mig.

ÞÓRA: Þetta er auðvitað enginn dans á rósum og maður sætir massa gagnrýni, en þó held ég að maður dæmi sjálfan sig hvað harðast. Þetta er ekki endilega þægileg vinna fyrir þá sem vilja fara silkihöndum um sjálfa sig, en starfið er skemmtilegt og krefjandi.

JÓHANNA: Það fer eftir því hvað

hver vill. Fyrir þann sem hefur áhuga á því að vinna í miklum hraða, hefur áhuga á samfélagsmálum, gaman af því að vinna með fólki, kryfja mál til mergar og hafa áhrif á samfélagið sitt er starfið eftirsóknarvert.

EYRÚN: Þetta er stórskemmtilegt starf og ég lít á það sem þjónustustarf. Fjölmíðlafólk hefur fyrst og fremst skyldur við almenning.

ÞÓRA: Sammála. Maður er í þessu til að miðla til almennings. Er miðill fyrst og fremst. Svo erum við náttúrulega ríkisstarfsmenn og þeir eru nú ekki þekktir fyrir glamúr.

PÓRDÍS: Hvort lítið þið að starfið sem skemmtun eða vinnu?

EYRÚN: Mér finnst alltaf gaman að mæta í vinnuna.

ÞÓRA: Þetta hefur verið frábær undirbúningstími þótt það hafi verið brjáláð að gera. Tarnavinna og smá blóðþrýstingur; það finnst mér skemmtilegast.

JÓHANNA: Þetta er hvort tveggja skemmtun og vinna. Það eru forréttindi að vinna í þessu umhverfi. Hér er fullt af skapandi fólki og andrúmslofti. En þetta er mikil vinna og hún tekur á. Maður verður að vera vel upplagður á hverjum degi.

EYRÚN: Já, þetta hefur verið frábær tími og gaman að fá tækifæri til að taka þátt í svona teymisvinnu. Við vinnum öll að sama markmiði; að gera besta sjónvarpsþátt sem gerður hefur verið í íslensku sjónvarpi.

RAGNHILDUR STEINUNN: Mér finnst þessi vinna ákaflega skemmtileg. Stemmningin í hópnum er helvíti góð.

ÞÓRA: Nú skil ég af hverju fólk er í fótbolta og hópípróttum. Svo gæti

þetta líka snúist um valdaffkn. Það er eitthvað við það að hafa áhrif á og tala til hundrað þúsund manns.

PÓRDÍS: Verðið þið öll á skjánum í einu?

ÞÓRA: Nei, þeir sem eru vinsælastir fara fyrst inn. Þórhallur er pottþétt vinsælastur. Ég las í DV um daginn að hann væri vinsælasti sjónvarpsmaður landsins. Svo er hann góður í að tala með kvenmannsröðu. Honum er margt til lista lagt.

PÓRDÍS: Þórhallur er semsagt ekki eins alvarlegur í veruleikanum eins og hann er á skjánum?

ÞÓRA: Ég ætla nú rétt að vona að menn haldi það ekki um Þórhall, því ef maður sýndi sama andlitið í sjónvarpi og veruleikanum væri ég alltaf með kattamat á diskunum heima.

EYRÚN: Maður þarf að setja sig í ákveðnar stellingar á skjánum en nú þegar við erum átta í þáttagerðinni mega áhorfendur búast við að sjá á okkur nýjar hliðar, þótt við höfum að leiðarljósi að viðmælandinn sé það eina sem skiptir mestu máli, en ekki við.

PÓRDÍS: Hvernig leið ykkur í fyrsta skipti á skjánum?

JÓHANNA: Þá var ég þula hjá ríkissjónvarpinu og leið ömurlega. Jarmaði því röddin titraði svo mikið af stressi. En svo venst þetta eins og annað, þótt lengi hafi verið hnútur í maganum.

EYRÚN: Mér fannst ég gríðarlega asnaleg í fyrstu þáttunum en hefur þó aldrei liðið illa fyrir framan myndavélarnar. Var strax ráðlagt að hugsa sem svo að ég væri inni í stofu með viðmælendum mínum og enginn að horfa. Það hefur dugað.

ÞÓRA: Ég var með mjög mikinn hjartslátt og þetta var ákveðinn hjalli að fara yfir. Ég var mest hissa á að geta talað í beinni útsendingu fyrir framman hóp fólks, en um leið og ég fann að ég gat það varð allt í lagi.

RAGNHILDUR STEINUNN: Auðvitað er maður alltaf svolítið stressaður fyrst, en síðan er það svo skrytið að um leið og maður byrjar að tala gleymir maður myndavélinni fljótt. Mér finnst þó alltaf jafn fánlegt að sjá sjálfa mig í sjónvarpi. Af hverju fólk lætur sig hafa það að hafa kveikt á mér, er mér ráðgáta.

PÓRDÍS: Takið þið upp eigin þætti og horfið á heima?

RAGNHILDUR STEINUNN: Já, alltaf. Það hljómar kannski sjúkt! En mér finnst það eitthvað sem maður verður að gera til að læra af mistökunum og gera betur næst.

ÞÓRA: Það er mikilvægt að geta horft á sjálfa sig án þess að fá aumingjahroll í hvert einasta skipti. Maður verður að vera sáttur við sjálfa sig en geta gagnrýnt vinnubrögðin. Því eitt er hvernig maður er, því maður breytir ekki röddinni eða andlitinu, en maður getur breytt spurningum og tækni sem maður notar. Þannig verður maður að geta greint á milli þess persónulega og faglega. Ég hef farið að grenja fyrir framan myndavélar undir þeim kringumstæðum sem mér finnst ég ekki ráða við, en sem betur fer ekki í beinni. Það er rosaleg óþægileg tilfinning að standa frammi fyrir myndavél að gera eitthvað sem manni finnst maður ekki ráða við, en um leið brjáláður sigur að geta klárað sig á endanum. Enda ætti manni aldrei að líða eins og maður ráði við allt.

RAGNHILDUR STEINUNN: Nei, einmitt. Maður gerir bara sitt besta og heldur áfram að læra meira og meira. Með því hefur maður gert allt sem í manns eigin valdi stendur.



Vilhjálmur tekur á móti gestum á kosningaskrifstofunni
Suðurlandsbraut 14. laugardag og sunnudag milli kl. 14 og 17.
Sími: 520 3700, www.vilhjalmurth.is

Verið velkomin

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson
– reynsla til forystu!

Stuðningsmenn

sætið

Afar vönduð

skovby

borðstofusett

20% afsl.

af sérpöntunum og
uppstillingum **7.-19. okt.**



Design: Per Hånsbæk Nýtt frá Skovby stækkanlegt borð f.20 manns



100x200 cm
39.4x78.7"



100x356 cm
39.4x140"



100x512 cm
39.4x201.6"



Mikið úrval - Komdu núna og gerðu frábær kaup!

skovby
Borðstofuhúsgögn

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16 / Sunnud. kl.13-16



JON ANDERSON Anderson hlakkar mikið til tónleikanna á Íslandi og lofar heimilslegri stemningu.

Frægð er bara sjónhverfing

Tónlistarmaðurinn Jon Anderson, sem er þekktastur sem söngvari hljómsveitarinnar Yes, heldur tónleika í Háskólabíói sunnudaginn 16. október. Freyr Bjarnason átti gott spjall við Jon sem hlakkar mikið til að koma hingað til lands.

Þekktasta lag hljómsveitarinnar Yes er vafalítið Owner of a Lonely Heart sem sló í gegn á níunda áratugnum. Sveitin var þó upp á sitt besta á áttunda áratugnum og var þá ein heitasta hljómsveit heimsins ásamt sveitum á borð við Pink Floyd og Led Zeppelin. Framsækið rokkið féll í kramið og enn þann dag í dag er sveitin að semja nýtt efni og fara í tónleikaferðir víðs vegar um heiminn. Alls hefur Yes selt yfir 35 milljónir platna á ferli sínum.

Jon Anderson, sem verður 61 árs nú dögum eftir tónleikana á Íslandi, hefur einnig verið iðinn við að gefa út plötur á sínum sólóferli og eru þær orðnar á annan tug talsins.

Eins og að koma inn í stofu

Anderson, sem hefur verið á tónleikaferð um Bretlandseyjar að undanförunu, segist hlakka mikið til Íslandsfararinnar. „Ég er alltaf spennatur fyrir því að spila fyrir nýja áhorfendur. Þeir hafa aldrei séð Yes og aldrei séð mig og ég mun syngja bæði Yes-lög og lög eftir mig sjálfan,“ segir Anderson með skrækri röddu sem hljómar eins og Rod Stewart á háa c-inu.

Með Anderson í för til Íslands verða einungis eiginkona hans og þrír aðrir náungar. Hann segir að á tónleikum sínum ríki mikil nálægð. „Fyrir fólk er þetta líklega eins og að koma inn í stofu til mín. Ég spjalla við áhorfendur um allt milli himins og jarðar og segi þeim hvernig tónlistin mín verður til. Svo reyni ég bara að skemmta mér í leiðinni,“ segir hann. „Ég spila á midi-gítar, píanó og klassískan gítar. Síðan er ég líka með video-sýningu sem hefur komið vel út. Þetta er allt saman mjög einfalt hjá mér.“

Við eigum öll sama Guðinn

Aðspurður segist Anderson vera að semja nýtt efni um þessar mundir. „Já, ég er að semja fyrir nýtt verkefni. Ég kláraði nokkur lög áður en ég fór og þegar ég kem heim reyni ég að ljúka við plötuna. Ég reyni að koma henni út fyrir september á næsta ári. Þarna verður sama tónlist og á DVD-disknum mínum sem var að koma út, auk fimm laga sem ég mun taka á tónleikunum.“

Anderson segir að textar nýju laganna séu nokkurs konar afturhvarf til sólóplötu sinnar Olias of Sun Hillow frá árinu 1976. „Sú plata fjallaði um upphaf heimsins og ríki álfanna. Það hefur verið skrifað mikið um þetta málefni og þetta er nokkuð sem ég hef alltaf haft áhuga á.“

Hann vill ekki meina að trúmál séu honum ofarlega í huga þegar kemur að textagerð. „Stundum finnst mér trú flækjast fyrir andlegri upphafningu. Hún flækist líka fyrir ást okkar á Guði því við eigum öll sama Guðinn eins og þú veist. Það er samt aldrei talað mikið um þessa

hluti. Fólk segir: „Guðinn okkar er bestur,“ en það er bara ekki satt. Ég syng mikið um þetta og reyni þá að nota myndlíkingar í textunum mínum.“

Hættulegt að standa í sömu sporunum

Anderson byrjaði fyrir 42 árum að starfa sem tónlistarmaður í heimalandi sínu Englandi. Hann fór á atvinnuleysisbætur og fékk fjögur pund á viku fyrir að gera ekkert og vera í hljómsveit á sama tíma. Þegar hann var níu ára var hann í sinni fyrstu hljómsveit þar sem hann spilaði á þvottabretti. „Þegar ég var átján ára árið 1963 gekk ég til liðs við sveit bróður míns sem hét The Warriors. Það er orðið ansi langt síðan, áður en þú fæddist. Það er ótrúlegt að hugsa til þess.“

Anderson viðurkennir að þetta hafi verið frábær tími. „Þetta verður bara betra og betra með hverjum deginum. Ég er mjög þakklátur fyrir þessa velgengni sem ég átti að fagna. Ég er líka ennþá að sækja áfram í tónlistinni, sem mér finnst nauðsynlegt að gera. Allir listamenn, hvort sem það eru leikarar, tónlistarmenn eða aðrir, verða að skora á sjálfa sig. Það er hættulegt að standa alltaf í sömu sporunum. Það myndi ekki ganga upp í mínu tilfelli. Ég vil alltaf prófa eitthvað nýtt og stundum gengur það frábærlega en stundum ekki.“

Fyndnasta tónleikaferð í heimi

Anderson segir að Vangelis sé eftirminnilegasti tónlistarmaðurinn sem hann hefur unnið með í gegnum tíðina, eftirminnilegri en kappar á borð við John Paul Jones úr Led Zeppelin og Mike Oldfield. „Hann var frábær. Við hittumst og unnum fjórar plötur. Þetta var mjög skemmtileg reynsla og ánægjuleg. Við sömdu um þrjú til fjögur lög á hverjum degi og tókum upp í leiðinni og það var bara alls ekkert erfitt,“ segir hann.

Varðandi velgengnina í kjölfar lagsins Owner of a Lonely Heart segist Anderson hafa notað ákveðna aðferð til að halda sér á jörðinni. „Fyrstu vikuna sem ég var á tónleikaferð sá ég myndina Spinal Tap og auðvitað eftir það varð þetta fyndnasta tónleikaferð í heiminum. Þetta var flóttaleiðin mín. Ég hélt ég væri í Spinal Tap og mér fannst þetta mjög fyndið allt saman. Ég tók ekkert alvarlega, hvað þá frægðina. Frægð er bara sjónhverfing, hún er ekki raunveruleg.“

Áhrifavalda Anderson þegar hann var að byrja í tónlistinni voru af mörgum toga. Nefnir hann Bítlana fyrst en bætir síðan við nöfnum á borð við Buddy Holly, Little Richard, Ninu Simone, Frank Zappa og Igor Stravinsky. Einnig nefnir hann ýmsa símfóníutónlist. „Ég er að reyna að búa til símfóníu en hún hljómar ekkert sérstaklega vel enn sem komið er. Kannski verður hún tilbúin þegar ég verð 77 ára eða áttræður. Ég læt þig vita.“

Þar með var komið að leiðarlökum í spjalli okkar og eftir að hafa rætt lítillga um enska boltann, þar á meðal upphaldslið hans Manchester United, kvöddumst við og lögðum á eftir ágætis samtali.

Við opnum í Breiðholti!

STUÐNINGSMENN GÍSLA MARTEINS OPNA KOSNINGASKRIFSTOFU Í HÓLAGARÐI Í DAG, LAUGARDAGINN 7. OKTÓBER, KL. 14:00.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna

Það verður skemmtileg dagskrá sem hefst kl. 14:00 í kosningaskrifstofunni í Hólagarði.

Stebbi & Eyvi Nylon


Boðið verður upp á kaffi og með því. Andlitsmálning og glaðningur fyrir krakkana.

Allir velkomnir.



Kosningaskrifstofa Gísla Marteins í Aðalstræti er opin alla virka daga frá kl. 17 til 21 og 12 til 17 um helgar. Sími skrifstofunnar er 517 5017.

www.gislimarteinn.is



METSÖLULISTINN

AÐALLISTINN - ALLAR BÆKUR

- 1 SUDOKU - BÓK 1**
GIDEON GREENSPAN
- 2 FORÐIST OKKUR**
HUGLEIKUR DAGSSON
- 3 STRAUMHVÖRF**
ÞÓR SIGFÚSSON
- 4 SKOTGRAFARAVEGUR**
KILJA - KARI HOTAKAINEN
- 5 Í GUÐRÚNARHÚSI**
ÝMSIR HÖFUNÐAR
- 6 MÓÐIR Í HJÁVERKUM**
KILJA - ALLISON PEARSON
- 7 DA VINCI MYNDSKREYTT**
DAN BROWN
- 8 DANSÐ VIÐ ENGIÐ - KILJA**
ÁKE EDWARSON
- 9 FRÍDLAND - KILJA**
LIZA MARKLUND
- 10 ENGLAR OG DJÓFLAR**
DAN BROWN

BARNABÆKUR

- 1 KALLI OG SÆLGÆTISGERÐIN**
ROALD DAHL
- 2 VÖLUSPÁ**
KRISTÍN RAGNA GUNNARSDÓTTIR OG ÞÓRARINN ELDJÁRN
- 3 ÆVINTÝRI Á MEÐAN**
RODDY DOYLE
- 4 ÚRVALSÆVINTÝRI H.C. ANDERSEN**
H.C. ANDERSEN
- 5 MOLDVARPAN SEM VILDI VITA...**
WERNER HOLZWARTH
- 6 LÆRUM AÐ TEIKNA ÆVINTÝRIN...**
PHILIPPE LEGENDRE
- 7 RISAEÐLUTÍMINN**
INGIBJÖRG BRIEM
- 8 EMIL Í KATTHOLTI - ALLAR ...**
ASTRID LINDGREN
- 9 LITLI BJÖRN LÆRIR AÐ SYNDA**
NELE MOOST
- 10 HVER DAGUR MEÐ ÞÉR ...**
NELE MOOST

Listinn er gerður út frá sölu dagana 28.09.05 - 04.10.05 í Bókabúðum Máls og menningar, Eymundsson og Pennanum.

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800



Opið laugardaga: 11:00 - 16:00

ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00



Borðstofuborð (180x100) og sex stólar án sessu		Skenkur (180cm)	
Verð áður: 112.200,-	Verð nú: 89.760,-	Verð áður: 85.000,-	Verð nú: 68.000,-
Sessa per stk. kr. 1.500,-		Spegill (140x90) kr. 19.900,-	

Mango
falleg handunnin húsgögn tilboð

allt
tilboð

Alla föstudaga



Heyrst hefur ...

... að Valsmenn ætli sér að fylla skarð Baldurs Aðalsteinssonar hið fyrsta og hafa Hliðarendamenn vist sett skotmarkið á Viktor Bjarka Arnarsson sem fór á kostum með Fylki í sumar og yrði góður valkostur á vænginn í stað Baldurs. Nú er bara spurning hvort Víkingur vill selja?

sport
sport@frettabladid.is

BALDUR INGIMAR AÐALSTEINSSON: HEFUR HUG Á ÞVÍ AÐ REYNA SIG ERLENDIS

Búinn að segja upp samningi við Val

Baldur Ingimar Aðalsteinsson, sem leikið hefur með Val undanfarnin tvö ár, sagði í gær upp samningi sínum Val en í honum var uppsagnarákvæði sem Baldur ákvað að nýta sér. Eftir góða frammistöðu með Val á hægri vængnum í sumar er líklegt að erlend lið falið eftir kröftum Baldurs. „Ég var alltaf ákveðinn í því að nýta mér þetta ákvæði þar sem það eykur möguleikann á því að ég fái tækifæri til þess að reyna mig erlendis. Ég hef metnað til þess að ná enn lengra í fótboltanum og mér finnst þetta vera ágætis tímarpunktur til þess að skoða þá möguleika sem í boði eru. En ef ég kemst ekki að erlendis þá er Valur auðvitað fyrsti kostur hjá mér.“

Eftir að hafa komið upp úr 1. deildinni stóðu Valsmenn sig framar vonum og

voru í öðru sæti í Landsbankadeildinni og urðu síðan bikarmeistarar með því að vinna Fram 1-0 á Laugardalsvelli, með marki frá Baldri Ingimari.

Unnar Steinn Bjarnal, framkvæmdastjóri Vals, segir vera einlægan vilja stjórnarinnar til þess að halda Baldri Ingimari hjá félaginu, ásamt öllum öðrum leikmönnum sem voru lykilmenn liðsins í sumar. „Vonandi verður Baldur áfram liðsmaður Vals. Hann hefur staðið sig virkilega vel síðan hann

kom til félagsins og var einn af okkar bestu leikmönnum í sumar. Það er mikill hugur í okkur Valsmönnum og vonandi tekst okkur að halda bestu leikmönnum okkar áfram.“

Stjórn Vals vinnur nú að því að ganga frá leikmannamálum hjá félaginu en það er mikill hugur í stjórnarmönnum Vals sem vilja halda Hliðarendafélaginu í fremstu röð.



> **Við hrósum ...**



... framherjanum Hannesi Þorsteini Sigurðssyni sem átti stórleik gegn Pólverjum í gær og sýndi að hann hefði fyrir löngu átt að hafa fengið almennilegt tækifæri með íslenska A-landsliðinu.

> **Við furðum okkur á því ...**

... að hinn rússneski dómari leiks Póllands og Íslands hafi verið að taka myndir af leikmönnum Póllands rétt fyrir leik. Það er skítalýkt af málinu eins og einhver myndi segja.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

5 6 7 8 9 10 11

Laugardagur

LEIKIR

- 14.00 **ÍBV** og **Víkingur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 14.15 **FH** og **Valur** mætast í Kaplakrika í Hafnarfirði í DHL-deild kvenna.
- 16.15 **Grótta** og **KA/Pórmætast** í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 16.15 **ÍBV** og **FH** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.15 **Stjarnan** og **Víkingur/Fjölnir** mætast í DHL-deild karla.
- 16.15 **Valur** tekur á móti **Sjundeia IF** í Evrópukeppninni í handbolta.

LEIKIR

- 11.00 **A1 heimsbikarinn í kappakstri** á Sýn.
- 11.40 **Formúla 1** á RÚV.
- 11.55 **A1 heimsbikarinn í kappakstri** á Sýn.
- 14.40 **HM í knattspyrnu** á Sýn. Leikur Englands og Austurríkis sýndur beint.
- 16.05 **EM í handbolta** á RÚV.
- 17.00 **HM í knattspyrnu** á Sýn. Leikur Dana og Grikkja sýndur beint.
- 20.00 **HM í knattspyrnu** á Sýn. Leikur Svisslendinga og Frakka sýndur beint.

Værukærir varnarmenn í Varsjá

Varnarleikur íslenska fótboltalandsliðsins varð því enn einu sinni að falli gegn Pólverjum í Varsjá í gær. Pólland vann, 3-2, í ágætum leik þar sem margir nýir leikmenn fengu tækifæri.

FÓTBOLTI Það vantaði fjölmarga lykilmenn í íslenska landsliðið í gær og því kjörði tækifæri fyrir aðra til að sanna sig. Sumir nýttu það tækifæri ágætlega en aðrir miður vel. Pólska liðið er að gera frábæra hluti í undankeppni HM og það er enginn skömm að því að tapa naumlega fyrir þessu liði. Leikur íslenska liðsins gekk upp að mörgu leyti en eins og venjulega varð ómurlegur varnarleikur liðinu að falli.

Leikurinn byrjaði vel fyrir íslenska liðið og það nýtti sér vel hversu kærulausir varnarmenn Póllands voru í upphafi leiksins. Kristján Örn Sigurðsson kom Íslandi yfir á 15. mínútu eftir að vinstri bakvörður pólska liðsins hafði nánast lagt sig. Tíu mínútum síðar var komið að íslensku vörninni að leggja sig og Krzynowek var ekki í vandræðum með að leggja boltann í netið.

Íslenska liðið neitaði að gefast upp og Hannes Sigurðsson skoraði sitt fyrsta landsliðsmark á 38. mínútu með glæsilegu skoti utan teigs. Ísland leiddi í leikhléi en Pólverjar jöfnuðu leikinn með ódýru marki á 57. mínútu. Þá var brotið á Indriða Sigurðssyni í teignum og fyrir vikið fékk Basczynski nægan tíma til að leggja boltann fyrir sig í teignum

og skora. 25 mínútum fyrir leikslök kom síðan náðarhöggið. Þá ætlaði Indriði að spila Smolarek rangstæðan en Auðun Helgason spilaði hann réttstæðan og eftirleikurinn var auðveldur. Ákaflega klaufalegt og enn eina ferðina hafði íslenska landsliðið fengið á sig þrjú mörk.

Það jákvæðasta við leik íslenska liðsins var frammistaða Hannesar Sigurðssonar sem skoraði gott mark, hélt boltanum vel og skilaði honum einnig vel frá sér. Hann sýndi og sannaði í leiknum að hann á skilið fleiri tækifæri með A-liðinu en frammistaða Heiðars Helgusonar í síðustu leikjum hefur ekki verðskuldað sæti í byrjunarliðinu.

Lélegur dómari

„Ég var ekki sáttur við dóm-gæsluna. Eftir að við komumst yfir eitt núll jöfnuðu þeir með ólöglegu marki þegar Indriða var haldið. Dómararnir sáu þetta og ég skil ekki af hverju ekki var dæmt,“ sagði Ásgeir sem hefur ekki góða reynslu af russneskum dómurum.

„Við vitum að við vorum að spila við mjög sterkt pólskt lið og auðvitað var svekkjandi að tapa leiknum. Hins vegar tel ég að strákarnir eigi hrós skilið. Tek



ALLTAF FYRIR NEÐAN Þessi mynd er táknræn fyrir leikinn í gær enda lúta hér þrjú varnarmenn íslenska liðsins - Indriði Sigurðsson, Auðun Helgason og Sölvi Geir Ottesen - í lægra haldi fyrir tveim Pólverjum.

dæmi menn eins og Sölva Geir Ottesen sem var að leika sinn fyrsta leik ég var mjög ánægður með hann. Einnig var ég ánægður með Hannes (Sigurðsson) sem var að leika sinn fyrsta heila leik í

langan tíma. Nú er það leikurinn gegn Svíum. Fyrir þann leik fáum við Heiðar Helguson en hins vegar er alveg óvíst með Gunnar Heiðar og Auðun en hann fékk slæmt högg á hnéið.“ - hbg. - hjó

VEISTU UM FLOTTAN SPORTBÍL?

Kvartmíluklúbburinn og Toyo Tires auglýsa eftir sportbílum fyrir sportbílasyningu sem haldin verður að Tangarhöfða 8 - 12, dagana **21. - 23. október.**



TOYO TIRES

Nánari upplýsingar á www.kvartmila.is eða í síma 555 3150.



HVER BYRJAR INNI Á? Rio Ferdinand og Sol Campbell taka á því með David Beckham á æfingu enska landsliðsins í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sven-Göran Eriksson fyrir leik Englands í dag:

Tími hefnda kominn

FÓTBOLTI Enska landsliðið í knattspyrnu tekur í dag á móti því austurríska í undankeppni HM 2006. Leikurinn er sá fyrsti hjá landsliði Englands síðan það tapaði heldur óvænt fyrir Norður-Írum í Belfast í síðasta mánuði. Leikurinn skiptir miklu máli fyrir Englendinga, sem heyja harða baráttu við Pólverja um toppsæti riðilsins, en þessi lið mætast í næstu viku í lokaumferð riðilsins.

Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englands, segir að sínir menn hafi ekki efni á öðru eins klúðri og gegn Norður-Írum. „Ég hef talað mikið við leikmennina í vikunni og tel ég það hafa verið nauðsynlegt. Ég býst við miklu af þeim og ég er viss um að þeir standi fyrir sínu,“ sagði

Eriksson, sem sagði tíma hefnda kominn.

Wayne Rooney er í leikbanni og búist er við að Peter Crouch, leikmaður Liverpool, taki stöðu hans við hlið Michael Owen í framlínunni. Þá hefur mikið verið rætt um endurkomu Sol Campbell í enska landsliðið og er talið líklegast að Rio Ferdinand þurfi að bíta í það súra epli að sitja á bekknum í þetta skiptið. Yrði það í fyrsta skipti í fjögur ár sem það yrði tilfellið en Eriksson hefur haldið mikilli tryggð við Ferdinand, þrátt fyrir átta mánaða langt bann hans um árið. En landsliðsþjálfari var þögull sem gröfin um liðsuppstillinguna og kemur það ekki í ljós fyrir en rétt fyrir leik hvað verður. - esá



SIGURÐUR EGGERTSSON Sigurður hefur leikið vel með Valsliðinu það sem af er tímabili og á örugglega eftir að láta mikið að sér kveða í dag.

Þarf að klára verkefnið

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, á von á virkilega erfiðum leik í dag þegar Valur mætir Sjundeá.

HANDBOLTI Valur mætir í dag Sjundeá IF öðru sinni í Evrópukeppninni í handbolta en Valur vann fyrri leikinn með sex marka mun, 33-27, í Finnlandi. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, á von á erfiðum leik, þar sem fyrri leikurinn var jafnari en lokatölurnar gefa til kynna.

„Við höfðum undirtökin í fyrri leiknum lengst af en náðum ekki að hrista Finnana af okkur fyrr en undir lokin, en við unnum síðustu fimm mínúturnar með fimm mörkum gegn einu. Þó við höfum unnið fyrri leikinn með sex marka mun er ekki þar með sagt að við séum komnir áfram. Það þarf að klára þetta verkefni og það þurfa allir að vera einbeittir allan leikinn og tilbúnir til þess að leggja sitt af mörkum.“

Óskar segir það veikja finnska

liðið töluvert að vera ekki með neina eiginlega hægri skyttu. „Það er slæmt fyrir Finnana að þurfa að spila með hornamann í skyttuhlutverkinu og það myndast veikleikar í sóknarleik þeirra út frá því.“

En annars finnst mér við vera með betri markverði og það skiptir auðvitað miklu máli. Bæði Hlynur Jóhannesson og Pálmar Pétursson hafa verið að verja vel í leikjum okkar til þessa. En það eru margir sterkir leikmenn hjá þessu liði sem mega alls ekki fá tíma til þess að ná góðum skotum að markinu þannig að varnarleikurinn verður að vera góður. Það er tilhlökkun í mannskapnum og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að tryggja Val áframhaldandi þátttöku í Evrópukeppninni.“ magnush@frettabladid.is

Pitstop opnar á Íslandi



Í heimi akstursíþrótta merkir pitstop örstutt pása. Ökumaðurinn fær tækifæri til að anda á meðan billinn er yfirfarinn og skipt er um dekk.

Nú hefur verið opnuð glæsileg Pitstop dekkjaverslun og þjónustustöð að Dugguvogi 10 í Reykjavík þar sem farið er eftir sömu formúlu. Viðskiptavinirnir njóta hvíldarinnar á Pitstop Café, glugga í blöðin eða athuga tölvupóstinn og leyfa

krökkunum að dunda sér í leikhorninu.

Við sjáum um bílinn á meðan. Eftir furðuskamman tíma eru bill og eigandi til í næsta hring.

Starfsfólk Pitstop er traustur og samhentur hópur með mikla sérþekkingu og reynslu.

Hjá Pitstop fer saman góð þjónusta, frábær vara og mjög gott verð.

Frábær opnunartilboð



pitstop

Dugguvogi 10 • 104 Reykjavík

568 2020



GÓÐ ÞJÓNUSTA – GÓÐ VARA – GOTT VERÐ

Ný verslun í Hamraborg 1-3

MUSIK & MYNDIR

DVD myndir 1699

<p>Olsen bræður - Songs 1499</p>		<p>Kim Larsen - 11 titlar 1499</p>		<p>Metallica - Cunning stunts Tvöfaldir DVD 1499</p>			
<p>Maradona - DVD 1699</p>	<p>Maradona - DVD 1699</p>	<p>Maradona - DVD 1699</p>	<p>Maradona - DVD 1699</p>	<p>Maradona - DVD 1699</p>	<p>Maradona - DVD 1699</p>	<p>Maradona - DVD 1699</p>	<p>The history of World Cup 1699</p>
<p>Batistuta - DVD 1699</p>	<p>Pele - DVD 1699</p>	<p>Ronaldo - DVD 1699</p>	<p>Tiger Woods - DVD 1699</p>	<p>Íþróttarisar - DVD 1699</p>	<p>History of Snooker - DVD 1699</p>	<p>History of Football - DVD 1699</p>	<p>History of Golf - DVD 1699</p>

Geisladiskar

<p>Swiss - Pain 'n' Musiq 1799</p>	<p>Very best of Snoop Dogg 1799</p>	<p>Usher - My megamix 1799</p>	<p>Notorious B.I.G. - Tupac 1799</p>	<p>Sissel Kirkjebo - Soria Moria 999</p>
--	---	------------------------------------	--	--



MUSIK & MYNDIR

Hamraborg 1-3 - 200 Kópavogur
Sími 555 7601 - www.music.is

www.icelandexpress.is



CHELSEA VEISLA

LAUGARDAGINN 8. OKTÓBER FRÁ KL. 16–19, GRAND HÓTEL

- Iceland Express og Chelsea klúbburinn á Íslandi blása til Chelsea veislu sem haldin verður á Grand Hótel, laugardaginn 8. október milli kl. 16 og 19.
- Fulltrúar frá Chelsea-fótboltaklúbbum mæta til landsins og kynna liðið og Chelsea-hótelinu.
- Allir velkomnir og í boði verða veitingar, leikir og ýmsar gjafir fyrir börnin, t.d. húfur, treflar ofl.
- England – Austurríki verður sýndur í beinni á staðnum.

HEIÐURSGESTUR
Kerry Dixon, fyrrverandi leikmaður Chelsea og næstmarkahæsti leikmaður í sögu liðsins mætir á svæðið kl. 17. Dixon er einn aðalsérfræðingurinn á ChelseaTV og mun halda erindi um enska boltann. Fjölmíðlar hafa fjallað mikið um þann bolta sem leikinn er á Englandi í dag og mun Dixon meðal annars ræða þessa hluti og opna sömuleiðis fyrir umræður og svara spurningum. Allir fótboltaáhugamenn eru hvattir til að mæta.

SAMEINIÐ ÁSTRÍÐUNA OG FERÐALAGIÐ MED ICELAND EXPRESS

- **Fótbolti** www.icelandexpress.is/fotbolti

Við skiljum að fótbolti er ekki bara áhugamál þitt heldur brennheit ástríða. Þess vegna býður Iceland Express verð á boltaferðum sem aldrei hefur sést áður á Íslandi ... bara fyrir þig!



Ferðapjónusta Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600



TÓLF MÖRK Sólveig Lára Kjærsted, maður leiksins í gær, skorar hér eitt af tólf mörkum sínum í leiknum.

Dýrmæt heimadómgæsla

Norska dómaraþarið spilaði stórt hlutverk í annars slökum leik Stjörnunnar og tyrkneska liðsins Anadolu University. Stjarnan vann, 39–34.

HANDBOLTI Stjörnuástúlkur léku sinn fyrsta leik í Askorendakeppni Evrópu er þær tóku á móti tyrkneska liðinu Anadolu University. Bæði lið hafa eflaust rennt blint í sjóinn hvað varðar styrkleika andstæðingsins en af frammistöðu liðanna að dæma í gær var sá munur ekki sjáanlega mikill. Þess í stað geta Stjörnuástúlkur þakkað norsku dómaraþari fyrir sigurinn. Liðin mætast aftur á sama stað á sunnudag og taldist þessi leikur heimaleikur Stjörnunnar.

Eins og úrslit leiksins gefa til kynna voru varnarleikur og markvarsla ekki hátt skrifuð í leiknum.

Það var helst að Jelena Jovanovic varði nokkrum sinnum vel síðasta korter leiksins en annars eiga áhorfendur að venjast mun betri frammistöðu af hennar hálfu. Liðin skiptust á að vera í forystu og leiddu gestirnir í hálfleik með einu marki, 19–18.

Begar átta mínútur voru til leiksloka leiddi Stjarnan með tveimur mörkum og gerði þá Harpa Sif Eyjólfsdóttir sig seka um afar gróft brott er hún hindraði leikmann tyrkneska liðsins í uppstökki með þeim afleiðingum að hún lenti afar illa. Hún hefði átt að fá krossinn – án nokkurs vafa – en fékk þess í stað aðeins

rautt spjald. Nokkrum mínútum síðar gerðist sams konar atvik hinum megin á vellinum nema að nú reyndi tyrkneski varnarmaðurinn að leika vörn í stað þess að stofna heilsu andstæðingsins í hættu. Hún fékk engu að síður rautt. Óskiljanlegur dómur.

Stjörnuástúlkur gengu á lagjö og juku forskotið síðustu mínúturnar. Sá munur gæti reynst dýrmætur þegar upp verður staðið en hafa ber í huga að tyrknesku leikmennirnir eru nú reynslunni ríkari og munu sjálfsgat gera harða atlgö að sex marka sigri á sunnudag.

erikurst@frettabladid.is

Aganefnd KSÍ dæmdi sjö leikmenn 2. flokks Víkings í keppnisbann:

Í bann fyrir að ráðast á dómara

FÓTBOLTI Aganefnd KSÍ dæmdi í gær Vilmond Sveinsson, leikmann í 2. flokki Víkings, í rétt tæplega tíu mánaða keppnisbann fyrir að leggja hendur á dómara í leik gegn KA 17. september síðastliðinn. Auk þessa voru sex aðrir leikmenn dæmdir í leikbann af aganefndinni, fimm voru dæmdir í tveggja leikja bann og einn í þriggja leikja bann. Alls fengu sjö leikmenn Víkings rautt í leiknum. Auk þess var knattspyrnuudeild Víkings sektuð um 25.000 kr. Þetta er einhver þungsta refsing sem aganefnd KSÍ hefur kveðið upp hjá einu og sama liðinu.

Víkingur og KA leik til úrslita um sæti í B-deild Íslandsmótsins. KA vann fyrri leikinn á Akureyri 3-0 en Víkingur vann seinni leikinn í Reykjavík 2-0 og KA-menn komust því áfram. Eftir leikinn gerðu leikmenn Víkings aðsúg að dómaraþar sem þeim fannst mjög hallað á sig í dómgæslunni en dómarrinn dæmdi til að mynda tvö mörk af Víkingi. Sá sem fékk þungstu refsinguna hjá aganefnd KSÍ var í reynd dæmdur fyrir líkamsárás. Dómarrinn gaf fimm af sjö rauðum spjöldum eftir að leiknum lauk. KSÍ tilnefndi dómarrann á leikinn.

Víkingum þykir þessi uppákomu miður en segjast aldrei hafa orðið vitni að annari eins dómgæslu.

„Ég tel þetta vel sloppið miðað við hvað dómarrinn gefur þessu skelfilega lýsingu í skýrslu sinni. Við verðum að kyngja þessu eins og hverjum öðru hundsbiti. Það er ekkert sem afsakar þetta en dómgæslan var skrautleg. Það versta er að tveir leikmenn sem fengu rautt komu ekki nálægt þessari uppákomu í leiklok.“ sagði Kristján Jónsson, þjálfari 2. flokks Víkings, við Fréttablaðið.

þg



SKOT AÐ MARKI Heimir Óm Amason Fylkismaður tekur skot að marki Aftureldingar en þeir Aleks Kuzmins og Einar Hrafn Arnarsson eru til varnar.

Þrír leikir í DHL-deild karla fóru fram í gærkvöldi:

Selfoss vann góðan sigur á HK

HANDBOLTI Þrír leikir fóru fram í DHL-deild karla í gærkvöldi. Jafntefli var niðurstaðan í tveimur þeirra, leikjum Fylkis og Aftureldingar annars vegar og Børs og ÍR hins vegar. En óvæntustu úrslit kvöldsins voru klárlega á Selfossi þar sem heimamenn unnu fráberan sigur á HK, 32–29.

„Sjálfsagt teljast þetta óvænt úrslit en allt undirbúningstímabil-

ið höfum við verið að einbeita okkur að því að byggja upp sjálfstraust og baráttu.“ sagði Sebastian Alexandersson, þjálfari Selfoss, eftir leikinn. „Við bætum okkur á hverjum degi og er aðalatriðið að hafa gaman af þessu.“ HK-ingar leiddu í hálfleik með þremur mörkum en Selfyssingar hættu aldrei og uppskárú ríkulega í lokin.

esá

Fyrsta heimatap Notts County

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson horfði upp á sína menn tapa fyrsta heimaleik Notts County síðan í apríl síðastliðnum er liðið tapaði fyrir Boston United, 2–1. Leikurinn var zesilegur, fyrsta markið kom eftir aðeins 25 sekúndur og sjálfsmark á tíundu mínútu

þýddi að heimamenn voru tveimur mörkum undir. Tveir gestanna fengu að líta rauða spjaldið á síðustu mínútum leiksins og tókst lærisveinum Guðjóns þá að klóra í bakkann. Notts County er nú í tíunda sæti með átján stig eftir þrettán leiki.

esá

LEIKIR GÆRDAGSINS

Askorendakeppni Evrópu:
STJARNAN-ANADOLU UNIVERSITY 39–34
Mörk Stjörnunnar: Sólveig Kjærsted 12, Jóna M. Ragnard. 8/1, Kristín Clausen 6, Rakel Dögg Bragad. 5/2, Elzbieta Kowal 3, Hind Hannesd. 3, Elisabet Gunnarsd. 1, Harpa Eyjólfsd. 1.
Varin skot: Jelena Jovanovic 17/1.

DHL-deild karla:

FYLKIR-AFTURELDING 26–26
Mörk Fylkis: Arnar Agnarsson 7, Heimir Amason 6, Ingólfur Axelsson 5, Eymar Kruger 4, Ásbjörn Stefánss. 2, Arnar Seðjars. 1, Guðlaugur Arnarss. 1.
Mörk Aftureldingar: Einar H. Arnarsson 9, Aleks Kuzmins 4, Viad Troufan 3, Hilmar Stefánsson 3, Einar Ingi Hrafnsson 2, Hrafn Ingvarsson 2, Haukur Sigurvinsson 2, Magnús Einarsson 1.
ÞÓR AK-ÍR 33–33
Mörk Þórs: Rúnar Sigtrygsson 8, Arnar Þór Gunnarsson 6, Aigars Lazdins 6, Heiðar Þór Adalsteinsson 4, Elfar Allredsson 4, Brendan Þorvaldsson 3, Alfi Ingólfsson 1, Sindri Víðarss. 1.
Mörk ÍR: Ólafur Sigurjónsson 9, Ragnar Helgason 6, Andri Már Númasson 6, Hafsteinn Ingason 5, Björgvin Hólmgeirsson 3, Trygvi Haraldsson 2, Ísleifur Sigurðsson 1, Leifur Jóhannesson 1.
SELFOS-ÍR 33–29
Mörk Selfoss: Ramunas Mikalonis 7, Ivar Grétarsson 7, Vladimir Duric 6, Hörður Bjarnason 4, Einar Jónsson 3, Gylfi Agústsson 3, Almar Ólafsson 2, Karl Larsen 1.
Varin skot: Sebastian Alexandersson 20/2.
Mörk HK: Elías Már Halldórsson 7, Valdimar Þórrson 7, Gunnar S. Jónsson 3, Jón H. Gunnarsson 3, Remigius Cepulis 3, Ólafur Ragnarsson 2, Ivan Jovanovic 2, Brynjar Valsteinsson 1, Hákon Bríde 1.
Varin skot: Hörður Flóki Ólafsson 18.

SS-bikarkeppni karla:

HK 2-FRAM 20–32
LEIFTRI-FH ELLTAN 23–29

Tilboð

32" LCD sjónvarp

Ódýrasta 32" LCD tækid á Íslandi



10.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
131.988
STADGREITT

JDV

- JDV 32" LCD flatsjónvarp**
- Upplausn 1366 X 768
 - Mynd í Mynd (PIP)
 - Contrast 800:1 • Birta 550cd/m2
 - HD samhæft - styður 1080i/720p/576p/480p
 - Textavarp - 120 síðna minni
 - Magnari og hátalarar 2x 7W RMS SRS
 - Tengir: 2 Scart / RGB / S-VHS / Component
 - DVI / PC-ingangur / Tengir fyrir heyrnatól
 - Fjarstýring

Miklir tengimöguleikar
2 SCART tengi, S-Video tengi og DVI tölvutengi sem gerir þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu

Meiri myndgæði
Mikil birta og skerpa ásamt HDTV stuðningi gerir tækid tilbúið fyrir framtíðina.



Plasmatilboð

Skerpa 10.000:1



14.999
Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI VAXTALAUST
239.984
STADGREITT

MEDION

- 42" PLASMASJÓNVARP**
- Mynd í Mynd (PIP)
 - Tveir sjónvarpsmóttakarar
 - 10.000:1 skerpa • birta 1000cd/m2
 - Textavarp með 2100 síðna minni
 - HDTV stuðningur, 720p, 1080i
 - HDCP stuðningur
 - Innbyggðir víðáttu hátalarar
 - Styður PAL/NTSC/SECAM
 - DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
 - 2 EURO SCART tengi
 - Composite video tengi (RCA)
 - S-Video tengi (MINI DIN)
 - Þyngd án stands: 38kg • Þyngd með standi: 42kg

SONY

- DAV-SB100
- Magnari 5x50W RMS
 - Bassahátalari 80W RMS
 - Útvarp FM/AM RDS
 - Fjölkerfa
 - Spilar SVCD/DVD-R/DVD-RW/JPEG/MP-3
 - Dolby Digital, DTS og PLII
 - Scart/RGB tengi

Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár



MEDION SONOMA

Öflugt skjákort
Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spilun í nýjustu leikjunum

Ný Intel tækni - Sonoma
Hraðari gagnabrotur, meiri stuðugleiki ásamt mun öflugri skjástýringu.

Sjónvarpskort og fjarstýring
Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp beint úr tölvunni, taka upp efni til geymslu eða til að setja á DVD.

Útskiptanleg skjástýring
Nú er hægt að skipta um skjástýringu í fartölvunni. Hentar vel fyrir þá sem gera kröfur um hraða og vilja uppfæra fartölvuna þegar nýjar skjástýringar koma á markaðinn.

DV Ready
Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndsköpun af stafrænni tökuvel og klippa til.

- MEDION C7 SONOMA**
- Intel® Centrino™ mobile tækni
 - Pentium® M 1.73 GHz örgjörvi (740)
 - 15.4" WXGA skjár (1280x800)
 - Nvidia GeForce Go 6200 skjástýring
 - Sjónvarpskort og fjarstýring
 - 1 GB DDR2 minni
 - 80 GB diskur
